

12

**PLEBBALEGT AÐ BIRTA TEKJUR Í TVEIMUR BLÖÐUM**
Fjölmiðlamaðurinn Þorsteinn J. Vilhjálmsson og Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður og varaformaður Samfylkingarinnar, sitja á rökstólum.

ALLA SUNNUDAGA
RE/MAX Fasteignablað
www.remax.is - öflugur fasteignavefur

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. ágúst 2007 — 216. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

## SUNNUDAGUR



### Fjölskylduveisla í Fríkirkjunni

Garðar Thor og Tinna Lind gengu í það heilaga um síðustu helgi.
FÓLK 30



### Tískusprengja frá Íslandi

Ofurhönnuðurinn Steinunn Sigurd slær í gegn á dönsku tískuvikunni og sýnir næst í New York.
HELGIN 18



### Afreiddu 600 manns

Súpa Svanhildar og Loga Bergmanns sló í gegn á Dalvík.
FÓLK 22



### Valsstúlkur áfram

Valur tryggði sér í gær sæti í milliriðli í Evrópukeppni félagsliða eftir glæsilegan sigur á KÍ frá Færeyjum.
ÍÞRÓTTIR 24

## VEÐRIÐ Í DAG




**NORÐLÆGAR ÁTTIR** Úrkoma norðan- og austanlands, en þurrt syðra.
VEÐUR 4



**FJÖLMENN GLEÐIGANGA** Talið er að rúmlega 50.000 manns hafi komið saman í miðborg Reykjavíkur í gærdag til að taka þátt í Gleðigöngu samkynhneigðra. Gleðigangan er hápunktur Hinsegin daga sem lýkur í dag. Um þrjátíu atriði voru sýnd í göngunni að þessu sinni, en hún var hin glæsilegasta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Segja valtað yfir stofnfjáreigendur

**Sparisjóði Skagafjarðar er stýrt með einkahagsmuni stjórnenda að leiðarljósi, segja stofnfjáreigendur. Framboðslisti til stjórnar sjóðsins var úrskurðaður ólöglegur vegna hagsmunatengsla stjórnarmanna við önnur fjármálafyrirtæki.**

**VIÐSKIPTI** Stofnfjáreigendur í Sparisjóði Skagafjarðar segja valdhafa sjóðsins hafa stýrt honum með eigin hagsmuni og fyrirtækja tengdum þeim að leiðarljósi, en ekki hagsmuni sjóðsins.

Framboðslisti til stjórnar Sparisjóðs Skagafjarðar var úrskurðaður ólöglegur af stjórn sparisjóðsins á dögunum, meðal annars vegna hagsmunatengsla Sigurjóns Rúnars Rafnssonar, aðstoðarkaupfélagsstjóra Kaupfélags Skagfirðinga, og Gísla Kjartanssonar, sparisjóðsstjóra í Borgarnesi, við önnur fjármálafyrirtæki.

Gísli Árnason, stofnfjáreigandi í Sparisjóði Skagafjarðar, segir í yfirlýsingu að Sigurjón Rúnar og Gísli Kjartansson hafi farið með völdin í Sparisjóði Skagafjarðar undanfarin ár, og hafi hagrætt stofnfjárhlutum þannig að þeir, ásamt einstaklingum og fyrirtækjum sem tengjast þeim, fari með meirihluta atkvæða í sjóðnum. Þeir hafi hindrað eflingu sjóðsins með því að koma í veg fyrir stofnfjáraukningu undanfarin ár.

Í apríl síðastliðnum var tilkynnt að stjórnir Sparisjóðs Skagafjarðar og Sparisjóðs Siglufjarðar hefðu undirritað áætlun um samruna sjóðanna tveggja. Hann á að ganga í gegn á morgun. Sprottið hafa upp miklar deilur um samruna sparisjóðanna, og hefur Fjármálaeftirlitinu meðal annars verið sent erindi vegna hans.

Bjarni Jónsson, fulltrúi Fræðaveitunnar ehf., sem er stofnfjáreigandi í Sparisjóði Skagafjarðar, segir að stjórnin hafi komið í veg fyrir stofnfjáraukningu Sparisjóðs Skagafjarðar undanfarin ár, þrátt fyrir vilja Skagfirðinga til þess.

„Það er verið að valta yfir venjulegt fólk sem á ekki að venjast svona yfirgangi og bolabrögðum," segir hann. „Þarna á að keyra samrunann í gegn með hagsmuni annarra fjármálastofnana að leiðarljósi."

Hvorki náðist í Sigurjón Rafn né Gísla Kjartansson við vinnslu fréttarinnar.
- sþs

Golfari í Vesturbænum:

## Svaf með golfsettið í fanginu

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu var kölluð að Hótel Sögu aðfaranótt laugardags. Þegar lögregluna bar að garði svaf maður með golfsett í fanginu á grasbletti í nágrenni við hótelið.

Maðurinn gat hvorki sagt lögreglu deili á sér né hvar hann ætti heima. Var því ekkert annað í stöðunni fyrir lögregluna en að leyfa manninum að sofa úr sér í fangageymslu.
- þeb




Opið í dag
á Dalvegi 4. Kópavogi
frá klukkan 11 - 17.
GALLERÍ KJÖT
Fiskisaga



## SPURNING DAGSINS



*Grímur, ætlið þið að leggjast í bólvíking í Ástarvikunni?*

„Þetta er allt jafnt og þétt í Bolungarvík árið um kring, en Ástarvikan er ágæt leið til að hjálpa fólki annars staðar á landinu til að gleyma slöku gengi alls sem byrjar á KR.“

Fjórða Ástarvikan í Bolungarvík hófst í dag, en henni er ætlað að fjölga Bolvíkingum. Grímur Atlason er bæjarstjóri.

Demókratar í forsetaslagnum svara spurningum um samkynhneigð:

# Stranda öll á hjónabandinu

**BANDARÍKIN, AP** Sex af bandarísku demókrötunum átta, sem keppa um að verða forsetaefni Demókrataflokksins í kosningunum á næsta ári, sátu á fimmtudagskvöldið fyrir svörum í sjónvarpi um afstöðu sína til samkynhneigðar. Öll sögðust þau vera eindregnir stuðningsmenn réttinda samkynhneigðra, en ekkert þeirra fór þó svo langt að segjast styðja það að samkynhneigðir geti gengið í hjónaband með sama hætti og annað fólk. Þau sögðust telja að borgaralega staðfest samvist ætti að nægja.

„Ef borgaraleg samvist væri fullgild og nyti almennrar viðurkenningar,“ sagði Barack Obama, „þá tel ég að við hefðum náð gríðarlegum framförum.“ Obama er þó ekki kominn jafn langt og kirkjudeildin sem hann tilheyrir, því hún viðurkennir hjónabönd samkynhneigðra.



**HILLARY CLINTON** Fyrrverandi forsetafrú þurfti að svara fyrir frammistöðu eiginmanns síns í málefnum samkynhneigðra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Frambjóðendurnir sátu fyrir svörum einn í einu, og spurningarnar sem fram komu voru af mörgu tagi. Til dæmis þurfti John Edwards að útskýra hvernig sér liði í návist samkynhneigðra, og sagði sér bara líða vel. Bill Richardson átti í nokkrum vandræðum með að svara því hvers vegna fólk yrði samkynhneigt. Og Hillary Clinton þurfti að verja eiginmann sinn, Bill Clinton, fyrrverandi forseta, og frammistöðu hans í málefnum samkynhneigðra.

„Við náðum vissulega ekki að gera jafn mikið og ég hefði viljað,“ sagði hún. „En við reyndum mikið og af fullri einlægni.“ - gb

Árekstur fólksbíls og bifhjóls:

# Kastaðist af bifhjóli á framrúðu bíls

**LÖGREGLUMÁL Sextán ára gömul stúlka slasaðist lítillega í umferðarslysi í gærkvöld. Stúlkan var farþegi á bifhjóli sem fólksbíll ók aftan á. Bifhjólið var kyrrstætt á mótum Miklubrautar og Háaleitisbrautar þegar óhappið varð.**

**Stúlkan kastaðist af hjólinu á framrúðu bílsins. Hún var flutt á slysadeild en meiðsli hennar eru ekki talin alvarleg. Ökumaður bílsins var einn á ferð en hvorki hann né ökumann bifhjólsins sakaði. Bæði farartækin voru þó óökuhæf eftir slysið.** - þeb



**ÓFORMLEGUR FORSETI** George Bush býður frönskum starfsbróður sínum upp á hamborgara og pylsur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsetar hittast:

# Fá hamborgara og pylsur

**BANDARÍKIN George W. Bush Bandaríkjaforseti og Nicolas Sarkozy, forseti Frakklands, áttu óformlegan fund á heimili Bush-fjölskyldunnar í Maine.**

**Sarkozy hefur gefið út að hann leggi mikið upp úr góðum samskiptum við Bandaríkjamenn, og ákvað því að gera hlé á sumarfríi sínu í Bandaríkjunum og heilsa upp á starfsbróður sinn. Nokkur kuldi hefur ríkt í samskiptum ríkjanna tveggja eftir að Frakkar neituðu að styðja innrásina í Írak.**

**Talsmenn Bandaríkjaforseta hafa lagt mikla áherslu á að um óformlegan fund sé að ræða, og hafa gefið upp að á matseðlinum verði hamborgarar og pylsur á ameríska vísu.** - jsk

## VERALDARVEFUR

### Heilbrigðiseftirlitið hakkað

Tyrkneskir tölvuþrjótar létu til skarar skríða á nýjan leik í gær og brutust inn á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Austurlands. Þegar farið var inn á síðuna haust.is blakti þar tyrkneski þjóðfáninn á svörtum grunni og hljómaði þjóðleg tónlist undir.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ölvaður maður ók á staur

Ölvaður ökumaður missti stjórn á bíl sínum og hafnaði á ljósastaur í Hafnargötu í Reykjanesbæ skömmu eftir miðnætti aðfaranótt fimmtudags. Bíllinn var fjarlægður af vettvangi með kranabíl og ökumaðurinn var látinn sofa úr sér vímuna í fangageymslu.

# Milljarðalóðir losna þegar HB Grandi fer

**Lóðir HB Granda í Reykjavík verða með bestu íbúðalóðum við sjávarsíðuna á landinu, ákveði stjórn Faxaflóahafna að útgerð hverfi af svæðinu. Forstjóri Granda segir ekkert ákveðið með afdrif lóðanna. Bæjarstjóri Akraness fagnar.**

**FASTEIGNIR** Þegar starfsemi HB Granda flytur upp á Akranes losna afar verðmætar lóðir við Reykjavíkurhöfn. Óvíst er hvað verður um þær, en ákvörðun um hvers konar starfsemi verður á svæðinu er í höndum stjórnar Faxaflóahafna.

Jón Grétar Jónsson, framkvæmdastjóri fasteignasölunnar Húsakaup, segir að ef ákveðið verði að fiskvinnslu og útgerð verði hætt á þessum stað verði lóðirnar með bestu íbúðalóðum við sjóinn á landinu.

„Þetta fer allt eftir því hvað menn vilja gera,“ segir hann. „Ef starfsemin verður þarna áfram vill enginn byggja íbúðarhúsnæði í næsta nágrenni, en ef hún fer verða þessar lóðir gríðarlega vinsælar fyrir íbúðarhús við sjóinn. Eins og er virðist ekki endilega vera vilji fyrir því að fiskframleiðslan fari af svæðinu.“

HB Grandi á fiskiðjuver og fiskimjölsverksmiðju á lóðum við Reykjavíkurhöfn. Lóð fyrirtækisins við Norðurgarð er um 8.500 fermetrar samkvæmt upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins, en flatarmál lóðarinnar þar sem fiskimjölsverksmiðjan stendur lá ekki fyrir í gær.

Í ársreikningi HB Granda árið 2006 segir að fasteignamat fiskiðjuversins sé rúmar sjö hundruð milljónir, og fiskimjölsverksmiðjan var metin á tæplega hálfan milljarð. Bókfært virði þeirra var þó töluvert lægra, samtals um hálfur milljarður króna.

Eggert B. Guðmundsson, forstjóri HB Granda, segir ekkert hafa verið ákveðið með afdrif lóðanna eftir að fyrirtækið flytur sig um set. Aðspurður hvers vegna bókfært virði bygginga og lóða HB Granda við Reykjavíkurhöfn sé mun lægra en fasteignamat segir Eggert að slíkt sé ekki óalgengt í ársreikningum, bókfært virði sé upprunalegt virði að frádregnum afskriftum.

Um 120 manns starfa hjá HB Granda í Reykjavík. Fram hefur komið að ekki muni koma til fjöldauppsagna á næstu tveimur árum, en ekki sé víst að jafn mörg störf verði í boði þegar fiskvinnslan tekur til starfa á Akranesi.



**HÖFUÐSTÖÐVARNAR** Sameignarfyrirtækið Faxaflóahafnir á lóðirnar sem HB Grandi nýtir við Reykjavíkurhöfn, en leigir fyrirtækinu þær. Kvaðir um hvers konar starfsemi er á svæðinu fylgja leigusamningnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### HÁÐ VELVILJA REYKJAVÍKURBORGAR

„Akurnesingar fagna því að starfsemi HB Granda verði flutt hingað upp á Skaga,“ segir Gísli Einarsson, bæjarstjóri Akraness. „Við vonum að af þessum flutningi verði, en afstaða Faxaflóahafna skiptir þar miklu máli.“

Eins og fram kom í fréttum í gær hefur stjórn HB Granda farið fram á að uppbyggingu Faxaflóahafna á Akranesi verði flýtt svo félagið geti reist þar fiskvinnsluhús. Gísli segir bæinn háðan velvilja Reykjavíkurborgar í þessu máli, en hún á þrjá fjórðu hluta Faxaflóahafna.

„Hér er mikill uppgangur í atvinnulífi og við höfum rými fyrir meira fólk. Við í bæjarstjórninni munum beita okkur fyrir því eins og við getum að af þessu verði,“ segir hann.

Bæjaryfirvöld í Ölfusi:

# Biðja Geir um stórskipahöfn

**SAMGÖNGUMÁL** „Stórskipahöfn í Þorlákshöfn gæti þjónað öllu Suðurlandi, og jafnvel stærra svæði,“ segir Ólafur Áki Ragnarsson, bæjarstjóri Ölfuss. Bæjaryfirvöld hafa sent Geir H. Haarde forsætisráðherra bréf þar sem skorað er á ríkisstjórnina að láta gera stórskipahöfn í Þorlákshöfn og hætta við framkvæmd Bakkafjöruhafnar. Hönnun hafnarinnar á Bakka er þegar hafin og gert er ráð fyrir því að hún verði tilbúin til notkunar seint á árinu 2010. Einnig er ráðgert að taka í notkun nýjan Herjólf. Ólafur segir gáfulegra að kaupa hraðskreiðari ferju sem færi á milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja. - þeb

Fiskidagurinn mikli á Dalvík:

# Aldrei fleiri á Fiskideginum

**DALVÍK Talið er að rúmlega 35.000 manns hafi lagt leið sína á Fiskidaginn mikla á Dalvík í gær. Dagurinn var haldinn hátíðlegur í sjöunda sinn og hafa aldrei fleiri tekið þátt í honum. „Þetta hefur verið ótrúlegt síðustu tvo daga,“ segir Júlíus Júlíusson, framkvæmdastjóri Fiskidagsins mikla.**

**„Það stendur upp úr að vita það að svona margir geti verið í sátt og samlyndi, hér er fólk alls staðar. Það hafa allir gengið vel um og skemmt sér saman.“ Júlíus segir að ræst hafi úr veðrinu þrátt fyrir slæmar spár. „Það var þvílík blíða á meðan á dagskránni stóð, svo rigndi aðeins seinni partinn.**

**Skipulögð dagskrá var frá klukkan ellefu til klukkan fimm í gærdag. Deginum lauk svo með bryggjusöng og flugeldasýningu rétt fyrir miðnætti.**

**Að sögn lögreglu gekk hátíðin að mestu leyti vel fyrir sig. Einn maður gisti fangageymslur vegna líkamsárásar sem átti sér stað aðfaranótt föstudags.** - þeb

Reykjavík 871±2
Landnámssýningin
The Settlement Exhibition

Lífið á landnámsöld

Aðalstræti 16
101 Reykjavík
www.reykjavik871.is
Sýningin er opin
alla daga frá 10–17
Minjasafn Reykjavíkur

Íslenska stuttmyndin Bræðrabylta gerir það gott í Melbourne:

# Komin í forval fyrir Óskarinn

**FÓLK** Stuttmyndin Bræðrabylta eftir Grím Hákonarson hlaut verðlaun fyrir bestu leiknu stuttmyndina á Kvikmyndahátíðinni í Melbourne sem lauk nú um helgina. Verðlaunin veita myndinni þátttökurétt í forvali til Óskarsverðlauna.

Í stuttmyndinni leika Halldór Gylfason og Björn Ingi Hilmarsson bændur í afskekktri sveit. Þeir eiga í leynilegu ástarsambandi og sinna því í gegnum íslensku glímuna.

„Þetta er auðvitað mjög skemmtilegt. Melbourne IFF er stærsta hátíðin á þessu svæði veit ég, og verðlaunin eru mjög góð,“ sagði Grímur þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær. Hann er staddur í Sarajevó þessa dagana, en myndin verður sýnd á kvikmyndahátíð þar á næstunni.

Hátíðin í Melbourne var sú fyrsta sem myndin er sýnd á en hún var einnig sýnd á kvikmyndahátíðinni í Locarno í síðustu viku. „Þetta var fyrsta hátíðin af nokkrum og þetta er mjög góð byrjun, að myndin sé strax komin í forvalið fyrir Óskarsverðlaunin.“ - þeb



**BRÆÐRABYLTA** Grímur Hákonarson, Halldór Gylfason og Björn Ingi Hilmarsson við tökur á myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



ÞÉR ER BOÐIÐ Í AFMÆLIÐ MITT Á MORGUN!
KRINGLAN ER AÐ VERÐA 20 ÁRA OG AF ÞVÍ TILEFNI VERÐUR STANSLAUS AFMÆLISVEISLA ALLA VIKUNA.
OPIÐ TIL 20 Á MORGUN
AFMÆLISTILBOÐ • GOTT Í GOGGINN • BLÖÐRUR • TRÚÐAR OG ÆVINTÝRAPERSÓNUR
LEIKTÆKI • DANS • LIFANDI TÓNLIST • SKOPPA OG SKRÍTLA • FJÖLLISTAFÓLK • ANDLITSMÁLUN
Kringlan

## GENGIÐ 10.08.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 65,70 | 66,02 |
| Sterlingspund | 132,64 | 133,28 |
| Evra | 89,78 | 90,28 |
| Dönsk króna | 12,061 | 12,131 |
| Norsk króna | 11,245 | 11,311 |
| Sænsk króna | 9,670 | 9,726 |
| Japanskt jen | 0,557 | 0,5602 |
| SDR | 100,52 | 101,12 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
121,8356

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna fjallaði um málefni Íraks á fimmtudag:

# Samþykkir aukið starf í Írak

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP** Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti einróma á fimmtudag að efla starfsemi Sameinuðu þjóðanna í Írak.

Ályktun Öryggisráðsins heimilar starfsfólki Sameinuðu þjóðanna að leggja sitt af mörkum til að sætta andstæða hópa í Írak og afla stuðnings frá nágrannaríkjum, auk þess að vinna að mannúðaraðstoð.

„Sameinuðu þjóðirnar hlakka til að eiga náið samstarf með ráðamönnum og almenningi í Írak til að kanna hvernig við getum veitt aukna aðstoð í samræmi við þessa ályktun,“ sagði Ban Ki-Moon,



**BAN KI-MOON** Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna er ánægður með ályktun Öryggisráðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna að loknum fundi.

Búist er við því að starfsfólki Sameinuðu þjóðanna í Írak verði fjölgað úr 65 í 95 á næstu mánuðum, en þó er óljóst hvað úr því verður vegna þess að starfsmannafélag Sameinuðu þjóðanna hefur skorað á Sameinuðu þjóðirnar að kalla allt starfsfólk sitt frá Írak vegna þess hve hættan þar er mikil.

Öryggismál starfsmanna SÞ í Írak hafa lengi verið mjög viðkvæmt mál. Kofi Annan kallaði allt starfsfólkið heim frá Írak í október 2003 eftir að tvær sprengingar urðu í höfuðstöðum SÞ í Bagdad. Í ágúst 2004 heimilaði Annan að 35 starfsmenn færu aftur til Íraks, en fjöldi starfsmanna þar hefur síðan verið í lágmarki af öryggisástæðum. - gb

Rússneskar herþotur:

# Flugu í æfingaflug til Guam

**RÚSSLAND, AP** Rússneskar sprengjuflugvélar hafa flogið til Kyrrahafseyjunnar Guam, þar sem bandarísk herstöð er starfrækt. Þetta er í fyrsta sinn sem rússneskar flugvélar fljúga þangað síðan í kalda stríðinu, en þetta var gert í æfingaskyni, að sögn flughersins.

„Í hvert sinn sem við sáum bandarískar þotur á leiðinni þá heilsuðum við þeim,“ sagði hershöfðingi hjá flughernum. Rússar flugu reglulega til Guam í kalda stríðinu, en þaðan hefðu þeir sent kjarnorkusprengjur ef til kjarnorkustríðs hefði komið. - sgj

Hraunbergsmálið:

# Fórnarlambið ekki yfirheyrt

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla vinnur enn að rannsókn á máli mannsins sem fannst stórslasaður í Hraunbergi í Breiðholti fyrir viku. Lögreglan gerir ekki ráð fyrir að hægt verði að yfirheyra manninn á næstunni vegna ástands hans, og beinist rannsóknin því að öðru.

Margeir Sveinsson hjá rannsóknardeild umferðarmála segir að rætt hafi verið við fjölda fólks vegna málsins og að lögregla sjái fyrir enda rannsóknarinnar að einhverju leyti. Fjórir menn voru yfirheyrðir í byrjun viku grunaðir um að hafa ekið manninn niður, en síðan sleppt. Bíllinn var tekinn til frekari rannsóknar. - sh



**STÓR** Grjótið olli skemmdum á malbiki og vegriði. MYND / GUÐMUNDUR PÁLL JÓNSSON

Stærðar steinn féll úr Óshlíð:

# Risahnullungur skemmdi vegrið

**LÖGREGLUFRÉTTIR** Stærðarinnar grjóthnullungur, líklega fjögur til fimm tonn að þyngd, féll á veginn undir Óshlíð milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur aðfaranótt föstudags. Að sögn varðstjóra lögreglunnar á Vestfjörðum var mikil mildi að enginn skyldi hafa átt leið um veginn þegar hrunið varð.

Auk hnullungsins stóra féllu tveir minni steinar einnig á veginn. Vegurinn var hreinsaður og var grjótinu ýtt fram af vegbrúninni og út í sjó.

Talsverðar skemmdir urðu á malbiki og vegriði. Töluvert hefur rignt undanfarið sem getur skýrt grjóthrunið. - sh

# Fjölmenn Gleðiganga

**Talið er að á bilinu 50 til 60 þúsund manns hafi tekið þátt í Gleðigöngu samkynhneigðra í miðborg Reykjavíkur í gærdag. Hátíðarhöldin fóru vel fram.**

**FÓLK** Hinsegin dagar náðu hámarki í gær með Gleðigöngunni. Talið er að á bilinu 50 til 60 þúsund manns hafi tekið þátt í hátíðarhöldunum.

„Þetta fór allt saman vel fram og engan skugga bar á,“ segir Arnar Rúnar Marteinsson, aðalvarðstjóri hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Mörgum götum í miðborginni var lokað vegna göngunnar en Arnar segir umferðina hafa gengið nokkuð vel fyrir sig. „Það var gott veður og fólkið vel upplagt þannig að allt gekk vel.“

Gleðigangan var fyrst haldin í Reykjavík árið 2000 og mættu um fimmtán þúsund manns í þá göngu. Gangan í ár var líklega sú fjölmennasta hingað til. Um þrjátíu atriði voru sýnd í göngunni að þessu sinni, þar á meðal mörg tónlistar- og dansatriði. Einnig tóku þátt ýmsir hópar samkynhneigðra og stuðningsmanna þeirra. Þá var athygli vakin á mannréttindabrotum gegn samkynhneigðum víðsvegar um heiminn. Að göngunni lokinni var skemmtidagskrá á Arnarhóli fram eftir degi. Hinsegin dögum lýkur í dag.

thorunn@frettabladid.is

**LÍF OG FJÖR** Fjölmörg atriði voru á dagskrá í miðborg Reykjavíkur í gær. Búningar voru margir hverjir skrautlegir. Myndirnar tala sínu máli. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI











Þríburar í Austurríki:

# Kona átti eineggja þríbura

**AUSTURRÍKI** Bresk kona fæddi eineggja þríbura á sjúkrahúsi í borginni Feldkirch í Austurríki á mánudaginn. Líkurnar á að fæða þríbura sem eru eineggja eru einn á móti 200 milljónum að sögn sjúkrahúsyfirvalda sem greindu frá fæðingunni í gær.

Þríburarnir eru stúlkur og heita Amy, Kim og Zoe og voru teknar með keisaraskurði fyrir tímann.

Þríburarnir, sem voru getnir eftir náttúrulegum leiðum án nokkurs konar frjósemismeðferðar, vógu hver 1.500 grömm og mældust fjörutíu sentímetrar að lengd við fæðingu.

Móðirin er bresk kona sem býr í vesturhluta Austurríkis. Fram kom að börnunum heilsaðist vel en væru undir eftirliti á gjörgæsludeild sjúkrahússins. - sdg

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Sendiferðabíll brann

Eldur kviknaði í sendiferðabíl við Urriðakvísl í Ártúnsholti rétt fyrir klukkan tíu á fimmtudagsmorgun. Bíllinn var kyrrstæður og mannlaus þegar eldurinn blossaði upp. Eldsupptök eru ókunn en bíllinn er talinn ónýtur.

### Stakk sér í grynnri endann

Sundmaður um þrítugt meiddist á höfði í Breiðholtslaug á fimmtudagskvöld. Hann virðist hafa ruglast á sundlaugarendum, því hann stakk sér á bólakaf í grynnri endann og rak höfuðið í botninn. Hann fékk skurð á ennið og stóra kúlu og var fluttur á slysadeild. Hann slapp lítið meiddur.

### Hjálmleysingi lenti í slysi

Flytja þurfti hjólreiðamann til aðhlynningar á slysadeild eftir að hann hjólaði utan í bíl á ferð við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Háaleitisbrautar á fimmtudagskvöld. Maðurinn var ekki með hjálm og segir varðstjóri lögreglu að hann hafi sloppið ótrúlega vel miðað við það. Þó þurfti að sauma saman nokkra skurði.




## VEÐURSPÁ



Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

**Áframhaldandi norðlægar áttir:** Í dag verður áfram bjartviðri sunnan- og suðvestanlands, en súld eða rigning fyrir norðan. Norðanáttin ætlar að verða þrautseig, og seinna í vikunni kólnar nokkuð í kjölfar hennar. Vindurinn verður örlítið meiri á landinu í dag en hann var í gær. Hiti á bilinu 10-15 stig, hlýjast suðvestanlands.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Norðlægur vindur 3-8 m/s og hiti 12-16 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Norðaustan 5-10 m/s

*» þriðjudagur*




Norðaustlæg átt, 5-10 m/s

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 23°C skúrir | London | 24°C léttskýjað | Eindhoven | 25°C skýjað |
| Billund | 21°C rigning | París | 25°C léttskýjað | Basel | 24°C skúrir |
| Osló | 19°C rigning | Frankfurt | 24°C skúrir | Alicante | 31°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 12°C skúrir | Friedrichshafen | 21°C skýjað | Róm | 27°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 23°C rigning | Berlín | 23°C skýjað | Las Palmas | 24°C heiðskýrt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



LATABÆJARHLAUPIÐ
SKRÁNING HAFIN
Nú er skráning hafin í Latabæjarhlaupið sem verður haldið 18. ágúst fyrir framan Háskóla Íslands. Hlaupið er 1 km að lengd og sérstaklega ætlað börnum 9 ára og yngri.
Þátttökugjald í Latabæjarhlaupinu rennur óskipt til UNICEF – Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna.
Nánari upplýsingar og skráning á www.glitnir.is.
Allir sigra 18. ágúst!
unicef
REYKJAVÍKUR MARAÞON GLITNIS
18. ÁGÚST 2007
Háskóli Íslands
Skothúsvegur
Bjarkargata
Sæmundargata
BYRJUN
MARK
Hringbraut
HLAUPALEIÐ
GLITNIR

## KJÖRKASSINN



*Ert þú ánægð(ur) með að Alfreð Gíslason ætli að þjálfa handknattleikslandsliðið áfram?*

| | |
|---|---|
| Já | 93,7% |
| Nei | 6,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Tókst þú þátt í gleðigöngu samkynhneigðra?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Byrgismálið verður ekki sent Ríkissaksóknara fyrr en í september:

# Sumarfrí tefur rannsókn Byrgismáls

**LÖGREGLUMÁL** Sýslumannsembættið á Selfossi mun ekki senda kynferðisbrotahluta Byrgismálsins til Ríkissaksóknara fyrr en í september. Þetta staðfestir Þorgrímur Óli Sigurðsson, yfirmaður rannsóknardeildar lögreglunnar á Selfossi.



**GUÐMUNDUR JÓNSSON**

Ólafur Helgi Kjartansson sýslumaður hafði áður sagt að til stæði að ljúka rannsókn um mánaðamótin síðustu. Að sögn Þorgríms reyndist örðugt að fá fólk í skýrslutöku, sem tafði rannsóknina, og að endingu hafi eini maðurinn sem að málinu vann farið í sitt lögbundna sumarfrí. Hann mun snúa aftur í september og ljúka málinu þá.



**BYRGIÐ** Átta konur kærðu Guðmund í Byrginu fyrir að eiga í kynferðissambandi við þær á meðan þær voru skjólstæðingar hans.

Sýslumannsembættið skilaði málinu til Ríkissaksóknara eftir fimm mánaða rannsókn í vor en málinu var vísað aftur til sýslumanns í lok maí til frekari rannsóknar.

Átta konur, sem allar höfðu verið vistmenn Byrgisins, kærðu Guðmund Jónsson, fyrrverandi forstöðumann, fyrir að hafa nýtt sér bágindi þeirra og aðstöðu sína til að eiga við þær kynferðissamband. Þá hefur saksóknari efnahagsbrota hjá Ríkislögreglustjóra til meðferðar svarta skýrslu Ríkisendurskoðunar sem gefur til kynna stórfellda óráðsíu í fjármálum Byrgisins. **- sh**

Sendiráð Indlands á Íslandi:

# Indverski fíllinn hreyfist hægt

**INDLAND** „Indverski fíllinn hreyfist mjög hægt, en hann kemst sínar leiðir," segir Elías Gunnarsson, ræðismaður Indlands á Íslandi. Ríkisstjórn Indlands hefur nú samþykkt að stofna sendiráð á Íslandi og vonast til að af því verði á þessu fjárhagsári. Dasmuni upplýsingaráðherra tilkynnti þetta að loknum ríkisstjórnarfundi á fimmtudag.

Elías segir stofnun sendiráðs hafa verið í bígerð allt frá því að íslenskt sendiráð var opnað í Nýju-Delí. Á fundi fyrir skömmu lagði svo forsætisráðherra Indlands blessun sína yfir sendiráðið. **- kóþ**


Sumarferð Samfylkingarinnar

Laugardaginn 1. september

Fjölbreytt skemmtiferð í Húnaþing fyrir alla fjölskylduna. Rútuferðir á Hvammstanga frá Reykjavík og Akureyri.

Miðasala 20. og 21. ágúst á skrifstofu Samfylkingarinnar, Hallveigarstíg 1. Miðapantanir til 22. ágúst í síma 414 2200 og á samfylking@samfylking.is.



Golfmót Samfylkingarinnar

Hvaleyrarvelli, fimmtudaginn 30. ágúst

Leikið verður eftir Texas Scramble og er þátttökugjald 3.000 kr. Ræst verður kl. 13:00. Tilkynna skal þátttöku á netfangið gerda@samfylking.is eða í síma 414 2200 fyrir 29. ágúst.

Nánari upplýsingar um sumarferðina og golfmótið er að finna á heimasíðu Samfylkingarinnar, www.samfylking.is.

Allir með! Samfylkingin


# Segir yfirlögregluþjón teppa flest bílastæðin

**Íbúi á Sauðárkróki segir bílaleigu teppa nær öll stæði við íbúð hans með bílum. Bílaleigan er rekin af yfirlögregluþjóni og konu hans. Hann rak bílaleiguna áður úr lögreglustöðinni, en það var stöðvað. Skipt verður um rekstraraðila bílaleigunnar.**

**SAUÐÁRKRÓKUR** Íbúar við Sæmundargötu 5 á Sauðárkróki eru óánægðir með að útibú Bílaleigu Akureyrar, sem er rekin úr húsinu, teppi fimm af sjö bílastæðum fyrir framan húsið. Yfirlögregluþjónn bæjarins og konan hans reka bílasöluna, en hún var áður rekin úr lögreglustöðinni.

Jóhanna Sturludóttir, sem á tvær íbúðir í húsinu, segist hafa misst leigjanda vegna bílastæðaskortsins. Hún hafi kvartað við Sísí Steindórsdóttur, sem rekur bílasöluna, en hafi fengið þau svör að hún yrði að leita til lögreglu. Maður hennar, Björn Mikaelsson, er yfirlögregluþjónn bæjarins og rekur bílasöluna með henni.

Jóhanna segir yfirlögregluþjóninn sitja beggja megin borðs. Óeðlilegt sé að hann stundi þessi vinnu samhliða lögreglustarfi.

„Ég er búin að tala við lögfræðing um að gengið sé á okkar rétt," segir Jóhanna. „Við viljum bara fá okkar bílastæði." Hún segir forstjóra Bílaleigu Akureyrar hafa lofað að íbúar fengju stæðin, en það hafi ekki gengið eftir.



**BJÖRN MIKAELSSON**

„Maður í opinberu starfi eins og yfirlögregluþjónn á að sýna samborgurum sýnum meiri virðingu og tillitssemi en aðrir," segir Jóhanna.

Hún segist hafa beðið formlegra svara byggingafulltrúa vegna málsins síðan 10. maí. Íbúar óskuðu þess að mengandi starfsemi yrði ekki gefið starfsleyfi. Það var hunsað og fjórum dögum seinna hlaut bílaleigan starfsleyfi til ársins 2019.

Björn rak bílaleiguna áður úr lögreglustöðinni og teppti bílastæðin hjá nálægum bóksala. Tekið var fyrir það. Þá flutti hann starfsemina.

Ríkarður Másson sýslumaður staðfestir frásögn Jóhönnu. „Við getum ekki sem lögregluembætti haft afskipti af því hvernig menn nota bílastæði við húsin sín," segir Ríkarður.

Sýslumaður segir vissulega óeðlilegt að yfirlögregluþjónn sé einnig í forsvari fyrir bílaleigu. „Það hafa verið gerðar ráðstafanir í sumar til að því linni," segir Ríkarður. Hann segir aðra munu taka við bílaleigunni.

Ríkarður segir að áður hafi verið tekið fyrir að bílaleigan væri rekin út úr lögreglustöðinni. Það hafi hins vegar verið fyrir sína tíð í embætti sýslumanns.

Ekki náðist í Sísí eða Björn við gerð fréttarinnar, en þau munu vera erlendis.

**steindor@frettabladid.is**



**SÆMUNDARGATA 5** Eins og sjá má eru bílar Bílaleigu Akureyrar í flestum stæðunum. Myndin er tekin í vetur þegar ástandið var verst, að sögn Jóhönnu.

MYND/JÓHANNA STURLUDÓTTIR

Uppbygging á varnarsvæðinu:

# Leikskólinn fær nafnið Völlur

**MENNTUN** Hjallastefnan mun í ágúst opna leikskóla fyrir börn á háskólasvæði Keilis á gamla varnarsvæðinu í Reykjanesbæ. Leikskólinn hefur hlotið nafnið Völlur.

Samningur á milli Hjallastefnunnar, Reykjanesbæjar og Keilis um þetta var undirritaður á miðvikudaginn.

Ásamt leikskóla mun Hjallastefnan starfrækja grunnskóla fyrir börn á svæðinu sem sækja fyrsta til fjórða bekk. Eldri börn sækja nám sitt í aðra grunnskóla Reykjanesbæjar.

Um 700 íbúar munu flytja á varnarsvæðið um miðjan ágúst. **- aví**



**FRÁ UNDIRRITUN** Halla Sverrisdóttir, stjórnarformaður Hjallastefnunnar, Margrét Pála Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar, Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar og Runólfur Ágústsson, framkvæmdastjóri Keilis, undirrita samninginn.

Heimamenn við Þjórsá:

# Buðu ráðherra í heimsókn

**UMHVERFISMÁL** Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra þáði í vikunni boð heimamanna við Þjórsá og fór í kynnisferð með þeim upp með ánni. Þar gerðu heimamenn ráðherra grein fyrir ýmsum atriðum sem þeim þykja hafa gleymst í umræðunni um virkjanir í Þjórsá.

Þórunn skoðaði sprungusvæði í Flóa og Gnúpverjar sýndu henni svæðið sem Landsvirkjun fyrirhugar að fari undir lón.

Þórunn bætist nú í hóp Össurar Skarphéðinssonar iðnaðarráðherra og Björgvins G. Sigurðssonar viðskiptaráðherra en þau hafa öll orðið við óskum fólksins sem býr við Þjórsá um að hitta fulltrúa landeigenda, sumarhúsafólks og Sólarsamtakanna og hlýða á þeirra viðhorf. **- þo**

www.toyota.is

# Meiri þögn




## Ný Corolla er hljóðlátust í sínum flokki

Lágmarks veghljóð og loftmótstaða
Meira öryggi
Meira rými
Framúrskarandi aksturseiginleikar
Hátt endursöluverð
Enn meiri þægindi
Minni útblástur og eldsneytiseyðsla með MM skiptingu
Og allt hitt sem þú finnur þegar þú kemur og reynsluekur nýrri Corolla. Þar sem þú nýtur þín best.

Komdu og reynsluaktu nýrri Corolla
á sölustöðum Toyota um land allt.

**Verð frá 1.899.000* kr.**

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 36878 05/07

*Corolla SD Terra

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

EURO NCAP www.euroncap.com TOYOTA COROLLA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Almenningur sýnir samkynhneigðum stuðning.

# Fjöldi og fögnuður í Gleðigöngu

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Hinsegin dögum lýkur í Reykjavík í dag. Hápunktur daganna var sem fyrr Gleðigangan sem nú var gengin í áttunda sinn. Í gær var enn eitt þátttökumetið slegið þegar gangan leið niður Laugaveginn með trumbuslætti og stemningu og tugir þúsunda tóku þátt í gleðinni sem þar ríkti.

Gleðigangan í Reykjavík varð strax í upphafi stórviðburður í borgarlífinu. Á þeim árum sem liðin eru frá því að borgarbúar komu skipuleggjendunum á óvart í fyrsta sinn með gríðarlegri þátttöku hefur gangan smám saman fest í sessi sem stærsti og gleðilegasti viðburðurinn á reykvísku sumri. Ekki aðeins fjölmennisins vegna heldur einnig vegna þeirrar merkingar sem það hefur að fara niður í bæ þennan dag. Þátttaka í hátíðarhöldum Gleðigöngunnar er stuðningsyfirlýsing við réttindabaráttu samkynhneigðra og þess vegna tekur fólk þátt í þessum hátíðarhöldum af meiri tilfinningu og eldmóð en öðrum uppákomum sem haldnar eru til að gleðja borgarbúa. Að því leyti sker Gleðigangan sig úr.

*Efst í huga flestra er áreiðanlega réttur samkynhneigðra til að ganga í hjónaband eins og aðrir þegnar samfélagsins.*

Og vissulega er ástæða til að gleðjast. Margir sigrar hafa unnist í réttindamálum samkynhneigðra á umliðnum árum. Einnig má halda fram að bylting hafi orðið í viðhorfi fólks til samkynhneigðar. Sú bylting birtist raunar mjög glöggt í þeirri almennu þátttöku og gleði sem ríkti í Gleðigöngunni í gær.

Mikið vatn hefur til sjávar runnið á nokkrum áratugum. Ótrúlega stutt er síðan alger þögn ríkti um samkynhneigð, látið var eins og hún væri ekki til og margir bjuggu við þá sorg að jafnvel nánasta fjölskylda hafnaði samkynhneigðinni. Nú er öldin önnur, að minnsta kosti í langflestum tilvikum, og fjölskyldur samkynhneigðra gleðjast með börnum sínum, foreldrum og systkinum á þessum hátíðardögum.

Hinsegin dagar eru þó ekki bara dagar fögnuðar yfir unnum sigrum. Þeir eru líka baráttudagar og verða það allt þangað til fullum mannréttindum samkynhneigðra er náð.

Þar eru nokkrir áfangar eftir. Efst í huga flestra er áreiðanlega réttur samkynhneigðra til að ganga í hjónaband eins og aðrir þegnar samfélagsins með sömu valkosti í þeim efnum og aðrir, þ.e. að eiga val milli þess að vígjast borgaralega eða í kirkju. Full ástæða er til bjartsýni um það mál og í gær boðaði Kolbrún Halldórsdóttir þingmaður Vinstri grænna frumvarp til laga um hjúskaparlög sem gilda fyrir alla. Óhætt er að taka undir orð Kolbrúnar um að lög um staðfesta samvist hafi verið stór áfangi en ein hjúskaparlög fyrir alla hljóti þó að vera það sem koma skal.

Mannréttindi samkynhneigðra eru óvíða betri en hér á landi og stemningin í kringum hátíðisdaga samkynhneigðra sýnir að hugur er í fólki um að gera enn betur.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

**Þjóðhátíðarsjóður**

auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum vegna ársins 2008.

Þjóðhátíðarsjóður minnir á að frestur til að senda umsóknir um styrki úr sjóðnum vegna ársins 2008 rennur út 31. ágúst n.k.

Nánari upplýsingar veitir ritari sjóðsins í síma 569 9622 eða netfanginu: thjodhatidarsjodur@sedlabanki.is. Að öðru leyti er vísað í ítarlegri auglýsingu sem birtist í dagblöðunum 1. júlí sl., og finna má einnig m.a. á eftirfarandi vefslóð, *http://www.sedlabanki.is/?PageID=28.*

**Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Fjölmenni á Dalvík**
Hátíðarhöld voru víða um land í gær, Dalvíkingar héldu upp á Fiskidaginn sem löngu er orðinn árviss viðburður. Mikil umferð var til bæjarins á föstudagskvöld þegar gestir tóku að streyma til Dalvíkur. Heimamenn muna ekki annað eins umferðaröngþveiti eins og raunin varð í tengslum við Fiskidaginn. Meðal þeirra sem komu fellihýsi sínu fyrir á bílastæði í yfirfullum bænum var finnski sendiherrann, Kaj Granholm. Hann hefur eflaust eins og fleiri gætt sér á fiskisúpu í boði heimamanna sem eins og fyrr sló í gegn.



**Sól í Reykjavík**
Veðrið lék þó ekki við Dalvíkinga, sólin ákvað að heiðra borgarbúa með nærveru sinni. Gleðiganga samkynhneigðra fór því fram í veðurblíðu eins og hún gerist best í Reykjavík, þátttakendum og áhorfendum til mikillar ánægju. Margir þekktir einstaklingar tóku þátt í göngunni en rétt eins og í fyrra vakti þátttaka Ómars Ragnarssonar mikla athygli. Hann greindi frá því í hádegisviðtali Stöðvar tvö að þátttöka hans í göngunni í fyrra hefði verið til að sýna samkynhneigðum æskuvini sínum samstöðu.



**Dugmikil systkini**
Súðvíkingar héldu einnig sína bæjarhátíð undir heitinu Listasumar í Súðavík. Pálína Vagnsdóttir er stjórnandi hátíðarinnar en hún er ú systkinahópi sem lætur mikið að sér kveða á Vestfjörðum. Systir hennar Soffía Vagnsdóttir er formaður bæjarstjórnar Bolungarvíkur og bæjarstjóri til skamms tíma. Hrólfur Vagnsson bróðir þeirra er skólastjóri Tónlistarskólans þar á bæ.

sigridur@frettabladid.is

# Hátíðarhöld á Akureyri

Við íbúar Akureyrar erum ekki einir um þá skoðun að við búum í fallegum og skemmtilegum bæ. Um það vitnar meðal annars sá mikli fjöldi ferðamanna sem heimsækir okkur á hverju ári. Þar er um fjölbreyttan hóp að ræða. Mest er um íslenskt fjölskyldufólk í leyfi sem gjarnan dvelur nokkra daga í bænum. Annar stór hópur eru farþegar stórra erlendra skemmtiferðaskipa sem hér eiga viðkomu. Þetta fólk á það sameiginlegt að vera hingað komið til að njóta þeirrar stemningar sem hér ríkir og fjölbreyttrar afþreyingar sem hér er í boði. Það heimsækir söfn í Listagilinu, slappar af í sundlauginni, fær sér göngutúr í Lystigarðinum og skreppur á eitthvert kaffihúsa bæjarins til að fá sér kaffibolla og fylgjast með mannlífinu.

Bæjaryfirvöld hafa unnið markvisst að því undanfarin ár að efla ímynd bæjarins sem fjölskylduvæns skólabæjar. Góður árangur hefur náðst í þessari viðleitni og Akureyringar geta í dag líkt bænum við litla útgáfu af erlendum skólabæjum á borð við Lund í Svíþjóð eða Madison í Bandaríkjunum. Því miður hefur ímynd bæjarins þó verið önnur og verri eina helgi á sumri undanfarin ár. Fjölskylduhátíðir um verslunarmannahelgar hafa því miður ekki staðið undir nafni og íslensk „verslunarmannahelgarstemning“ hefur ekki aðeins haft neikvæð áhrif á lífsgæði bæjarbúa og upplifun þeirra íslensku og erlendu gesta sem hér hafa dvalið, heldur skapað neikvæða umræðu um bæjarlífið og skaðað ímynd bæjarins.

**Breytt yfirbragð í sumar**
Það er einlægur vilji meirihluta bæjarstjórnar Akureyrar að vinna með bæjarbúum að því að breyta ásýnd hátíðarhalda um verslunarmannahelgi á Akureyri frá því sem verið hefur. Það tókst um nýliðna verslunarmannahelgi.



SIGRÚN BJÖRK JAKOBSDÓTTIR

**Í DAG** | Hátíðarhöld

Hátíðin Ein með öllu sem Vinir Akureyrar stóðu fyrir, tókst með miklum ágætum að þessu sinni og hafði yfir sér mjög jákvætt yfirbragð. Slæm veðurspá og aðrir þættir orsökuðu reyndar að færri gestir sóttu Akureyri heim en undanfarin ár, en þó er talið að 6.000 gestir hafi notið fjölbreyttrar dagskrár hátíðarinnar með heimamönnum. Í fyrsta skipti í mörg ár fór gleðskapur ungmenna ekki úr böndunum á tjaldsvæðum bæjarins eftir að fjölskyldudagskrá lauk og aðstandendur hátíðarinnar mega vera stoltir af því hvernig til tókst.

Eins og kunnugt er gripu bæjaryfirvöld til þess ráðs að takmarka aðgang unglinga að tjaldsvæðum bæjarins um verslunarmannahelgina. Þessi ákvörðun var tekin í kjölfar ályktunar bæjarráðs og ákvörðunar vinnuhóps frá því í júní, um að sérstök unglingatjaldsvæði yrðu lögð af og tjaldsvæði í bænum yrðu skilgreind sem fjölskyldutjaldsvæði þessa helgi. Það var vitað að þessi ákvörðun yrði umdeild og eins og kunnugt er hafa miklar umræður spunnist um hana meðal Akureyringa og annarra undanfarna daga.

**Ill nauðsyn**
Það er ljóst að bæjaryfirvöld gripa ekki til slíkra aðgerða nema brýna nauðsyn beri til og aðrir kostir hafi verið skoðaðir í þaula. Staðreyndin er sú að þessar reglur voru illnauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir að fjölskylduskemmtun breyttist í klassíska útihátíð með „venjulegum“ fylgifiskum slíkra hátíða sem Akureyringar hafa fengið að kynnast undanfarin ár: fíkniefnaneyslu, líkamsmeiðingum og kynferðisafbrotum. Flestir sem að þessum málum hafa komið á Akureyri voru sammála um að óbreytt ástand væri ekki valkostur og að nauðsynlegt væri að grípa til einhverra aðgerða. Meðal þess sem kom fram í umræðunni var að stórefla ætti löggæslu á tjaldsvæðum bæjarins og í bænum öllum þessa helgi. Hjá bæjaryfirvöldum var ekki vilji til þess að fara þessa leið. Ástæðan var sú að ekki var talið að fjöldi einkennisklæddra lögreglumanna og víggirðingar væru vænleg leið til að stuðla að jákvæðri upplifun bæjarbúa og gesta á fjölskylduhátíð eða efla ímynd bæjarins sem fjölskylduvæns samfélags.

Í kjölfar umræðu um ráðstafanir bæjaryfirvalda á Akureyri til að tryggja frið í bænum þessa helgi er spurning hvort ekki sé kominn tími til að taka umræðuna aðeins lengra. Er kannski kominn tími til að við Íslendingar spyrjum okkur hvort það ástand sem skapast ár eftir ár á útihátíðum víðs vegar um land um verslunarmannahelgar og jafnvel fleiri helgar sumarsins sé eðlilegt og sjálfsagt? Meirihluti bæjarstjórnar Akureyrar hefur tekið af skarið fyrir sitt leyti og ákveðið að svo sé ekki. Hann er hins vegar tilbúinn til að vinna með hagsmunaaðilum að því að skipuleggja myndarlega og fjölskylduvæna hátíð í bænum að ári og til framtíðar sem allir bæjarbúar geti verið stoltir af. Akureyri er fallegur og skemmtilegur bær og það er full ástæða til að við tökum okkur saman eina helgi á ári til að njóta alls þess besta sem bærinn hefur upp á að bjóða með gestum okkar.

*Höfundur er bæjarstjóri Akureyrar.*

# Forðum menningarslysi

**UMRÆÐAN**
Sögulegar byggingar



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Það er þyngra en tárum taki að nú sé búið að samþykkja niðurrif húsanna á Laugavegi 4 og Laugavegi 6. Hagnaðar- og ábatavon einstaklinga, verktaka og lóðarhafa eru allt of oft teknar framyfir hagsmuni heildarinnar, barna framtíðarinnar og sögulegs samhengis. Við vitum það öll að andi og sál hverrar borgar liggur í sögulegum húsum og torgum, sólskinsblettum og því sem kemur auganu á óvart. Sjarmi og karakter Laugavegarins liggur í fjölbreytni og skringileik götunnar. Öllu ægir saman, húsin stór og smá, litir og ys, andlit og raddir. Í óreiðunni liggur andrúmsloftið. Laugavegurinn er okkar Strik og þess vegna kemur hann okkur öllum við. Við ættum að leitast við að auka möguleika borgarinnar á því að kaupa upp eignir af þessu tagi, gera þeim til góða og selja þær aftur. Það er hlutverk borgarinnar að varðveita og þróa borgarbraginn með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi.

Húsin við Laugaveg 4 og Laugaveg 6 eru sannarlega að niðurlotum komin og hafa ekki notið virðingar eða þeim sýndur sómi síðustu áratugi. Nánast allar breytingar á húsunum hafa verið til hins verra og er því brýnt að líta á það sem samfélagslegt verkefni að færa þau til fyrra horfs. Ásýndin verði í það minnsta í anda þessarar gömlu verslunargötu sem hefur verið slagæð gömlu Reykjavíkur um langt skeið. Þessi hús eru hluti af byggingarsögu okkar en þau eru orðin örfá eftir, húsin sem einkenndu 19. aldar Reykjavík. Borgin er nefnilega merkileg á sinn hátt og okkar hlutverk að leggja sérstaka alúð við það litla sem eftir er af gömlu bæjarmyndinni.

Rétt eins og Bernhöftstorfunni var bjargað á sínum tíma þrátt fyrir aðrar fyrirætlanir borgaryfirvalda væri hægt að bjarga anddyri Laugavegarins með því að raddir fólksins heyrist, grasrótarsamtök og almenningur láti til sín taka. Stöndum með samhenginu og sögunni!

*Höfundur er borgarfulltrúi Vinstri grænna.*

# ego dekor

BÆJARLIND 12 - S: 544 4420




## New York eikarlína -40% afsláttur

Borð 160x90
Verð áður: 45.000,-
VERÐ NÚ: 27.000,-

Borð 180x90
Verð áður: 49.000,-
VERÐ NÚ: 29.400,-

Borð 220x90
Verð áður: 64.000,-
VERÐ NÚ: 38.400,-

Bekkur
L: 160
Verð áður: 33.000,-
VERÐ NÚ: 19.800,-

Skápasamstæða
Stærð: 150x50x200
Verð áður: 178.000,-
VERÐ NÚ: 106.800,-

Borðstofuskenkur
Stærð: 200x50x95
Verð áður: 129.000,-
VERÐ NÚ: 77.400,-




Coco armstóll
Tweed áklæði,
fáanlegur í nokkrum litum
Verð áður: 19.500,-
VERÐ NÚ: 15.600,-




Boston leðurhægindastóll
Fáanlegur í svörtu og brúnu leðri
Verð áður: 56.000,-
VERÐ NÚ: 39.200,-

# Útsalan er hafin
# 20-70% afsláttur




Iona stóll
Verð áður: 13.500,-
VERÐ NÚ: 9.450,-




Bilbao leðursófasett
Fáanlegt í svörtu, brúnu og hvítu leðri

3+1+1
Verð áður: 228.000,-
-30%
VERÐ NÚ: 159.600,-

3+2
Verð áður: 212.000,-
-30%
VERÐ NÚ: 148.400,-




Richmond leðurstóll
Einnig fáanlegur m/ljósum eikarfótum
Verð áður: 15.500,-
VERÐ NÚ: 12.400,-




Metro tungusófi
Microfiber áklæði, hægt að taka áklæði af og hreinsa
Færanleg tunga
Stærð: 215cmX160cm
Verð áður: 128.000,-
VERÐ NÚ: 76.800,-




Palma leðurtungusófi
Fáanlegur í svörtu, brúnu og hvítu leðri
Stærð: 250cmX175cm
Verð áður: 195.000,-
VERÐ NÚ: 136.500,-

Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-18:00 - sun 13:00-18:00 - www.egodekor.is

**ÞORSTEINN GYLFASON PRÓFESSOR Í HEIMSPEKI HEFÐI ORÐIÐ 65 ÁRA Í DAG.**



*„Ég trúi því að engin heimspeki komist hjá því að taka ýtrasta tillit til náttúruvísindanna í kenningum sínum.“*

***Þorsteinn Gylfason var mikilsmetinn fræðimaður, skáld og þýðandi og sat í Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands um árabil. Hann lést 16. ágúst 2005.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 12. ÁGÚST 1755

## *Borað eftir heitu vatni í fyrsta sinn*



Jarðbor var fyrst notaður hér á landi 12. ágúst árið 1755. Það var í Laugardalnum í Reykjavík. Vísindamennirnir Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson, síðar landlæknir, stóðu að þeim borunum, einkum í þeim tilgangi að kanna jarðlögin á svæðunum. Þeir fengu svokallaðan jarðnafar að láni hjá Konunglega danska vísindafélaginu sem hafði verið stofnað 1742. Nafarnum er ekki nánar lýst og því er ekki ljóst um hvers konar bor var að ræða. En hann var fluttur á hestum að Laugarnesi og ekki er ólíklegt að hestafli hafi verið beitt við að snúa honum.

Fyrsta holan í Laugarnesi varð 13 og 3/4 fet (um 4,5 metrar).

Jarðlögunum sem borað var í gegnum er lýst allvel í ferðabók þeirra Eggerts og Bjarna og þykkt hvers um sig gefin upp á fjórðung úr feti. Þeir töldu að jarðhitinn ætti upptök sín í jarðlögum grunnt í jörðu, við einhvers konar gerjun, en ekki neðar „eins og almennt hefur verið haldið,“ eins og það er orðað í ferðabókinni.

Vísindalegar rannsóknir á jarðhita hófust sem sagt fyrst hér á landi um miðja 18. öld. Þó kunnu menn engar aðferðir til að nýta heita vatnið til hitunar húsa fyrr en eftir aldamótin 1900.

## MERKISATBURÐIR

1492 Kristófer Kólumbus finnur Kanaríeyjar.

1812 Sótthreinsandi efni eru notuð í skurðaðgerð í fyrsta sinn.

1972 Síðustu bandarísku landherdeildirnar yfirgefa Víetnam.

1952 Hussein ibn Talal er krýndur Jórdaníukonungur.

1957 Fyrstu stöðumælarnir á Íslandi eru teknir í notkun.

1981 IBM kynnir PC-tölvuna og PC-DOS stýrikerfið.

---



†

*Ástkær faðir okkar, sonur, bróðir og fyrrum eiginmaður og tengdasonur,*

**Birgir Árni Þorvaldsson**

lést þriðjudaginn 7. ágúst. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Logi Birgisson**
**Kjartan Birgisson**
**Viktoría Sól Birgisdóttir**
**Benjamín Árni Birgisson**
**Óðinn Guðmannsson**
**Þorvaldur Signar Aðalsteinsson** **Aðalheiður Ingólfsdóttir**
**Ingólfur Örn Eggertsson** **Kristín Örlygsdóttir**
**Þorvaldur Þorvaldsson** **Erna Jónsdóttir**
**Adrea Margrét Þorvaldsdóttir**
**Sigrún Rósa Kjartansdóttir**
**Kjartan Tryggvason**
**Sólrún Stefanía Benjamínsdóttir**

---



†

*Þökkum samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Skírnis Jónssonar**

bónda á Skarði,

er andaðist á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri mánudaginn 23. júlí.

**Hjördís Sigurbjörnsdóttir**
**Sigurbjörn Ingi Skírnisson** **Kristín Tryggvadóttir**
**Jón Bragi Skírnisson** **Sigurbjörg Helga Pétursdóttir**
**Jóhann Skírnisson** **Freydís Ágústa Halldórsdóttir**
**Bessi Skírnisson** **Eiríksína Þorsteinsdóttir**
**Hannes Trausti Skírnisson** **Katrín Eymundsdóttir**
**Skafti Skírnisson** **Kristbjörg Lilja Jóhannesdóttir**
**Sigrún Skírnisdóttir**
**Sigurlaug Skírnisdóttir** **Víðir Ársælsson**
**Guðrún Elfa Skírnisdóttir** **Kjartan Guðmundsson**
**Hjördís Sunna Skírnisdóttir** **Magnús Þór Helgason**
**Brynjólfur Gunnarsson** **Anna Birna Sæmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær bróðir,*

**Óli H. Karlsson**

(f. 1935), frá Siglufirði, Snorrabraut 32,

andaðist á líknardeild Landspítala á Landakoti laugardaginn 28. júlí. Útför hans hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir til starfsfólks á Landspítala-háskólasjúkrahúsi.

**Ragnar Karlsson**

---




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


## ATLI GÍSLASON LÖGMAÐUR: SEXTUGUR Í DAG

# Já, það er gott að eldast

Atli Gíslason bauð vinum og ættingjum í heljarinnar teiti í gær í tilefni sextugsafmælis síns sem er reyndar í dag. Hófið var haldið í Þrastalundi í Grímsnesi, þeim hlýlega stað. „Ég varð að halda upp á þetta afmæli því alþjóð var tilkynnt um það á kosninganótt í vor,“ segir Atli hlæjandi en bætir síðan við að það hafi aldrei staðið til að fara í felur með tímamótin. „Ég hélt líka upp á fimmtugsafmælið mitt og fannst það mjög skemmtilegt. Það er svo ótrúlega gaman að gleðjast með fólki. Við svona tækifæri hittir maður bæði nána vini og ættingja og líka fólk sem maður hittir ekki oft. Svo fær maður á tilfinninguna að maður sé einhverjum einhvers virði. Að einhverjum þyki vænt um mann og það er gott fyrir sálina.“

Fleira er eftirsóknarvert við afmæli að mati Atla. Til dæmis það að eldast. Hvað skyldi honum þykja gott við það? „Reynslan,“ svarar hann að bragði. „Þá gerist það að meira vinnur vit en strit. Slíkt kemur með reynslunni.“

Þegar haft er orð á að Atli hafi valið fallegan stað fyrir veisluna segir hann. „Já, Þrastalundur er yndislegur staður á öllum árstíðum. Ég á sumarbústað þarna rétt hjá og hef gengið mikið um svæðið. Þetta er feiknarlega gott skíðagöngusvæði þegar snjór er. Manni líður hálfpartinn eins og í norskum aðstæðum. Skógurinn er svo mikill enda er búin að vera ræktun þarna í gangi í 70-80 ár. Þetta var vinsæll staður á stríðsárunum. Þarna var offiserahús sem brann til grunna og nú stendur ekkert eftir nema hliðið.“

Í afmælinu var bæði andlegt og líkamlegt fóður. „Ég var með flinkan mann að stjórna fjöldasöng,“ segir Atli. „Hann heitir Jarl og er úr Eyjum. Ótrúlega öflugur. Veislustjórinn Sveinn Magnússon er Eyjamaður líka. Heiða úr Unun og maður hennar Elvar tóku nokkur lög, þau kalla sig Helvar. Stelpubandið



**„MEIRA VINNUR VIT EN STRIT OG SLÍKT KEMUR MEÐ REYNSLUNNI,“ SEGIR ATLI.**
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Vicky Pollard flutti svo pönk og rokk. Söngkonan í því er barnabarn vinafólks míns. Síðan var dansiball þar sem hljómsveitin Þjóðviljinn spilaði fyrir mig nostalgíumúsík.“

Þegar Atli bauð til veislunnar óskaði hann eftir að afmælisgjöfum yrði sleppt en samtökin Stígamót væru látin njóta tímamótanna. Hér kemur skýring á því. „Ég hef lengi verið að vinna í sambandi við kynbundið ofbeldi, vegna reynslu kvenna sem ég hef verið að reyna að aðstoða. Slíkt ofbeldi gengur svo þvert gegn réttlætiskennd minni að það hálfa væri nóg. Menn sleppa refsilaust trekk í trekk frá þessum skelfilega verknaði, sem er hreint einkalífsmorð og hefur áhrif, ekki bara á þolandann, heldur alla nánustu fjölskyldu, jafnvel börn og barnabörn, ef ekkert er að gert.

Aðstoðin sem konunum býðst er hjá Stígamótum. Þar er mikil þekking til staðar. Ég á allt af öllu og því benti ég á reikning Stígamóta eða gjafir í einhverju formi. Ég tala nú ekki um ef fleiri karlmenn færu að taka þátt í baráttunni en nú er. Það myndi gleðja mig ósegjanlega.“

gun@frettabladid.is

---



Rúnar Geirmundsson


Sigurður Rúnarsson


Elís Rúnarsson


Þorbergur Þórðarson

**Alhliða útfararþjónusta**

**Símar: 567 9110 & 893 8638**

**www.utfarir.is • runar@utfarir.is**

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990


---

# 50 ára afmæli

**Einar Þorvarðarson**

framkvæmdastjóri Handknattleikssambands Íslands, og besti landsliðsmarkvörður okkar til þessa, er fimmtugur í dag.

---



†

*Ástkær móðir mín, amma okkar og langamma,*

**Inga S. Jónsdóttir**

lést miðvikudaginn 8. ágúst á elli- og hjúkrunarheimilinu Grund. Áður til heimilis á Miklubraut 84. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Sjöfn Jóhannesdóttir**
**Inga og Íris Reynisdætur**
**Jóhannes Reynisson** **Marýna Lytvyn**
**Malena og Elísa Þórisdætur**

---



†

*Kær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þorbjörg Eyjólfsdóttir**

Hrafnistu Hafnarfirði, áður Noðurbraut 1,

lést fimmtudaginn 2. ágúst. Jarðarförin fer fram frá Víðistaðakirkju mánudaginn 13. ágúst kl. 13.00.

**Sólveig Björgvinsdóttir** **Jóhannes Páll Jónsson**
**Eyjólfur Björgvinsson** **Elsa Rúna Antonsdóttir**
**Guðfinna Björgvinsdóttir** **Sigurður Emilsson**
**barnabörnin og fjölskydur þeirra.**

# Gríptu tækifærið

# -8 kr.

## Á milli kl. 14 og 15 í dag

lækkum við verðið á
95 okt. bensíni og díselolíu
um 8 krónur á öllum Shell stöðvum.
Með þessu móti viljum við bæta
viðskiptavinum okkar fyrir þau mistök
sem urðu við verðbreytingu
laugardaginn 4. ágúst sl.

Made to move

# Ekkert grín að fíla Titanic og Fram

**Þorsteinn J. Vilhjálmsson** og **Ágúst Ólafur Ágústsson** hafa hingað til kinkað kolli kumpánlega hvor til annars á leikskólanum Dvergasteini. Þorsteinn var þó löngu búinn að taka eftir Ágústi því honum þykir hann svo glettilega líkur frænda sínum. ***Júlía Margrét Alexandersdóttir*** ræddi við félagana um glaða Íslendinga og tekjublöð.

*Hafið þið hist áður?*

**Þorsteinn:** Ja, ekki nema bara svona mjög pent, er það ekki?

**Ágúst Ólafur:** Börnin okkar voru á sama leikskóla, Dvergasteini.

**Þorsteinn:** Að vísu ekki á sömu deild, en þetta er svona eins og Ísland er – maður kinkar kolli og segir „blessaður“. En ég held ég hafi aldrei tekið viðtal við þig, er það nokkuð?

**Ágúst:** Nei, þú hefur ekki gert það. En leikskólinn er svona eins og annað heimili manns, maður rekst á sama fólkið aftur og aftur.

*Hvað dettur ykkur í hug þegar þið heyrið nafn hins og hver er fyrsta minning ykkar um hinn?*

**Ágúst:** Ísland í dag. Það eru tveir menn sem hafa kunnað að fara með þann frasa – Þorsteinn og svo nágranni minn, Jón Ársæll.

**Þorsteinn:** Ég hef tekið eftir Ágústi sem einum af þessum ungu þingmönnum, sem eru auðvitað ekkert ungir, en þetta eru ný andlit og menn með svolítið öðruvísi reynslu en þeir pólitíkusar sem ég ólst upp við.

**Ágúst:** Þorsteinn hefur verið það öflugur í fjölmiðlaheiminum að fólk þarf að hafa búið í helli til að hafa ekki séð hann þannig að ætli fyrstu minningarnar um hann séu ekki bara af skjánum.

**Þorsteinn:** Og ég þyrfti að hafa búið innarlega í íslenskum dal með systur minni, án síma eða sjónvarps, til að hafa ekki séð Ágúst. En annars er fyrsta minning mín um Ágúst tengd við það hvað mér þótti hann sterklega líkur frænda mínum, Inga F. Vilhjálmssyni.

## Á RÖKSTÓLUM

**Hamingjusöm þjóð í ÁTVR**

*Tökum skriðsund út í þjóðmálin. Nýlega bárust okkur fregnir af því að við værum hamingjusamasta þjóð í heimi. Skynjið þið hamingju í þjóðfélaginu? Hver þykir ykkur vera glaðlyndasti Íslendingurinn?*

**Ágúst**: Íslendingar vilja skora hátt í svona könnunum, það er hluti af okkar þjóðarstolti. Ég get því ímyndað mér að keppnisandinn sé kannski fremur ástæðan fyrir háu skori en að við séum eitthvað hamingjusamari en aðrar þjóðir.

**Þorsteinn**: Svona fréttir detta stundum einhvern veginn af himnum ofan. Ég tek þessu öllu með óskaplega miklum fyrirvara. Fyrir mér er þetta síðasta frétt í fréttatíma þegar ekkert er að frétta.

**Ágúst**: Þetta er samt auðvitað ákveðið afrek. Að búa á mörkum hins byggilega heims, með vetur eina átta, níu mánuði, dýrasta matinn og bensínið – og samt erum við bara sátt. Ég las það reyndar í fréttum í síðustu viku að 80.000 Íslendingar fara í Ríkið í hverri einustu viku.

**Þorsteinn**: Þar er skýringin á gleðinni komin.

**Ágúst**: Annars finnst mér Íslendingar almennt glaðir og að sama skapi geta þeir um leið oft verið mjög reiðir. Ómar Ragnarsson myndi ég álíta mjög glaðan Íslending, að minnsta kosti hef ég aldrei séð neinn mann jafn glaðan yfir því að tapa kosningum.

**Þorsteinn**: Ég er svo tortrygginn að eðlisfari að þegar ég sé fólk alveg yfirnáttúrulega hamingjusamt og setjandi línuna fyrir aðra hvernig þeir eigi að lifa lífinu, hugsa ég strax að þarna hljóti að fylgja eitthvert smátt letur. En ef ég ætti að kjósa glaðan Íslending yrði það Guðrún Gunnarsdóttir, fyrrverandi samstarfskona mín á Rás 2. Hún er með hlátur á heimsmælikvarða.

*Nú segja sumir að stjórnmálamenn tali eftir handriti, svari spurningum þannig að öllum líki og svo framvegis? Ertu sammála því, Þorsteinn, og finnst þér þessar gagnrýnisraddir sanngjarnar, Ágúst? Hvaða heilræði gefur þú stjórnmálamönnum sem koma fram í sjónvarpi sem reyndur spyrill, Þorsteinn? Og hvaða heilræði gefur þú spyrlum sem taka stjórnmálamenn í viðtöl, Ágúst?*

**Þorsteinn**: Ég held að þegar við horfum á stjórnmálamenn í dag, þá sé ekki hægt að tala um einhverja eina, steríla týpu. Stjórnmálamaður er ekki maðurinn sem vildi alltaf vera fremstur á bekkjarmyndinni í Laugarnesskólanum og fór svo sjálfkrafa í prófkjör og stjórnmál. Stjórnmálamenn eru alls konar fólk og stór hluti þeirra er bara ágætlega frambærilegur. Svo held ég að það yrði enn meira af frambærilegu fólki að finna þarna ef kaupið yrði hækkað aðeins. Þá fengjum við rjómann – snillingana – sem í dag finnst starfið snúast of mikið um persónulegar árásir til að þeir nenni að standa í þessu fyrir þessi laun.

**Ágúst**: Fjölmiðlafólk vill oft tefla fram andstæðum í umræðunni. Það hringir í mann og spyr hvort maður ætli að vera með eða á móti – „við ætlum að fá þennan á móti þér“. Það gerir umræðuna kannski meira spennandi en hún verður ekkert endilega dýpri fyrir vikið. Stjórnmálamenn standa síður en svo alltaf á öndverðum meiði þótt þeir tilheyri mismunandi flokkum og oft er eins og það sé enginn grundvöllur fyrir sjónvarpsþætti þar sem fólk er nokkurn veginn sammála en vill komast að niðurstöðu saman.

**Þorsteinn**: En hvað heilræði snertir þá er jú gamalt trikk í bókinni að segja: „Já, þetta er mjög góð spurning, en áður en ég svara því, þá ætla ég að koma að þessu ...“ Sem þýðir að eftir fjörutíu sekúndur eru stjórnandinn og spyrillinn búnir að gleyma upphaflegu spurningunni. En persónulega myndi ég gefa stjórnmálamönnum það heilræði að láta alltaf ná í sig og svara spurningunum. Ef þeir vita ekki svarið er hægt að svara: „Ég hef ekki nægar upplýsingar um þetta mál núna til að geta svarað því, en ég ætla að kanna það.“ Það er mun betra en að láta fréttamenn elta sig hlaupandi út úr Ráðhúsinu að bílnum. Það eru mjög spaugilegar fréttamyndir. Mér er til dæmis minnisstætt í kringum málefni Byrgisins þegar ég og margir fleiri eyddum dögum í að reyna að ná í einn ungan þingmann Framsóknarflokksins, sem lét ekki ná í sig. Í ágúst, árið 2007, er einfaldlega ekki hægt að láta ekki ná í sig. Það næst alveg í þig.

**Ágúst**: Ég get vel tekið undir það að stjórnmálamenn eiga að vera aðgengilegir. Svo má líka benda á það að tími viðtala er alltaf að styttast og maður er nánast farinn að hugsa í „helstum“ og frösum og þú veist að þú kemur ekki miklu að. Auðvitað væri mitt heilræði til hæstráðenda fjölmiðla að taka sér meiri tíma til að kryfja málin. Það myndi skila dýpri umræðu og skemmtilegri með fleiri flötum. Þessar tvær stéttir, fjölmiðlamenn og stjórnmálamenn eru líka að mínu mati fremur sjálfhverfar og eru oft áhugasamari um eigin stétt og stöðu en þær ættu að vera. Þarna úti er stór massi almennings sem lifir allt öðru lífi.

**Þorsteinn**: Ég man eftir því þegar ég var gestur í morgunútvarpi á Rás 1, 16 ára gamall, og var að spila einhverja tónlist. Eftir þáttinn tók ég strætó inn í Laugar-

> Mér varð það á að segja mínum vinahópi að ég hafi orðið hrifinn af kvikmyndinni Titanic. Það féll í gríðarlega grýttan jarðveg og ég veit ekki hvert menn ætluðu að fara þegar ég sagðist hafa farið tvisvar á hana í bíó.



**HEILRÆÐI** Þorsteinn J. gefur stjórnmálamönnum það heilræði að láta alltaf ná í sig og Ágúst Ólafur leggur til að hæstráðendur fjölmiðla beiti sér fyrir því að hitamál dagsins séu krufin betur.

### ➜ VIÐMÆLENDUR Í HNOTSKURN

**VEFSÍÐAN:**
**Þorsteinn:** thorsteinnj.is
**Ágúst Ólafur:** agustolafur.is

**ALDUR:**
**Þorsteinn:** Fæddur 1964
**Ágúst Ólafur:** Fæddur 1977

**FJÖLSKYLDUHAGIR.**
**Þorsteinn:** Kvæntur Maríu Ellingsen og búa þau ásamt börnum á Vesturgötu
**Ágúst Ólafur:** Kvæntur Þorbjörgu Gunnlaugsdóttur og búa þau ásamt börnum á Framnesvegi

**SKRÁÐIR Í SÍMASKRÁ:**
**Þorsteinn:** Fréttamaður
**Ágúst Ólafur:** Ekkert

**SKEMMTILEGAR SÖGUR AF NETINU:**
**Þorsteinn:** Er innvígður inn í sögu einnar vinsælustu hljómsveitar Íslandssögunnar, Sálarinnar hans Jóns míns, en hann var meðal þeirra sem vildu skipuleggja Blues Brothers-kvöld í Sigtúni árið 1987. Upp úr þeim félagsskap varð síðan til Sálin hans Jóns míns í sinni fyrstu mynd.
**Ágúst Ólafur:** „Ágúst Ólafur er afar vandaður og áreiðanlegur tappi.“ (af bloggsíðunni magnusmar.blog.is) „Eiginlega líður mér eins og stoltri mömmu hvað strákurinn er alltaf sterkur og tekur skynsamlega við öllu – mér finnst hann svo sannur drengur – viss um að mamma hans og pabbi eru alltaf ánægð með hann.“ (af bloggsíðunni asagreta.blog.is)

Betri leið í Interneti
Það er Síminn



nes og ég man að ég var svo hissa á því að enginn í vagninum skyldi taka eftir mér, ég hafði nú einu sinni verið í útvarpinu!

### Lesa tekjublöðin

*Nú skal brátt ganga fyrir menninguna. Hvað viljið þið helst gera og sjá á menningarnótt? Hvaða menningarframleiðslu skammist þið ykkar mest fyrir eigið dálæti á?*

**Ágúst**: Sjarminn við menningarnótt er svo sem bara að rölta í bænum og fara á milli. Hitta fólk og fara á kaffihús. Menningin er oft á tíðum svolítið vanmetin á Íslandi. Það eimir enn svolítið eftir af því viðhorfi að styrkir til menningar séu eitthvert snobb eða prjál. Sem er auðvitað mikill misskilningur því það er löngu sannað að styrkir til menningar skila líka peningum í kassann – fyrir þá sem hafa einhverjar áhyggjur af því.

**Þorsteinn**: Það er alveg útilokað að skipuleggja nokkurn hlut því þú kemst varla lönd eða strönd. En það er gaman að allt fær að vera þarna með – harmonikkuleikurinn, keramíkmálunin og rokktónleikarnir. Annars held ég að ég sé orðin það þroskaður að ég er hættur að skammast mín fyrir það sem ég hef gaman af. Ef ég ætti að nefna eitthvað þá er það helst sú iðja mín að fara á heimaleiki með Fram. Það er svakaleg reynsla nú um stundir – eitthvað sem alla jafna á að vera meint fjölskylduskemmtun. Það er þögn í bílnum á leiðinni heim og dæturnar niðurbrotnar í aftursætinu.

**Ágúst**: Mér varð það á að segja mínum vinahópi að ég hefði orðið hrifinn af kvikmyndinni Titanic. Það féll í gríðarlega grýttan jarðveg og ég veit ekki hvert menn ætluðu að fara þegar ég sagðist hafa farið tvisvar á hana í bíó. Það er eitthvað sem ég átti augljóslega að skammast mín fyrir. Ég er líka mikill aðdáandi Meg Ryan-mynda og maður þykir kannski ekkert sérstaklega fínn pappír að fíla þær.

*En hvað með dægradvölina tekjublöðin. Lesið þið þau og skammist þið ykkar fyrir það? Eru tekjur Íslendinga þeirra einkamál?*

**Þorsteinn**: Ég las þessi blöð í fyrra en er ekki búinn að lesa þau í ár og ég verð að segja að ég er alltaf jafn hissa á umræðunni um að þetta megi ekki. Þetta eru opinber gögn og tölur og ég næ ekki þeim rökum að þetta sé eitthvað ljótt. Samt finnst manni þetta líka vera nett plebbalegt að við séum að birta þetta ekki bara í einu blaði í ár, heldur tveimur.

**Ágúst**: Menn eru líka mislaunaháir eftir því hvort blaðið þú lest. Ég er launahærri í Mannlífi en Frjálsri verslun. Fæ heilum 20.000 krónum meira borgað í laun.

**Þorsteinn**: Skatturinn er orðinn svo klár að það þýðir ekkert lengur að vera að skrifa á sig þessi 50.-60.000 eins og tíðkaðist hjá sumum stórgrósserunum hér um árið.

### Launaávísun frá Sjálfstæðisflokknum

*Ert þú flokksbundinn einhverjum stjórnmálaflokki, Þorsteinn, og hefur þú einhvern tímann unnið við fjölmiðla, Ágúst Ólafur? Í hvaða ráðuneyti myndirðu setja Þorstein, Ágúst, ef þú fengir frjálsar hendur, og hvers konar starf innan fjölmiðlaheimsins myndirðu koma Ágústi í, Þorsteinn?*

**Þorsteinn**: Nei, ég hef aldrei verið flokksbundinn. Það næsta sem ég hef komist flokksstarfi er að vera sendill í happdrætti Sjálfstæðisflokksins, níu ára gamall, og fékk svo það ábyrgðarstarf þegar ég var tíu ára að vera sendill á skrifstofu flokksins. Þar fékk ég mína fyrstu launaávísun, hjá Sigurði Hafstein. Það er svona það næsta sem ég hef komist pólitík og reyndar held ég að það sem ég heyrði þarna á göngunum hafi veitt mér innblástur – hvað mátt einstaklingsframtaksins varðar.

**Ágúst**: Ég vann eitt sumar á Degi, á Reykjavíkurskrifstofunni.

**Þorsteinn**: Hjá Stefáni Jóni?

**Ágúst**: Nei, hann var nú hættur þegar ég var, Elías Snæland var ritstjórinn. Og mér finnst mjög heppilegt, nú þegar ég er kominn út í stjórnmálin, að hafa prófað að sitja í að minnsta kosti smátíma hinum megin við borðið. En setja Þorstein í ráðuneyti segirðu. Ég myndi held ég setja hann í nýstofnað menningarmálaráðuneyti – sem ég væri glaður að sjá – eða þá bara í gamla góða menntamálaráðuneytið. Hann myndi væntanlega efla innlenda dagskrárgerð.

**Þorsteinn**: Ég held að Ágúst yrði góður fréttastjóri því menn sem komið hafa að fjölmiðlum og verið í pólitík eru mjög skipulagðir. Þeir eru fljótir að hugsa sem og að sjá aðalatriðin og aukaatriðin. Góður fréttastjóri þarf að sjá nokkra leiki fram í tímann, geta brugðist strax við, fengið hugmyndir og framkvæmt.

**Ágúst**: Það er aldrei að vita.




# Spennandi Vetrar ævintýri




## Þökkum ótrúlegar viðtökur!

## Gerðu samanburð á gæðum og verði og tryggðu þér sæti strax!

Skoðaðu nýja vetrarbæklinginn á www.heimsferdir.is



**Glæsisiglingar með Costa Cruises**




**Flug með Primera Air**
Það er íslenska flugfélagið JetX sem annast allt leiguflug Primera Air fyrir Heimsferðir á Íslandi og fyrir önnur dótturfyrirtæki Primera Travel Group í Skandinavíu. Þjónusta um borð er fyrsta flokks og að sjálfsögðu á íslensku.

Ótrúlegt verð! - frá aðeins **49.995 kr.***

**Beint morgunflug** - með íslensku flugfélagi



## Tenerife

Heimsferðir bjóða þér nú til glæsilegra vetrarævintýra á Kanaríeyjunni vinsælu Tenerife næsta vetur. Tenerife, sem er stærst Kanaríeyjanna, býður frábærar aðstæður fyrir ferðamanninn; fallegar strendur, glæsilega gististaði, fjölbreytta afþreyingu og stórbrotna náttúru. Tryggðu þér lægsta verðið og bestu gististaðina á þeim tíma sem hentar þér.



**Kr. 49.995**
*Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti. Hjón með 2 börn, 2-11 ára, 4. janúar, 11 nætur, El Cortijo - íbúðir.

**Kr. 53.895**
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti. Hjón með 2 börn, 2-11 ára, 29. janúar, vikuferð, Aguamrina Golf - íbúðir ****.

**Kr. 79.990 - hálft fæði**
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti. Tveir í herbergi með hálfu fæði, 29. janúar, vikuferð, Hotel Jacaranda **** - hálft fæði

**Kr. 99.190 - allt innifalið**
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti. Tveir í herbergi, allt innifalið, vikuferð, 29. janúar, Hotel Bahia Principe ****+ – allt innifalið.

www.heimsferdir.is Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 •

Glæsileg gisting í boði!
Allt innifalið í 11 daga - frá aðeins
**79.845 kr.**



# Dóminíska

Heimsferðir bjóða glæsilegar ferðir í sérflugi til Dóminíska lýðveldisins í desember, janúar, febrúar og mars. Njóttu lífisins í Karíbahafinu við ótrúlegar aðstæður á þessari fögru paradísareyju.

- **18. des.** – örfá sæti laus
- **20. des.** – UPPSELT
- **30. des.** – aukaflug
- **3. jan.** – UPPSELT
- **18. jan.** – aukaflug
- **24. jan.** – UPPSELT
- **3. feb.** – örfá sæti laus
- **6. mars** – aukaflug
- **17. mars** – PÁSKAFERÐ



Allt innifalið í
10 daga - frá aðeins
**98.490 kr.**



# Jamaica

Jamaica er ein fegursta eyja Karíbahafsins. Hún býður stórkostlega náttúrufegurð og frábært veðurfar. Á Jamaica ríkir einstakt andrúmsloft og menningin á sér vart hliðstæðu.

- **30. okt.** – 8 nætur
- **7. nóv.** – 10 nætur
- **14. feb.** – 10 nætur
- **24. feb.** – 10 nætur



**frá 78.990 kr.**



# Kúba

- **17. nóv.** – 7 nætur
- **24. nóv.** – 11 nætur
- **5. des.** – 13 nætur

Kúba hefur svo sannarlega slegið í gegn hjá Íslendingum á liðnum árum. Heimsferðir bjóða frábært tækifæri til að upplifa Kúbu, eina fegurstu eyju Karíbahafsins og örugglega þá sérstæðustu. Þú getur valið milli fjölbreyttra gistimöguleika bæði í Havana og á Varadero.



**Beint morgunflug**
**- með íslensku flugfélagi**

**Frá 43.395 kr.***



# Kanarí

## aldrei vinsælli

Heimsferðir bjóða vikulegar ferðir til Kanaríeyja í beinu morgunflugi. Tryggðu þér vetrarfrí á þessum vinsælasta vetraráfangastað íslendinga. Tryggðu þér lægsta verðið og bestu gististaðina!



**Kr. 43.395**
**- íbúð m/2 svefnherb.**
* Hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuferð 9. janúar, í íbúð með 2 svefnherbergjum á Parquemar. Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti.

**Kr. 53.795**
**- hálft fæði**
Hjón með 2 börn, 2-11 ára, í fjölskylduherbergi á Hotel Rondo með hálfu fæði í viku, 9. janúar. Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti.

**Kr. 76.190**
**- allt innifalið**
Gisting í tvíbýli, vikuferð 9. janúar, á Dunas Suite & Villas Resort - Maspalomas **** með „öllu inniföldu“. Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti.

**Beint morgunflug**
**til Salzburg**

**Frá 29.990 kr.**
Flugsæti með sköttum. Fargjald A. Netverð.



- **22. des.** – 14 daga
- **5. jan.** – 10 nætur
- **15. jan.** – 11 nætur
- **26. jan.** – vika
- **2. feb.** – vika
- **9. feb.** – vika
- **16. feb.** – vika
- **23. feb.** – vika
- **1. mars** – vika

# Skíðaveisla

## í Austurríki - Flachau - Zell am See - Lungau o.fl.

Heimsferðir bjóða beint morgunflug til Salzburg, skammt frá bestu skíðalöndum Austurríkis. Í ár bjóðum við m.a. skíðaparadísina Flachau sem er í miðju Ski-amadé svæðisins auk okkar vinsælu skíðaferða til til Zell am See, Lungau o.fl. Kynntu þér framboð okkar á skíðaferðum og sannfærstu um að það er glæsilegra og á bestu kjörum sem bjóðast.

**Kr. 77.590**
**vikuferð með hálfu fæði**
Netverð á mann með 10.000 kr. afsl. Innifalið: Flug, skattar og gisting á Skihotel Speiereck í Lungau í tvíbýli með hálfu fæði í 7 nætur. Vikuferð 26. janúar eða 1. mars.

## Bókaðu núna!

Mundu MasterCard ferðaávísunina!

Heimsferðir

ENNEMM / SIA / NM28687

• Fax 595 1001 • Akureyri • Sími 461 1099 • Hafnarfjörður • Sími 510 9500 • www.heimsferdir.is

# Ævintýramaður með ástríðu fyrir sagnfræði

Sagnfræðingurinn **Steve Murdoch** er heiðursgestur á norrænu sagnfræðingaþingi sem haldið er í Reykjavík. Hann hefur getið sér gott orð fyrir rannsóknir á tengslum Norðurlanda og Skotlands. Murdoch er ævintýramaður sem var rótlaus í æsku og lengi að átta sig á því hvað hann vildi gera í lífinu. Murdoch sagði *Ingu F. Vilhjálmssyni* frá lífshlaupi sínu og áhuga sínum á sögu og Norðurlöndunum.



**DR. STEVE MURDOCH** „Fyrsta minning mín um Ísland var þegar ég sá fréttir í sjónvarpinu um þorskastríðið; fiskibátar frá heimaborg minni Aberdeen komu beyglaðir til hafnar eftir skærur við Íslendinga.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þegar var sautján ára og gekk í menntaskóla í Aberdeen missti ég áhugann á námi. Ég hafði líklega of mikinn áhuga á stelpum og brennivíni til að nenna að læra. Ég hætti í skólanum einn daginn og byrjaði að leita mér að vinnu. Ég fékk vinnu samdægurs við að sópa gólfið í vörugeymslu. Þar var ég í eitt ár. Ég man að ég var bara nokkuð sáttur við að færa hluti frá A til B því ég hafði ekkert markmið í lífinu þegar ég var ungur. En ég sagði þó upp eftir eitt ár,“ segir Steve, sem er 43 ára og lektor í sagnfræði í St. Andrews-háskólanum í Skotlandi. Næstu árin í lífi Steves einkenndust af miklu rótleysi og flakki á milli starfa og staða.

### Rótlaus ungur maður

„Ég vann við tollgæslu á höfninni í Aberdeen eftir þetta. Það var spennandi fyrir ungan mann að vinna þar því ég var alltaf að sjá eitthvað nýtt. Þar komst ég fyrst í kynni við fólk frá Norðurlöndunum. Ég man hvað norsku sjómennirnir voru drykkfelldir: þeir kölluðu gjarnan á mann og buðu manni að drekka með sér og éta. Þar sá ég líka tattúveraða konu í fyrsta sinn. Þetta var vændiskona sem hafði verið að vinna í skipunum við höfnina um nóttina. Ég man hvað ég var rosalega hræddur við hana,“ segir Steve og bætir því við að þetta hafi ekki verið mjög öruggt starfsumhverfi og því hafi hann sagt upp eftir ár.

„Næst elti ég stúlku sem ég var hrifinn af til Þýskalands. Ég eyddi einu ári í að flakka um landið á puttanum. Svo fór ég aftur heim til Skotlands og vann við hitt og þetta, aðallega hjá ýmsum olíufélögum í landi. En ég missti alltaf áhugann á því starfi sem ég var í og hætti yfirleitt eftir stuttan tíma,“ segir Steve.

Eitt af því sem Steve gerði var að vinna sem veiðivörður í Skotlandi og að stofna fyrirtæki sem kenndi fólki að fara með skotvopn. „Mér gekk vel og starfaði með lögreglunni í nokkrum löndum og ýmsum herjum og kenndi þeim skottækni sem ég hafði þróað. En eins og áður þá missti ég áhugann á því. Fólkið sem sótti þessi námskeið var mér ekki að skapi, þetta voru mjög oft öfgasinnaðir hægrimenn og ég var orðinn þreyttur á þessu andrúmslofti. Ég seldi samstarfsmönnum mínum því minn hluta í fyrirtækinu. Um þetta leyti fór ég í frí til Írlands þar sem ég hitti eiginkonu mína sem breytti mér,“ segir Steve.

### Mótorhjól, lífvörður og ísbjörn

Steve er mikill ævintýramaður og er að eigin sögn afar óþreyjufullur að eðlisfari. „Ég er fljótur að verða leiður á hlutunum og þarf alltaf að vera að gera eitthvað nýtt í lífinu, annars fer mér að leiðast. Ég ek um á mótorhjóli í Skotlandi og segja vinir mínir stundum að ég hafi byrjað á því þegar ég fékk gráa fiðringinn. Ég hef hins vegar alltaf átt mótorhjól; líklega hef ég því alltaf verið með gráa fiðringinn,“ segir Steve og bætir því við að einu sinni hafi hann farið í tveggja vikna mótorhjólaferð um Indland. „Við vorum ansi margir saman í ferðinni sem söfnuðum áheitum áður en við fórum; svo var byggður spítali á Indlandi fyrir féð sem við söfnuðum,“ segir Steve.

Þegar Steve var á milli starfa árið 1990 var hann ráðinn sem lífvörður fyrir hóp af dýrafræðingum sem voru að fara til Svalbarða; talið var að raunhæfur möguleiki væri á að þeir myndu lenda í ísbjarnarárás. „Á Svalbarða kom svo á daginn að ógnin við ísbirni var raunveruleg. Einn daginn þurfti ég að skjóta í áttina að ísbirni sem nálgaðist okkur. Hann ætlaði ekki að ráðast á okkur þannig að ég fældi hann bara. Mér datt ekki í hug að skjóta hann því það hefði verið siðlaust að drepa ísbjörn í vísindaleiðangri,“ segir Steve.

### Áhuginn á Norðurlöndunum

„Fyrsta minning mín um Ísland var þegar ég sá fréttir í sjónvarpinu um þorskastríðið þegar ég var strákur; fiskibátar frá heimaborg minni Aberdeen komu beyglaðir til hafnar eftir skærur við Íslendinga. Þá áttaði ég mig á því hvar Ísland var. Reyndar var hugmynd mín um Norðurlöndin þegar ég var barn einkennileg: ég hélt að þau væru öll uppi við norðurpólinn. Það var svo síðar sem ég komst að því að sum Norðurlöndin eru miklu sunnar en Skotland,“ segir Steve. Hann segist síðar hafa fengið mikinn áhuga á Norður-Atlantshafinu, sérstaklega Færeyjum. „Ég skildi ekki hvernig hægt væri að búa á svo lítilli grjóthrúgu í miðju Atlantshafinu; hvernig líf er það eiginlega, spurði ég mig.

Um það leyti sem ég fór til Svalbarða áttaði ég á mig á því að mig vantaði tilbreytingu í líf mitt. Ég var nýbúinn að hitta konuna mína, sem er fædd í Svíþjóð, og hún kenndi mér það sem ég kann í Norðurlandamálunum. Ég hafði alltaf haft áhuga á Norðurlöndunum; fór til dæmis oft í helgarferðir frá Skotlandi til Svíþjóðar og Noregs, skemmti mér á barnum og flaug svo aftur heim. Konan mín hvatti mig til að fara í háskóla og læra sagnfræði því ég væri hvort sem er alltaf að lesa sagnfræðibækur. Þá var ég 27 ára,“ segir Steve.

### Ætlaði ekki að verða fræðimaður

„Áhugi minn á sögu Norðurlandanna jókst svo stöðugt meðan ég var í háskóla. Það eina sem ég vildi gera þegar ég fór í háskóla var að bæta upp fyrir það að ég var mjög lélegur námsmaður þegar ég var yngri. Ég tók BA-gráðu í sögu Skotlands og í gallísku. Ég ætlaði mér aldrei að verða fræðimaður, það var bara eitthvað sem gerðist að loknu BA-námi eftir að ég hafði sótt um námsstyrk til doktorsnáms í sögu Skotlands og Norðurlandanna. Til að fá styrkinn þurfti ég hins vegar að kunna Norðurlandamálin, eitthvað í frönsku og latínu og helst dálitla hollensku. Þegar ég komst að þessu fór ég að hlæja því ég kunni ekkert þessara mála en það gerði konan mín hins vegar því faðir hennar var diplómati og hún hafði búið í mörgum löndum. Hún sótti um styrkinn og fékk hann. Við ákváðum að skipta styrknum á milli okkar og skrifa bæði doktorsritgerðir. Við vöknuðum stundum á nóttunni til að ræða um sagnfræðileg vandamál í rannsóknum okkar. Ég var heppinn að deila rúmi með sennilega einu manneskjunni í heiminum sem var að rannsaka það sama og ég. Svona varð ég doktor í sagnfræði,“ segir Steve.

### Sagnfræðin er ástríða

„Við þurfum að njóta lífsins og hafa gaman af því sem við gerum; annars eigum við bara að gera eitthvað annað. Þess vegna hætti ég í svo mörgum störfum þegar ég var yngri: mér leiddist. Ég held að ég hafi þurft að vera leitandi maður í tíu ár og prófa ýmsa hluti til að átta mig á því hvað ég vildi verða þegar ég yrði stór. Ég held að ég hafi fundið það því sagnfræðin er mér ástríða,“ segir Steve og bætir því við hann telji að menn eigi að reyna að lifa fjölbreytilegu lífi. „Stattu þig vel í námi, starfi, íþróttum og sjáðu til þess að þú drekkir alla undir borð-

### DR. STEVE MURDOCH

**Dr. Steve Murdoch er lektor í sagnfræði við St. Andrews-háskólann í Skotlandi. Hann er heiðursgestur 26. norræna sagnfræðingaþingsins sem haldið er í Reykjavík dagana 8. til 12. ágúst. Sérsvið hans eru tengsl Norðurlanda við Skotland, sérstaklega á 17. og 18. öld. Hann hélt innsetningarræðu sagnfræðingaþingsins og hét hún „Scotland in nordic history in the early modern period.“ Að sögn Einars Hreinssonar, framkvæmdastjóra sagnfræðingaþingsins, nýtur Steve mikillar virðingar meðal sagnfræðinga á Norðurlöndunum; ekki síst fyrir að nota sænskar, danskar og norskar frumheimildir, sem er ekki algengt meðal enskumælandi fræðimanna.**

70% innan sama GSM kerfis
70% GSM númera eru innan kerfis Símans. Símtöl innan sama kerfis eru mun ódýrari en önnur.
Það er Síminn

# Sölumaður

**Smith & Norland, Nóatúni 4, vill sem fyrst ráða sölumann til starfa í raftækjadeild fyrirtækisins.**

Starfið felur m.a. í sér kynningu og sölu **heimilistækja, símtækja, lýsingarbúnaðar** og önnur skyld störf.

Leitað er að röskum einstaklingi með **góða almenna menntun og áhuga á sölustörfum og mannlegum samskiptum.** Góð framkoma, snyrtimennska og reglusemi eru skilyrði.

Um er að ræða gott framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki á rafmagnssviði, sem selur gæðavörur frá Siemens og öðrum þekktum fyrirtækjum.

Þeir sem áhuga hafa á þessu starfi eru beðnir að senda umsókn til Smith & Norland með upplýsingum um aldur, menntun og fyrri störf **fyrir þriðjudag 14. ágúst**.

**Umsóknareyðublöð** fást á skrifstofu Smith & Norland og þau má einnig nálgast á heimasíðu fyrirtækisins, **www.sminor.is**.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

**SMITH & NORLAND**

Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

ABS FJÖLMIÐLAHÚS

## Markaðs- og birtingaráðgjafi

**ABS fjölmiðlahús óskar eftir starfsmanni í viðskiptatengsl.** Viðkomandi mun starfa við markaðs- og birtingaráðgjöf fyrir viðskiptavini ABS fjölmiðlahúss auk samskipta við auglýsingadeildir fjölmiðla.

**Reynsla og menntun:**
Háskólapróf í markaðsfræðum eða sambærilegu námi, tengdu fjölmiðlun æskilegt. Reynsla af svipuðum störfum innanlands eða erlendis er krafist.

Umsóknir berist ABS fjölmiðlahúsi, Laufásvegi 58, 101 Reykjavík, fyrir föstudaginn 17. ágúst n.k.

*ABS fjölmiðmiðlahús er stærsta og öflugasta fyrirtæki landsins í birtingaráðgjöf og hefur verið í fararbroddi í birtingaþjónustu og auglýsingamælingum frá upphafi.*

# Við stækkum ört



Viðtökur í nýrri verslun IKEA hafa farið fram úr björtustu vonum og okkur vantar alltaf kraftmikið starfsfólk til að þjónusta sívaxandi hóp viðskiptavina.

## Veitingastaður

Veitingastaður okkar er einn vinsælasti og mest sótti veitingastaður landsins. Við leitum að einstaklingum til að sinna daglegum störfum á veitingastaðnum og einnig í Sænsku búðinni og Snarlinu sem eru við útgang verslunarinnar.

**Hæfniskröfur:**
- Stundvísi
- Ákveðni
- Þjónustulund
- Grunnþekking í íslensku skilyrði

## Sölufulltrúi

Í Húsgagnadeild og Smávörudeild starfa sölufulltrúar við ráðgjöf og sölu til viðskiptavina. Við leitum að einstaklingum til starfa á báðum deildum.

**Hæfniskröfur:**
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Samviskusemi
- Góð og rík þjónustulund
- Vönduð vinnubrögð
- Almenn tölvuþekking
- Þekking á Navision kostur, ekki skilyrði

## Þjónustudeild

Við leitum að einstaklingum til að sinna fjölbreyttum störfum á þjónustudeild, t.d. í Smálandi, í stöðu þjónustufulltrúa, á kassa og í heimsendingar.

**Hæfniskröfur:**
- Stundvísi
- Ákveðni
- Þjónustulund
- Samskiptahæfni
- Heiðarleiki og áreiðanleiki

Ýmist er um fullt starf eða hlutastarf að ræða. Ráðið verður í stöðurnar sem fyrst.
Nánari upplýsingar eru á www.IKEA.is

IKEA®

IKEA býður upp á fjölbreytt og lifandi starfsumhverfi. Starfsfólki gefst tækifæri til að vaxa í starfi, axla ábyrgð og vera mikilvægur hlekkur í kraftmiklu og ört vaxandi fyrirtæki.
Við ráðningu er mikið lagt upp úr þjálfun nýliða, bæði almennri sem og sértækri þjálfun. Umsóknum má skila á þjónustuborð IKEA eða fylla út umsóknarform á www.IKEA.is
Nánari upplýsingar veitir Fjóla Kristín Helgadóttir fjola@ikea.is) og Elsa Heimisdóttir (elsa@ikea.is) í síma 520-2500.


www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

TrackWell

# FORRITARAR-FORÐASTÝRING

TrackWell var stofnað árið 1996 og er leiðandi í forðastýringarlausnum. Með TrackWell forðastýringu ná rekstaraðilar utan um skráningu á tækjum og starfsmönnum, hver er að gera hvað á hverjum tíma. Fyrirtækið er í góðum rekstri með marga trausta viðskiptavini og samstarfsaðila bæði innanlands og erlendis. Hjá fyrirtækinu starfar góður og samstilltur hópur með mikla reynslu og þekkingu.

TrackWell óskar eftir að bæta við öflugu starfsfólki sem hefur áhuga á að starfa í tæknilega krefjandi umhverfi og læra nýja hluti. Lögð er áhersla á að umsækjendur hafi frumkvæði og öguð vinnubrögð.

## Hugbúnaðargerð

Starfið felst í því að þróa kjarnalausnir auk þátttöku í stærri hugbúnaðarverkefnum fyrir viðskiptavini TrackWell.

**Hæfniskröfur**
- Víðtæk reynsla í hugbúnaðargerð
- Menntun á sviði verk-, tækni-, tölvunar- eða kerfisfræði
- Skipulagshæfileikar
- Reynsla í einu af Python, Java eða C/C++ æskileg

## Aðlögun fyrir viðskiptavini

Starfið felst í samskiptum við viðskiptavini TrackWell, kerfisgreiningu, séraðlögunum og þjónustu.

**Hæfniskröfur**
- Samskiptahæfileikar
- Reynsla og/eða menntun á sviði kerfisfræði
- Þjónustulund
- Reynsla á sviði viðskiptalausna eða mannauðsstjórnunnar kostur

Umsjón með störfunum Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun.yr.arnadottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 19. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# Viltu vera í okkar liði?



Actavis á Íslandi framleiðir og selur lyf og lyfjahugvit bæði innanlands sem utan. Fyrirtækið rekur verksmiðju í Hafnarfirði sem uppfyllir strangar kröfur um góða framleiðsluhætti í lyfjagerð (Good Manufacturing Practice) og hefur hlotið verðlaun fyrir framúrskarandi hönnun.

Fyrirtækið er hluti af Actavis Group sem er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæða samheitalyfja. Hjá Actavis starfa um 11 þúsund einstaklingar í 40 löndum, sem eru reiðubúnir að taka áskorunum með það að markmiði að koma Actavis í fremstu röð samheitalyfjafyrirtækja.

Actavis á Íslandi leitar að metnaðarfullum einstaklingum til starfa sem eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni.

## Starf við töfluslátt 565073

**Í starfinu felst:**
- Framleiðsla á töflum og hylkjum
- Sýnataka og framleiðslueftirlit
- Samsetning og umsjón með vélbúnaði
- Skjalfesting

## Starf við lyfjablöndun 565075

**Í starfinu felst:**
- Uppvigtun hráefna
- Blöndun og frumvinnsla hráefna
- Samsetning á vélum
- Skjalfesting

**Hæfniskröfur fyrir töfluslátt og lyfjablöndun:**
- Við leitum að einstaklingum sem búa yfir hæfni til að tileinka sér starfsemi á flóknum vélbúnaði
- Reynsla og/eða þekking á framleiðslu eða sambærilegum iðnaði er kostur
- Stúdentspróf, iðnmenntun eða sambærileg menntun er æskileg

**Vinnutími**
Í lyfjablöndun og töfluslætti er um að ræða vaktavinnu þar sem unnið er á þrískiptum vöktum. Unnið er viku í senn á dag- og kvöldvöktum og 6. hverju viku á næturvakt.

## Starf við lyfjapökkun 565074

**Starfslýsing:**
- Pökkun á töflum í glös og þynnur
- Þrif á pökkunarvélum og pökkunarsvæði
- Eftirlit með pökkunarlínum
- Stillingar og breytingar á tækjabúnaði
- Skjalfesting
- Sýnataka
- Merkingar á vörum til útflutnings

**Hæfniskröfur:**
- Stúdentspróf, iðnmenntun eða sambærileg menntun er kostur
- Nákvæmni og vandvirkni
- Hæfni til að tileinka sér starfsemi flókins vélbúnaðar er kostur

**Vinnutími:**
Í lyfjapökkun er um að ræða vaktavinnu þar sem unnið er á þrískiptum vöktum. Unnið er viku í senn á hverri vakt 5 daga vikunnar og 4 daga þegar um er að ræða næturvaktir.

Hjá Actavis bjóðum við:
- kröftugt starfsmannafélag og fjölbreytt félagslíf
- fræðslu- og íþróttastyrki
- gott mötuneyti á sanngjörnu verði

## Starf í undirbúningsteymi 565076

**Starfslýsing:**
- Undirbúningur á tækjum og búnaði fyrir framleiðslu
- Regluleg þrif á framleiðslusvæðum
- Skjalfesting

**Hæfniskröfur:**
- Almenn menntun
- Nákvæmni og vandvirkni
- Hæfni til að vinna vel í hóp

**Vinnutími:**
Í undirbúningsteymi er um að ræða vaktavinnu þar sem unnið er á tvískiptum vöktum. Unnið er tvær vikur á dagvakt og þriðju vikuna á kvöldvakt.

Actavis leitast við að ráða starfsfólk sem:
- sýnir metnað í hverju því sem það innir af hendi
- sýnir viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustulund
- leggur áherslu á samvinnu, því í sameiningu komumst við lengra en við getum ein
- ber virðingu fyrir auðlindum sínum og sýnir hagkvæmni í daglegum störfum
- hefur nægan sveigjanleika til að geta gripið tækifærin sem því gefast
- sýnir framsækni og lætur hlutina gerast

Upplýsingar og skráning hjá Vinna.is á **www.vinna.is** og í síma **511 1144**

actavis

Actavis hf. Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði s 550 3300 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is

vinna.is atvinnumiðlun S: 511 1144

intrum justitia

Intrum á Íslandi er hluti alþjóðlega innheimtufyrirtækisins Intrum Justitia, sem er leiðandi fyrirtæki í Evrópu á sviði markvissrar stýringar viðskiptakrafna (Credit Management Services). Á heimsvísu meðhöndlar Intrum milljónir mála á hverju ári fyrir fyrirtæki og stofnanir. Um 3000 starfsmenn vinna hjá Intrum í 22 Evrópulöndum, en jafnframt hefur fyrirtækið yfir 120 umboðsskrifstofur víða um heim.

Hjá Intrum á Íslandi starfa u.þ.b. 150 starfsmenn um allt land. Intrum býður fyrirtækjum og stofnunum upp á heildarlausnir á sviði innheimtumála sem m.a. samanstanda af INKASSO, Kröfuvakt, Millilandainnheimtu, Lögfræðiinnheimtu, Vanskilaupplýsingum og VSK endurgreiðslu.

Notkun upplýsingatækni er ríkur þáttur í starfsemi Intrum og grundvöllur þeirrar hagræðingar sem fyrirtækið hefur innleitt í innheimtustarfsemi. Þannig býður Intrum viðskiptavinum sínum aðgang að öflugum viðskipta- og greiðendavef sem gerir þeim kleift að fylgjast betur með framgangi innheimtunnar.

# TÆKIFÆRI FYRIR ÞIG?

Intrum óskar eftir að ráða í fjölbreytt og krefjandi störf sem fyrst.

## Kerfisrekstur - þjónusta

Verkefnin felast í notendaþjónustu við starfsmenn, daglegri umsjón verkefna í kerfisrekstri og þjónustu, uppsetningum á tölvum, prenturum og forritum, umsjón með afritatöku, umsjón með rekstri símstöðvar, rekstur netkerfis, stofnun nýrra starfsmanna í kerfi Intrum, samskipti við þjónustuaðila og hugbúnaðarforritun.
**Leitað er að** einstaklingi sem býr yfir framúrskarandi þjónustulund, umburðarlyndi, þolinmæði og glaðlyndi. Skipulögð vinnubrögð, frumkvæði og geta til að takast á við síbreytilegt umhverfi er kostur.

## Þjónustufulltrúi í kröfuvakt

Starf þjónustufulltrúa í kröfuvakt felst m.a. í gagnaöflun, tölvuvinnslu og samskiptum við greiðendur og kröfueigendur í tengslum við innheimtu eldri viðskiptakrafna sem ekki hefur tekist að fá greiddar með hefðbundnum innheimtuaðferðum.
**Leitað er að** talnaglöggum og duglegum starfsmanni með góða samskiptahæfileika og góða almenna tölvukunnáttu. Reynsla af skrifstofu- eða bankastörfum er kostur.

## Þjónustufulltrúi í millilandainnheimtu

Starf þjónustufulltrúa í millilandainnheimtu felst m.a. í almennri vinnslu mála, s.s. skráningu, upplýsingagjöf og samskiptum við innri og ytri viðskiptavini.
**Leitað er að** áreiðanlegum og samviskusömum starfsmanni með ríka þjónustulund sem er nákvæmur í starfi og með framúrskarandi samskiptahæfileika. Góð tungumálakunnátta og reynsla af skrifstofu- eða bankastörfum er kostur.

## Þjónustufulltrúi í greiðendaþjónustu

Starf þjónustufulltrúa í greiðendaþjónustu er fjölbreytt og krefjandi starf þar sem samskipti við greiðendur fara fram á staðnum, í síma og/eða með tölvupóstsamskiptum. Meðal verkefna er ýmis skjala- og tölvuvinnsla, almenn afgreiðsla og upplýsingagjöf til greiðenda, gerð samninga og samkomulaga og hringingar í greiðendur.
**Leitað er að** talnaglöggum og þjónustulunduðum starfsmanni sem hefur góða almenna tölvukunnáttu, framúrskarandi samskiptahæfileika og ánægju af því að starfa í góðum hópi. Góð reynsla af skrifstofu- eða bankastörfum er kostur.

## Þjónustufulltrúi í úthringingar – hlutastarf

**Leitað er að** áreiðanlegum og duglegum starfsmanni sem hefur ríka þjónustulund. Helstu verkefni í starfinu eru úthringingar í greiðendur, gerð samninga og ýmis skjala- og tölvuvinnsla. Vinnutími er að jafnaði tvö kvöld í viku, 3 tímar í senn.

Umsjón með störfunum hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 22. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# Framtíðartækifæri fyrir iðnaðarmenn

## Hvað gerir Fjarðaál að góðum vinnustað fyrir metnaðarfulla raf- og véliðnaðarmenn?

### Fjölbreytt tækifæri á spennandi vinnustað

Í hátæknivæddu álveri Fjarðaáls starfar metnaðarfullur hópur tæknimenntaðra sérfræðinga. Takmark Fjarðaáls er að verða í fremstu röð á heimsvísu í meðferð og viðhaldi tækja. Allir starfsmenn fyrirtækisins taka þátt í að tryggja áreiðanleika tækjanna og viðhaldi er stýrt í samræmi við raunverulegt ástand þeirra. Iðnaðarmenn vinna í teymum og verkefnin eru fjölbreytt. Áhersla er lögð á frumkvæði og stöðugar endurbætur. Tækifæri til símenntunar og starfsþróunar eru óvíða fleiri.

### Góð laun fyrir vaktavinnu eða dagvinnu

Í boði eru vakta- og dagvinnustörf fyrir raf- og véliðnaðarmenn. Góðir möguleikar eru á aukavinnu og viðbótartekjum fyrir þá sem þess óska.

| Laun útlærðra iðnaðarmanna miðað við 15% árangursávinning | Vaktavinna | Dagvinna |
|---|---|---|
| | 15 tólf tíma vaktir í mánuði | 40 stunda vinnuvika |
| Heildarárslaun | 5,4 milljónir kr. | 3,6 milljónir kr. |
| Mánaðarlaun | 450 þúsund kr. | 303 þúsund kr. |
| Meðaltímakaup | 2.500 kr. | 1.700 kr. |

### Öryggi og velferð starfsmanna ávallt í fyrirrúmi

Allt vinnufyrirkomulag miðast við að koma alfarið í veg fyrir vinnutengd slys og óþægindi. Iðjuþjálfi leiðbeinir um rétta líkamsbeitingu og nuddari heimsækir vinnustaðinn tvisvar í viku. Starfsmenn Fjarðaáls hafa aðgang að öflugri velferðarþjónustu sem nær meðal annars til læknisþjónustu og ráðgjafar á ýmsum sviðum. Starfsmenn fá hollar og góðar máltíðir í glæsilegu mötuneyti. Fjarðaál greiðir hverjum starfsmanni 12.000 kr. líkamsræktarstyrk árlega og leigir íþróttatíma í Fjarðabyggðarhöllinni. Boðið er upp á rútuferðir frá Reyðarfirði, Eskifirði, Norðfirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og Egilsstöðum. Fyrirtækið útvegar og þvær allan vinnufatnað starfsmönnum að kostnaðarlausu.

### Kostnaðarlaus og auðveldur flutningur inn á svæðið

Þurfi starfsmaður að flytja inn á svæðið úr meira en 100 km fjarlægð frá vinnustaðnum greiðir Fjarðaál kostnað við kaup og sölu fasteigna, svo sem sölulaun, lántökugjald og stimpilgjöld. Fyrirtækið sér um að pakka búslóð, flytja hana og koma fyrir á nýju heimili. Með fyrsta launaseðlinum fær starfsmaður 200.000 kr. greiðslu til að koma sér fyrir á svæðinu. Fyrirtækið aðstoðar einnig nýja íbúa á svæðinu við að leigja húsnæði. Starfsmenn fá flugmiða með Flugfélagi Íslands á hagstæðum kjörum.

capacent RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á þessu tækifæri ættir þú hiklaust að hafa samband við Sigurlaugu Þorsteinsdóttur hjá Capacent, í síma 540 7117 eða á netfangið sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is eða skrá umsókn þína á www.capacent.is og haft verður samband við þig.

ÍSLENSKA/SIA.IS ALC 38579 08/07

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál

ALCOA

VEGAGERÐIN

# MÁLMIÐNAÐARMAÐUR
## ÍSAFIRÐI

Staða málmiðnaðarmanns hjá vélaverkstæði Vegagerðarinnar á Ísafirði er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og Samiðnar.

**Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.**

**Starfssvið**
- Viðhald bifreiða og véla svo og á ýmsum búnaði t.d. snjóbúnaði, mælitækjum o.fl.
- Ýmis tilfallandi verkefni
- Vinna fer að hluta fram utan vélaverkstæðis

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Sveinspróf í málmiðnaði t.d. bifvéla- eða vélvirkjun
- Réttindi til að stjórna vinnuvélum æskileg
- Tölvukunnátta æskileg
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 27. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

---

HÉÐINN

# AÐALBÓKARI

Héðinn hf. óskar eftir að ráða aðalbókara til starfa. Um er að ræða starf sem lýtur að yfirumsjón með bókhaldi fyrirtækisins. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Héðinn hf. er rótgróið málmiðnaðarfyrirtæki frá árinu 1922 með viðtæka starfsemi í öllum þáttum innan vélvirkjunar og járnsmíði. Starfsemin er til húsa í 5.000 m² húsnæði búið öllum fullkomnustu vélum og tækjum sem völ er á. Fyrirtækið leggur metnað sinn í vönduð vinnubrögð í hvívetna og ábyrgð gagnvart bæði starfsmönnum sínum og viðskiptamönnum. Starfsmannaaðstaða er góð og mötuneyti er á staðnum.

**Starfssvið**
- Umsjón bókhalds
- Almennar afstemmingar
- Upplýsingavinnsla úr bókhaldi
- Skýrslugerð
- Undirbúningur uppgjörs

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Góð reynsla af bókhaldi skilyrði og reynsla úr starfi aðalbókara kostur
- Viðskiptamenntun æskileg
- Nákvæm vinnubrögð og talnagleggni
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Jákvæðni, sveigjanleiki, frumkvæði og lipurð í samskiptum
- Góð tölvukunnátta

Í boði er spennandi starf fyrir einstakling sem vill vinna sjálfstætt og hafa tækifæri til frumkvæðis í vinnubrögðum.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 19. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

---

UTL
ÚTLENDINGASTOFNUN
ICELANDIC DIRECTORATE OF IMMIGRATION

# ÞJÓNUSTUFULLTRÚI

Útlendingastofnun leitar að starfsmanni í starf þjónustufulltrúa. Um er að ræða starf sem krefst mikilla samskipta við erlenda og innlenda viðskiptavini. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi ríka þjónustulund og áhuga á mannlegum samskiptum.

Hlutverk Útlendingastofnunar felst í umsýslu og málsmeðferð umsókna til dvalar á Íslandi.

Útlendingastofnun er framsækin stofnun sem er í mikilli þróun og taka starfsmenn virkan þátt í áframhaldandi stefnumótun.

**Starfssvið**
- Samskipti, upplýsingagjöf og þjónusta við viðskiptavini
- Símavarsla
- Tölvuskráning
- Bakvinnsla
- Önnur verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Afburða þjónustulund og samskiptahæfni
- Geta til að vinna undir miklu álagi og áreiti
- Þroski og reynsla af skrifstofu og þjónustustörfum
- Góð enskukunnátta, öll önnur tungumálakunnátta mikill kostur
- Almenn tölvufærni

**Um 100% starfshlutfall er að ræða. Störfin henta körlum jafnt sem konum.**

Umsjón með starfinu hafa Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun.yr.arnadottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfdanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 26. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

---

# LAUNAFULLTRÚI

Dalvíkurbyggð óskar eftir að ráða launafulltrúa. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Dalvíkurbyggð er framsækið sveitarfélag við utanverðan Eyjafjörð. Þar er blómlegt og fjölbreytt atvinnu- og menningarlíf. Umhverfi er sérlega fjölskylduvænt og góðar aðstæður til útivistar jafnt sumar sem vetur. Frekari upplýsingar um sveitarfélagið má finna á www.dalvik.is

**Starfssvið**
- Launavinnsla og frágangur launa
- Launaröðun og launagreiðslur skv. kjara- og ráðningarsamningum
- Upplýsingagjöf varðandi launavinnslu og kjaratengd mál
- Ýmis umsjón og utanumhald í tengslum við starfsmannakerfi og upplýsingar
- Úrvinnsla gagna
- Aðstoð og ráðgjöf til stjórnenda
- Vinnur að gerð launaáætlana

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Háskólamenntun kostur, ekki skilyrði
- Þekking og reynsla af launavinnslu og/eða bókhaldi æskileg
- Góð þekking á upplýsingatækni
- Skipulagshæfileikar og nákvæm vinnubrögð
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði

**Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag og samkvæmt Starfsmannastefnu Dalvíkurbyggðar.**
**Í samræmi við jafnréttisáætlun Dalvíkurbyggðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.**

Umsjón með starfinu hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Halla Björk Garðarsdóttir (halla.gardarsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 19. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Glerárgötu 36 600 Akureyri Sími 540 7120

# Saman náum við árangri

SAMSKIP

> Fyrirtækið

Samskip er fjölbreyttur og krefjandi vinnustaður þar sem þekking, frumkvæði og samheldni er lykillinn að árangri. Samskip bjóða viðskiptavinum sínum upp á alhliða flutninga og tengda þjónustu hvert sem er og hvaðan sem er í heiminum. Samskip starfrækja skrifstofur og dótturfélög beggja vegna Atlantshafsins og starfa þannig á alþjóðlegum flutningamarkaði. Hjá Samskipum starfa nú um 1400 starfsmenn á 56 skrifstofum í 23 löndum.




## > Forstöðumaður fjárreiðudeildar Samskipa

Samskip óska eftir að ráða forstöðumann fjáreiðudeildar félagsins. Fjárreiðudeild ber ábyrgð á daglegum fjármálum Samskipa hf. á Íslandi. Í því felst m.a. yfirumsjón með fjárstreymi, samskiptum við banka sem og margvíslegri sérfræðiþjónustu og skýrslugerð. Forstöðumaður ber ábyrgð á stjórnun á daglegum rekstri fjárreiðudeildar.

### > Menntunar- og hæfniskröfur:

- Viðskiptafræðimenntum eða sambærilegt
- Gerð er krafa um marktæka stjórnunarreynslu og reynslu af sambærilegum verkefnum
- Framúrskarandi tölvuþekking og kunnátta við að nýta upplýsingakerfi sem stjórntæki
- Frumkvæði, eldmóður og metnaður til að ná árangri í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum

## > Þjónustufulltrúi í viðskiptaþjónustu

Óskum eftir þjónustufulltrúa í þjónustudeild Samskipa. Þjónustudeild sér um að þjónusta viðskiptavini félagsins vegna millilandaflutninga. Starfið felst í flutningaráðgjöf, móttöku almennra verðfyrirspurna frá núverandi og tilvonandi viðskiptamönnum og tilboðagerð til þeirra. Afhending flutningspappíra, úrlausn og svörun fyrirspurna viðskiptavina. Þjónustufulltrúi starfar náið með forstöðumanni þjónustudeildar og viðskiptastjórum og þarf að þekkja og skilja samninga þá sem gerðir eru til þess að geta veitt viðskiptavinum nauðsynlegar upplýsingar og þjónustu. Þjónustufulltrúi mun eiga töluverð samskipti við skrifstofur félagsins um heiminn.

### > Menntunar- og hæfniskröfur:

- Rekstrarfræði , viðskiptafræði eða sambærilegt
- Þekking á flutningum mikill kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Skilyrði að viðkomandi tali og riti ensku
- Fáguð framkoma , rík þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.

## > Starfsmaður í mötuneyti

Samskip óska eftir að ráða dugmikinn, samviskusaman og reyklausan starfsmann í mötuneyti. Helstu verkefni starfsfólks í mötuneyti eru undirbúningur máltíða, útbúa samlokur, kaffimeðlæti o.fl., framreiðsla á mat og afgreiðsla, uppvask, frágangur, þrif, aðstoð við veisluþjónustu og önnur tilfallandi verk. Mötuneyti Samskipa er með fullkomnari mötuneytum landsins og þar er vinnuaðstaða ein sú besta sem þekkist.

### > Hæfniskröfur

- Reynsla af svipuðu starfi
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Fáguð framkoma, lipurð í mannlegum samskiptum og þjónustulund.

Vinnutími 08.00 – 16.00

## > Þjónustufulltrúi viðskiptaþjónustu vörumiðstöðvar

Við óskum eftir að ráða drífandi og metnaðarfullan einstakling í starf þjónustufulltrúa í viðskiptaþjónustu vörumiðstöðvar fyrirtækisins. Viðskiptaþjónusta vörumiðstöðvar Samskipa sér um að þjónusta viðskiptavini sem geyma vörur í almennri hýsingu eða í tollvörugeymslu hjá fyrirtækinu. Helstu verkefni þjónustufulltrúa eru utanumhald á skrifstofu vegna vörumóttöku og afgreiðslu. Frágangur á tollaskjölum gagnvart tollayfirvöldum. Skráning í birgðakerfi og eftirfylgni þjónustu, ásamt almennri upplýsingagjöf til viðskiptavina. Í þessu starfi eru mikil samskipti við innri og ytri viðskiptavini félagsins.

### > Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Þekking og reynsla af tollamálum æskileg
- Góð tölvukunnátta skilyrði, þekking á Concorde kostur
- Nákvæmni, tölugleggni og hæfileiki til að starfa undir álagi
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Gerð er krafa um hreint sakavottorð

## > Þjónustufulltrúi í söludeild innanlandssviðs

Við leitum að þjónustufulltrúa í afgreiðslu söludeildar innanlandssviðs Samskipa. Söludeild innanlandssviðs sér um að þjónusta viðskiptavini innanlandskerfis Samskipa. Þjónustufulltrúi sér um móttöku og afhendingar sendinga innanlandskerfis ásamt upplýsingagjöf og þjónustu við viðskiptavini innanlandskerfis. Jafnframt sér þjónustufulltrúi um skráningu fylgibréfa og annarra skjala og ber ábyrgð á uppgjörum sínum og frágangi í gjaldkerabók.

### > Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdents/verslunarpróf eða sambærileg menntun
- Hagnýt reynsla af skrifstofustörfum
- Góð almenn tölvuþekking
- Fáguð framkoma , rík þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum

## > Farmskrárfulltrúi í útflutningsdeild

Við óskum eftir liðsmanni í raðir farmskrárfulltrúa útflutnings. Útflutnginsdeild er deild innan millilandasviðs félagsins. Starfssvið farmskrárfulltrúa er tekjuskráning útflutnings í flutningakerfi félagsins, móttaka og skil á flutningspappírum. Sending tilkynninga og reikninga vegna flutningsgjalda. Almenn samskipti við tollaembætti og erlendar skrifstofur félagsins ásamt þjónustu við innri og ytri viðskiptavini félagsins.

### > Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun kostur en ekki skilyrði
- Reynsla af flutningum æskileg
- Góða almenn tölvuþekking
- Enskukunnátta skilyrði bæði í tali og riti
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Þjónustulund og fáguð framkoma

capacent RÁÐNINGAR

Umsjón með störfunum hefur Jónína Guðmundsdóttir **jonina.gudmundsdottir@capacent.is** hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með **19. ágúst** nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**

FASTEIGNIR RÍKISSJÓÐS

Fasteignir ríkissjóðs fara með umsýslu 220 fasteigna í eigu ríkisins um land allt. Í því felst útleiga húsnæðis, rekstur þess, viðhald og endurbætur.

Brunabótamat eignasafnsins er um 45 milljarðar og heildarstærð þess um 355 þús. m². Ársvelta er rúmir 2 milljarðar. Aðsetur er að Borgartúni 7 í Reykjavík en framkvæmdir eru einnig víða um land.

# STJÓRNUN VIÐHALDSFRAMKVÆMDA

Fasteignir ríkissjóðs óska eftir að ráða verkefnastjóra viðhaldsframkvæmda. Starfið tekur til um þriðjungs eignasafnsins.

**Starfssvið**
- Meta ástand fasteigna með tilliti til viðhalds og nauðsynlegra endurbóta
- Gerð kostnaðar- og framkvæmdaáætlana
- Vinna að undirbúningi og skipulagningu framkvæmda
- Eftirlit og stjórnun framkvæmda

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Byggingartæknifræði, byggingarfræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi. Iðnmenntun er kostur
- Reynsla af stjórnun verklegra framkvæmda og framkvæmdaeftirliti
- Frumkvæði, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 26. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

---

Viðskiptaráðuneytið fer með mál er varðar verslun og viðskipti, fjármálamarkað, vátryggingar, fjárfestingar erlendra aðila, samkeppnismál, neytendavernd og félagarétt. Á síðast liðnu vori var rekstur iðnaðarráðuneytis og viðskiptaráðuneytis skilin að og í framhaldi af því hefur verið unnið að eflingu og skipulagningu ráðuneytisins. Þáttur í þeirri vinnu er að fjölga sérfræðingum ráðuneytisins.

# LÖGFRÆÐINGAR

Í viðskiptaráðuneytinu eru laus til umsóknar störf lögfræðinga. Starfshlutfall er 100% og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi FHSS og fjármálaráðherra.

**Starfssvið**
- Þátttaka í stefnumörkun
- Samning lagafrumvarpa og reglugerða
- Samskipti við fjármálafyrirtæki, vátryggingafélög og aðra hagsmunaaðila
- Samskipti við Alþingi
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Kandídatspróf eða meistarapróf í lögfræði
- Frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku
- Góð kunnátta í ensku skilyrði og kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg
- Þekking á sviði opinberrar stjórnsýslu og verkefnasviði ráðuneytisins æskileg

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 27. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is
**Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.**

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

---

www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Meginhlutverk Fjármálaþjónustu Akureyrarbæjar er umsjón með fjárreiðum Akureyrarbæjar og stofnana hans. Innheimta skatta og gjalda ásamt því að annast greiðslu reikninga. Jafnframt annast deildin allt bókhald og uppgjör bæjarins og stofnana hans.

Fjármálaþjónustan kappkostar að veita viðskiptavinum sínum þ.e. deildum og stofnunum bæjarins, bæjarfulltrúum og bæjarbúum, ávallt eins góða þjónustu og kostur er, með hagkvæmum hætti.
Hjá Fjármálaþjónustunni starfa 15 manns, þar af 8 í bókhaldsdeild.

# AÐALBÓKARI
## AKUREYRI

Akureyrarbær óskar eftir að ráða aðalbókara. Starfið tilheyrir Fjármálaþjónustu bæjarins.

**Starfssvið**
- Ábyrgð á bókhaldi bæjarsjóðs Akureyrar, stofnana hans og samstarfsverkefna
- Yfirumsjón með bókhaldi, afstemmingum og uppgjöri
- Gerð ársreikninga í samvinnu við endurskoðendur
- Upplýsingavinnsla úr bókhaldsgögnum
- Stjórnun og daglegur rekstur bókhaldsdeildar
- Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Menntun á sviði endurskoðunar er kostur
- Víðtæk þekking og reynsla af reikningsskilum
- Reynsla af rekstri og stjórnun er kostur
- Góð tölvukunnátta, þekking á SAP er kostur
- Nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Framangreindum hæfniskröfum er ekki raðað eftir mikilvægi. Akureyrarbær stefnir að því að hlutur kynjanna meðal starfsmanna verði sem jafnastur og hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

Umsjón með starfinu hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Halla Björk Garðarsdóttir (halla.gardarsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 19. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Glerárgötu 36 600 Akureyri Sími 540 7120

---

# GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.
Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar
www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

RARIK lifandi afl

RARIK ohf. er orkufyrirtæki í opinberri eigu með meginstarfsemi í raforkudreifingu og er einnig í dreifingu og sölu á heitu vatni. RARIK hefur fært raforkuframleiðslu sína og sölu í dótturfyrirtæki sitt Orkusöluna ehf. RARIK er með starfsstöðvar vítt og breitt um landið og er eiginfjárstaða fyrirtækisins sterk.

# FRAMKVÆMDASTJÓRI FJÁRMÁLASVIÐS

RARIK óskar eftir umsóknum í starf framkvæmdastjóra fjármálasviðs. Um er að ræða krefjandi starf í spennandi atvinnugeira sem býður upp á mikla framtíðarmöguleika.

**Starfssvið**
- Ber ábyrgð á daglegum rekstri fjármálasviðs
- Umsjón með gerð ársreikninga og milliuppgjöra
- Gerð fjárhagsáætlana
- Kostnaðareftirlit með rekstri og framkvæmdum
- Þróun verkferla
- Stefnumótun

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í rekstrarhagfræði, viðskiptafræði eða sambærilegu
- Reynsla af fjármálastjórnum
- Reynsla af áætlanagerð og uppgjörum
- Hæfni í greiningu og lausn vandamála
- Góðir samskiptahæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 19. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

---

LÝÐHEILSUSTÖÐ – lifið heil

Lýðheilsustöð er stofnun sem hefur það hlutverk að skapa landsmönnum tækifæri til heilbrigðs lífs. Þetta er gert með því að efla þekkingu með þátttöku í rannsóknum og kennslu, með forvarna- og heilsueflingarstarfi og ráðgjöf til stjórnvalda.

# VERKEFNASTJÓRI Á SAMSKIPTA OG FRÆÐSLUSVIÐI

Lýðheilsustöð óskar eftir að ráða metnaðarfullan og áhugasaman verkefnastjóra á samskipta- og fræðslusvið.

**Starfssvið**
- Uppbygging og umsjón með efni á heimasíðu
- Undirbúningur, uppsetning og yfirlestur efnis
- Kynningarstarf
- Samstarf við hagsmunaaðila innanhúss og utan

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af textagerð æskileg
- Haldgóð reynsla af vinnu við heimasíður
- Góð kunnátta á helsu tölvuforrit, einkum þau sem snúa að uppsetningu efnis og myndvinnslu
- Mjög góð íslenskukunnátta auk góðrar enskukunnáttu
- Frumkvæði, skipulagshæfni og markviss vinnubrögð
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum

**Starfi er laust og óskað er eftir starfsmanni sem getur hafið störf sem fyrst. Laun greiðast samkvæmt samningum fjármálaráðuneytisins við viðkomandi stéttarfélag. Leitast er við að jafna hlut kynjanna innan stofnunarinnar.**

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 26. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

---

RTS VERKFRÆÐISTOFA

RTS er ráðgjafafyrirtæki á rafmagnssviði. Starfsmenn RTS á iðnaðarsviði vinna við ráðgjöf, hönnun, forritun og uppstart rafkerfa í iðnaði. Starfsemin skiptist upp í þrjá meginþætti sem tengjast verkefnum fyrir byggingariðnaðinn, framleiðsluiðnaðinn og eftirlitsgeirann. www.rts.is

# SPENNANDI STÖRF

RTS verkfræðistofa vill bæta við sig öflugum starfsmönnum vegna aukinna umsvifa í erlendum verkefnum.

## Rafmagnsverkfræðingur, -tæknifræðingur eða rafiðnfræðingur

**Helsta verksvið rafmagnsverkfræðinga, og -tæknifræðinga er:**
- Hönnun rafkerfa í iðnaði
- Hönnun iðntölvunetkerfa
- Forritun iðntölvukerfa og skjákerfa
- Prófanir, gangsetning og úttektir
- Kennsla

**Helsta verksvið rafiðnfræðinga:**
- Hönnun/teiknun rafkerfa í iðnaði
- Verkstjórnun / verkumsjón
- Grunnprófanir, gangsetning
- Aðstoð við prófanir
- Frágangur verka

Um er að ræða fjölbreytt verkefni sem fylgja þarf eftir á verkstað erlendis. Starfsemi í viðkomandi landi getur verið frá 3 – 6 vikum upp í það að vera fastur dvalarstaður.

## Móttaka - Hlutastarf

**Starfssvið:**
- Móttaka viðskiptavina
- Umsjón með pósti
- Skjalafrágangur
- Innkaup
- Ýmis tilfallandi verkefni

Um er að ræða 60% starf en starfshlutfall getur aukist upp í 100%. Viðkomandi þarf að vera úrræðagóður og hafa gaman að því að vinna með fólki og vera léttur í lund.

Umsjón með störfunum hafa Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun.yr.arnadottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 22. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# Mötuneyti

564955
Félagasamtök á höfuðborgarsvæðinu óska eftir starfsmanni í mötuneyti fyrir allt að 30 manns.

- Starfið felur í sér undirbúning og eldun hádegisverðar, innkaup og frágang í mötuneytinu. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 10:00-14:00.
- Leitað er að einstaklingi með reynslu og áhuga á matargerð og hollustu, er sjálfstæður, úrræðagóður og glaðlyndur. Ráðið verður í starfið fljótlega.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is

vinna.is atvinnumiðlun

# Sölumaður á ferðinni

565019
Öflugt innflutnings- og framleiðslufyrirtæki óskar eftir að ráða til sín sölumann.

- Í starfinu felst að fara í bakarí á höfuðborgarsvæðinu og selja þær vörur sem fyrirtækið hefur að bjóða, jafnframt því að afla nýrra viðskiptavina.
- Leitað er að bakaramenntuðum einstaklingi sem er röskur, þjónustulundaður og hefur góða framkomu. Reynsla af sölumennsku er kostur. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 8/9:00-16/17:00. Ráðið verður í starfið eftir nánara samkomulagi.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is

vinna.is atvinnumiðlun

# Húsvarsla

565071
Skólastofnun í miðborg Reykjavíkur óskar eftir að ráða ungt barnlaust par eða hjón sem húsverði.

- Í starfinu felst að sinna minni háttar lagfæringum og viðhaldi á húsnæðinu, ræstingar og annað tilfallandi.
- Leitað er að laghentum aðilum sem eru reglusamir, samviskusamir, áreiðanlegir, liprir í samskiptum og reyklausir. Fastrar viðveru er ekki krafist.
- Starfinu fylgir lítil íbúð í skólastofnuninni, hiti og rafmagn. Ekki er um önnur laun að ræða. Hentugt fyrir iðnaðarmenn eða laghent námsfólk. Viðkomandi þurfa að geta hafið störf fljótlega. Umsækjendur þurfa að vera tilbúnir að framvísa hreinu sakavottorði.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is

vinna.is atvinnumiðlun

# KÓPAVOGSBÆR

## Íþróttafulltrúi

- **Laust er til umsóknar starf íþróttafulltrúa Kópavogsbæjar frá 1. september nk. til afleysinga í eitt ár.**
  Krafa er gerð um háskólamenntun í íþrótta-, rekstrar- og/eða stjórnunarfræðum eða aðra sambærilega menntun.
  Jafnframt er gerð krafa um að umsækjandi hafi reynslu í stjórnun og rekstri og mannlegum samskiptum.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga f.h. Kópavogsbæjar og viðkomandi háskólafélags.

Umsóknarfrestur er til 24. ágúst nk.

Upplýsingar eru veittar á skrifstofu íþrótta- og tómstundamála og hjá sviðsstjóra, Birni Þorsteinssyni, í síma 570-1600.

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Starfsmannastjóri

**www.kopavogur.is - www.job.is**




## ÍTR ÓSKAR EFTIR STARFSFÓLKI Í ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINA Í SELJAHVERFI OG SUNDHÖLLINA

**Íþróttamiðstöðin í Seljahverfi**
Óskum eftir karlmönnum til starfa í karlaklefa og umsjón með íþróttahúsi. Um er vaktavinnu að ræða. Nánari upplýsingar veitir Gunnar Hauksson forstöðumaður í síma 695-5113, netfang gunnar.hauksson@reykjavik.is

**Sundhöllin**
Óskað er eftir starfsmanni í karlaklefa. Um er að ræða vaktavinnu. Nánari upplýsingar veitir Katrín Lovisa forstöðumaður í síma 411-5350, netfang katrin.lovisa.irvin@reykjavik.is

**Hæfniskröfur**
Umsækjendur þurfa að standast hæfnispróf sbr. öryggisreglugerð fyrir sundstaði einnig verða þeir að eiga gott með að umgangast fólk og hafa góða þjónustulund.

Hægt er að sækja um og fá frekari upplýsingar á heimasíðu ÍTR, www.itr.is og hjá viðkomandi forstöðumönnum. Umsækjendur þurfa að hefja störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar

Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur | Bæjarhálsi 1
Sími 411 5000 | Bréfsími 411 5009 | www.itr.is | itr@itr.is

vinna.is atvinnumiðlun



**Vinna.is**
Sími 511 1144 www.vinna.is

# FRÁBÆR VINNUSTAÐUR

HEKLA er eitt öflugasta bílaumboð landsins. Boðið er upp á góða vinnuaðstöðu og tækifæri til að vinna með hópi framúrskarandi starfsmanna. Við leitum að fólki sem hefur jákvætt viðmót, góða þjónustulund og er tilbúið að veita viðskiptavinum okkar afburðaþjónustu.















## BÍLA- OG VÉLASVIÐ

### Bifvélavirki og/eða vélvirki – Mechanic

Óskað er eftir bifvélavirkjum og/eða vélvirkjum til starfa á bíla- og vélaverkstæði HEKLU. Boðið er upp á úrvals aðstöðu á báðum verkstæðum, gott tæknilegt umhverfi ásamt góðum möguleikum á þjálfun og endurmenntun.

**Hæfniskröfur:**

- Sveinspróf er æskilegt en góð reynsla af viðgerðum og viðhaldi er kostur.
- Áhugi og þekking á bílum og/eða tækjum.
- Góð tungumálakunnátta.
- Góð tölvukunnátta.

Vinnutími á verkstæðunum er frá kl. 8–16 en vegna mikillar eftirspurnar er vinna í boði til kl.18 á virkum dögum.

### Verkstæðismóttaka – Service Advisor

Óskað er eftir starfsmönnum í verkstæðismóttöku á bíla- og vélasviði til að sjá um tímabókanir, skrá upplýsingar í verkbókhaldskerfi, veita upplýsingar um stöðu verkefna og sjá um útskrift reikninga að þjónustu lokinni. Verkstæðismóttaka bílasviðs er á Laugavegi 174 en verkstæðismóttaka vélasviðs er í Klettagörðum 8–10.

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af sambærilegu starfi.
- Áhugi og þekking á bílum og/eða tækjum.
- Útsjónarsemi og þjónustulund.
- Góð tungumálakunnátta.
- Góð tölvukunnátta.

## VÉLASVIÐ

### Sölumaður vélavarahluta – Sales, Spare Parts

Sölumenn veita ráðgjöf og selja varahluti eftir óskum viðskiptavina.

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af sölu varahluta er kostur.
- Góð tölvuþekking.
- Hæfni til að afla upplýsinga.
- Sjálfstæð vinnubrögð.

### Smurþjónusta á vélaverkstæði – Lubrication Service

Starfsmaður í smurþjónustu sinnir daglegri smurþjónustu á vélaverkstæði. Boðið er upp á fullkomna aðstöðu til þjónustu á stærri tækjum.

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af sambærilegum störfum.

Vinsamlegast sendið umsókn og ferilskrá í gegnum heimasíðu HEKLU, www.hekla.is, eða til Valdísar Arnórsdóttur starfsmannastjóra á netfangið va@hekla.is.
Umsóknarfrestur er til 26. ágúst 2007.

HEKLA

HEKLA | Laugavegi 172–174 | Pósthólf 5310 | 125 Reykjavík | Sími 590 5000 | Fax 590 5005 | hekla@hekla.is | www.hekla.is

# VERKEFNASTJÓRI

MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR Á SUÐURNESJUM

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum er sjálfseignastofnum sem hefur markmið að efla sí- og endurmenntun Suðurnesjamanna. MSS sinnir námskeiðshaldi og ráðgjöf fyrir einstaklinga og fyrirtæki, þarfagreiningu og fjarnámi á háskólastigi.

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum óskar eftir að ráða verkefnastjóra/ráðgjafa til starfa sem fyrst.

**Starfssvið**
- Verkefnastýring, skipulagning námskeiða og markaðssetning
- Þarfagreining
- Ráðgjöf til einstaklinga og fyrirtækja
- Kennsla á námskeiðum miðstöðvarinnar

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góðir samskiptahæfileikar
- Þjónustulund
- Markaðs- og söluhæfileikar
- Reynsla af framsetningu efnis í töluðu og rituðu máli
- Góð enskukunnátta og kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg
- Sjálfstæð, fagleg og öguð vinnubrögð

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 19. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# VILTU BREYTINGAR?

DHL

Fyrirtækið býður viðskiptavinum sínum upp á sveigjanlegar heildarlausnir sem byggja á sérþekkingu á sviði hraðsendinga, sjó- og flugfraktar. Þjónustunet DHL nær til meira en 220 landa og svæða og yfir 285.000 starfsmenn starfa hjá fyrirtækinu um heim allan. Hjá DHL á Íslandi starfa um 70 manns og góður starfsandi einkennir vinnustaðinn sem býður upp á alþjóðlegt og krefjandi starfsumhverfi.

DHL er leiðandi fyrirtæki á alþjóðlegum flutningamarkaði. Fyrirtækið óskar eftir að bæta við starfsmönnum í spennandi og krefjandi störf.

## Sölufulltrúi

**Starfssvið**
- Utanumhald um viðskiptamannaskrár, gjaldskrár og samninga
- Aðstoð við viðskiptastjóra
- Gerð frammistöðu og árangursskýrslna
- Önnur verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Stúdentspróf skilyrði
- Góð tölvukunnátta nauðsynleg
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum

## Viðskiptastjóri símasölu

**Starfssvið**
- Samskipti, þjónusta og sala til núverandi og mögulegra viðskiptavina DHL
- Stjórnun viðskiptatengsla
- Ráðgjöf, tilboðs- og samningagerð

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Stúdentspróf skilyrði
- Góð tölvukunnátta nauðsynleg
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Metnaður og árangursdrifni
- Góðir samskiptahæfileikar

Umsjón með störfunum hafa Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun.yr.arnadottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 22. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



# Störf þjónustufulltrúa á höfuðborgarsvæðinu laus til umsóknar

Óskum eftir að ráða til starfa þjónustufulltrúa í útibú bankans á höfuðborgarsvæðinu.

**Helstu verkefni:**
- Sala og þjónusta til einstaklinga
- Fjármálaráðgjöf til einstaklinga
- Upplýsingagjöf um vörur og þjónustu bankans

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun og/eða reynsla af bankastörfum
- Frumkvæði, þjónustulund og söluhæfileikar
- Markviss og sjálfstæð vinnubrögð
- Færni í samskiptum og þægilegt viðmót

Nánari upplýsingar veitir Berglind Ingvarsdóttir á starfsmannasviði Landsbankans í síma 410 7914.

Umsóknir fyllist út og sendist ásamt fylgigögnum á www.landsbanki.is fyrir 22. ágúst nk.

Landsbankinn er eitt stærsta fjármálafyrirtæki landsins og veitir alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana.

Landsbankinn leitast við að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk og efla það í störfum sínum.

Til að stuðla að vexti og arðsemi bankans er áhersla lögð á skemmtilegan vinnustað, starfsánægju og gott starfsumhverfi, sem og markvissa starfsþróun og þekkingu starfsfólks.

Það er viðhorf stjórnenda Landsbankans að starfsfólkið, metnaður þess, kraftur og hollusta, séu lykillinn að farsælum rekstri bankans.

Landsbankinn

ÍSLENSKA/SIA.IS/ICE 38582 08/07

# Laus störf hjá Marel

## Okkur vantar starfsfólk í framleiðslu:

### Laghent fólk

Við leitum að fólki sem er laghent og tilbúið að læra. Um er að ræða störf í snyrtilegu starfsumhverfi við samsetningu á tækjum og búnaði. Við veitum góða þjálfun og leitum að áhugasömum einstaklingum sem vilja vinna á fjölbreyttum og góðum vinnustað.

### Rafvirkjar

Rafvirkjar sinna fjölbreyttum og krefjandi verkefnum við frágang rafbúnaðar fyrir framleiðsluvörur Marel. Þeir sjá einnig um stillingu og prófun tækja og búnaðar.

### Málmiðnaðarmenn

Málmiðnaðarmenn vinna við smíði úr ryðfríu stáli, samsetningu og frágang tækja og búnaðar. Við leitum að áhugasömum og hæfileikaríkum málm - iðnaðarmönnum og veitum þjálfun í smíði samkvæmt gæðakröfum Marel.

**Störfin henta jafnt konum sem körlum**.

Umsóknarfrestur er til 22. ágúst. Vinsamlegast sækið um á heimasíðu Marel, www.marel.is. Nánari upplýsingar veitir Hörður Valgeirsson, framleiðslustýringu, í síma 563 8000, hordurv@marel.is.




Marel ehf er dótturfélag Marel Food Systems sem er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa yfir 2100 starfsmenn í 5 heimsálfum, þar af um 370 manns á Íslandi

## Hvernig vinnum við í framleiðslu Marel?

Í framleiðslu Marel ehf er unnið í sellum eða litlum, sjálfstæðum liðum. Sellan ber ábyrgð á að uppfylla kröfur og væntingar viðskiptavina um gæðavöru, pökkun og útskipun búnaðar á afhendingardegi. Í sellunni er lögð er áhersla á að fólk vinni sjálfstætt og að því sé treyst fyrir sínu vinnusviði. Góð samvinna og liðsandi skipta miklu máli. Við leggjum einnig áherslu á símenntun.

## Hvað segir starfsfólkið?

**„Manni er treyst til að gera hlutina"**

- Sjálfstæð vinnubrögð
- Fjölbreytt verkefni
- Sveigjanleiki í vinnutíma



**„Þú færð ekki betri vinnuaðstöðu"**

- Snyrtilegt og öruggt
- Gott mötuneyti
- Barnaherbergi



**„Ég nota íþróttaaðstöðuna mikið"**

- Heilsuvernd í fyrirrúmi og íþróttastyrkir
- Tveir íþróttasalir, tækjasalur, Boot Camp, skvass, hlaupahópur og yoga



**„Góður starfsandi og góðir vinnufélagar"**

- Virkt félagslíf
- Öflugt starfsmannafélag
- Þrjú sumarhús

RETURN ON INNOVATION
www.marelfoodsystems.com

marel food systems

# Bókhald og innheimta

## Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi leitar að starfsmanni til skrifstofustarfa.

**Helstu verkefni**
- Vinna við bókhald, merkingar, afstemmingar, einnig úrvinnsla, innheimta og önnur tilfallandi skrifstofustörf.
- Um er að ræða 50-60% starf. Vinnutími getur verið mjög sveigjanlegur, þó að mestu innan venjulegs dagvinnutíma, kl. 8.00-17.00.

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af skrifstofustörfum ásamt góðri bókhaldskunnáttu er nauðsynleg.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 20. ágúst nk. Númer starfs er **6909**.

Upplýsingar veita Arna Pálsdóttir og Þórir Þorvarðarson. Netföng: arna@hagvangur.is og thorir@hagvangur.is

HAGVANGUR
*- við ráðum*

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

## Tónlistarskóli Sandgerðis
## Gítarkennari

Tónlistarskóli Sandgerðis óskar eftir að ráða gítarkennara fyrir nemendur í klassískum gítarleik frá 15. ágúst n.k.
Um 50% staða. Upplýsingar gefur skólastjóri Lilja Hafsteinsdóttir í símum: 423-7695 og 423-7360 og 899-6357.

# Aðstoð í eldhúsi

**Fyrirtæki í miðborg Reykjavíkur óskar að ráða aðstoðarmanneskju í eldhús þar sem boðið er upp á heitan mat í hádeginu. Um er að ræða hlutastarf og er vinnutími frá kl. 10.00 til 14.00 alla virka daga.**

Viðkomandi aðstoðar matreiðslumeistara við matargerð, frágang og önnur tilfallandi störf. Einnig þarf viðkomandi að geta sinnt afleysingum í fjarveru matreiðslumeistara.

**Hæfniskröfur**
- Matartæknanám eða önnur sambærileg menntun æskileg
- Reynsla af sambærilegum störfum
- Snyrtimennska og reykleysi
- Samviskusemi og stundvísi

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 20. ágúst nk.

Upplýsingar veita Inga Steinunn Arnardóttir og Arna Pálsdóttir.
Netföng: inga@hagvangur.is og arna@hagvangur.is

HAGVANGUR
*- við ráðum*

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is



# Viltu vinna með skemmtilegu fólki?

Skeljungur hf. óskar eftir starfsfólki til afgreiðslu- og þjónustustarfa á Shell og Select stöðvarnar á höfuðborgarsvæðinu.

**Vaktstjórar** - almenn afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini auk þess að hafa umsjón með vaktinni. Sveigjanleiki og jákvæðni eru lykilatriði.

**Afgreiðslufólk** - afgreiðslustörf á kassa ásamt öðrum tilfallandi störfum. Um er að ræða dag- eða næturvaktir. Lifandi starf þar sem þjónustulundin og brosið gegna stóru hlutverki.

**Hlutastörf á Shellstöðvunum** - almenn afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini. Tilvalið t.d. fyrir skólafólk.

Unnið er á vöktum og er um mismunandi vaktaskipulag að ræða.

Nánari upplýsingar veitir Rebekka Ingvarsdóttir í síma 444 3000. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu fyrirtækisins www.skeljungur.is eða senda upplýsingar á ri@skeljungur.is.

Vörumerki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International

*Made to move*




## VAKTSTJÓRI

Hópbílar óska eftir að ráða vaktstjóra til starfa. Starfssvið vaktstjóra er m.a. að stjórna og samhæfa þjónustu fyrirtækisins, skipuleggja og tímasetja einstaka þjónustuþætti, umsjón með mannafla ásamt gerð aksturs- og þjónustuáætlana.

## BÍLSTJÓRI MEÐ RÚTUPRÓF

Akstursþjónustu Hópbíla vantar röskan og ábyrgan aðila til að stafa við akstur fatlaðra einstaklinga.

Hópbílar bjóða upp á fjölbreytt og gefandi starfsumhverfi þar sem lögð er áhersla á góða starfsaðstöðu og er vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum. Þar starfa um 50 manns og hefur fyrirtækið yfir 40 stórum og smáum rútum að ráða.

Fyrirtækið starfar eftir vottuðu alþjóðlegu gæðakerfi ISO 14001 og leggur ríka áherslu á að starfsmenn taki virkan þátt í að framfylgja verklagi kerfisins.

Upplýsingar um störfin veitir Pálmar Sigurðsson í síma 599 6016, gsm 822 0098 palmar@hopbilar.is
Einnig er hægt að sækja um á rafrænu formi í gegnum heimasíðu Hópbíla

## Aðstoðarfólk óskast!

Ég er 21 árs, ung kona með hreyfihömlun sem leitar eftir aðstoðarfólki sem fyrst til að geta notið sjálfstæðs lífs. Ég bý eins og er í foreldrahúsum í Garðabæ.

Ég þarfnast aðstoðar við allar athafnir daglegs lífs, m.a. við hreinlæti, klæðnað, keyrslu, tiltekt, vinnu, skóla o.fl. Einnig til að auka og viðhalda lífsgæðum mínum svo ég geti lifað eins og hver önnur ung manneskja í íslensku samfélagi.

Ég sækist eftir því á hverjum degi að láta drauma mína rætast, gera vel úr því sem ég hef í höndunum og njóta þess sem lífið hefur upp á að bjóða.

**Þar getur þú komið sterk til leiks.**
Á allan hátt mun fjölbreytni einkenna starfið, engin dagur er eins hjá mér, frekar en hjá þér.

Umsækjandi þarf að vera á aldrinum 20-30 ára, reyklaus og með bílpróf sem er nauðsin. Jákvæðni, virðing og samvinna er lykill að farsæld í starfi sem þessu því með þér hef ég tækifæri til að lifa með reisn.

Fyrir frekari upplýsingar hafið samband á netfangið: freyja@forrettindi.is eða í síma 6912722.
Umsóknir, ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf berist einnig á freyja@forrettindi.is.

**Ráðningardagsetning:**
Sem allra fyrst.
**Vinnutímabil:**
Framtíðarstarf.
**Vinnuhlutfall:**
Fullt starf, sveigjanlegur vinnutími.
**Laun:**
Góð laun í boði.

FORRÉTTINDI
Aðstoð - frelsi - lífsgæði
Forréttindi ehf • Farsími: 691 2722 • freyja@forrettindi.is
www.forréttindi.is
-fötlun þarf ekki að vera hindrun!



## Neyðarverðir Reykjavík og Akureyri

112
EINN EINN TVEIR

*Neyðarlínan var stofnuð árið 1995. Þar vinna 35 starfsmenn sem hafa allir hlotið mikla þjálfun og sérhæfingu. Í samanburði við önnur lönd er Neyðarlínan í fremstu röð á sviði neyðarsímsvörunar og þjónustu.*

*Í boði er krefjandi og ábyrgðarmikið starf í traustu vinnuumhverfi.*

www.112.is

### Neyðarlínan óskar eftir að ráða neyðarverði til starfa í Reykjavík og á Akureyri.

Neyðarverðir annast símsvörun í neyðarnúmerinu 112. Þeir annast einnig símsvörun í neyðarnúmerum fyrir ýmsa þjónustuaðila. Unnið er á vöktum í sveigjanlegu vaktakerfi. Störf neyðarvarða henta jafnt konum sem körlum.

**Hæfniskröfur**
Umsækjendur þurfa að hafa:
- stúdentspróf eða sambærilega menntun, háskólamenntun er æskileg
- góða almenna tölvukunnáttu og góðan innsláttarhraða
- góða enskukunnáttu, talað og skrifað mál
- góðan skilning á dönsku eða öðru Norðurlandamáli
- almenna þekkingu á landinu
- hreint sakavottorð

**Persónulegir eiginleikar**
Umsækjendur þurfa að:
- eiga gott með að halda einbeitingu undir álagi
- hafa frumkvæði, sjálfstæði og áræðni í starfi
- hafa góða samstarfshæfileika og hæfni í mannlegum samskiptum
- hafa góða greiningarhæfni
- hafa þjónustulund og sveigjanleika

Viðtöl munu fara fram í Reykjavík og á Akureyri.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 27. ágúst nk.
Upplýsingar veita Albert Arnarson og Arna Pálsdóttir.
Netföng: albert@hagvangur.is og arna@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

**Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is**






## BÆR TÆKIFÆRA

## TOWN OF OPPORTUNITIES

# VILTU EFLA HÆFNI ÞÍNA Í GÓÐUM HÓPI?

Garðabær auglýsir eftir starfsfólki til fjölbreyttra starfa í stofnunum bæjarins. Leitað er að fólki með þjónustulund og gott viðmót í störf með Garðbæingum á öllum aldri.

Í starfsmannastefnu Garðabæjar er sett fram það markmið að ráða hæft og áhugasamt starfsfólk og efla það í starfi. Lögð er áhersla á góða vinnuaðstöðu, fræðslu og endurmenntun og að auðvelda starfsfólki að samræma fjölskylduábyrgð og starf.

Í samræmi við jafnréttisstefnu Garðabæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til þess að sækja um laus störf. Bent er á forgang fatlaðra til starfa hjá sveitarfélögum skv. 32. gr. laga nr. 59/1992. Eftirlaunaþegar eru boðnir velkomnir til starfa.

Vinnustaðanám í íslensku verður í boði fyrir starfsfólk með erlent móðurmál

Óskað er eftir starfsfólki sem kostar kapps um að veita góða þjónustu í stofnunum Garðabæjar:

- leikskólum
- grunnskólum
- tómstundaheimilum
- íþróttamiðstöðvum
- heimaþjónustu

Upplýsingar eru veittar á bæjarskrifstofum Garðabæjar hjá Vilhjálmi Haraldssyni í síma 525 8508 og sækja má um störf á vef Garðabæjar www.gardabaer.is

Laun eru samkvæmt samningum Launanefndar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

# WOULD YOU LIKE TO INCREASE YOUR QUALIFACATIONS TO BECOME PART OF A GOOD TEAM?

The municipality of Gardabær is looking for new employees for diverse jobs in the town's institutions. We are looking for service-minded people with a positive attitude to work with inhabitants of all age groups in Gardabær.

The Gardabær personnel policy sets forth a goal of hiring qualified and interested people, and developing their careers. Gardabær emphasises a good working environment, training and continuing education, including a flexible approach to family responsibilities and work.

In accordance with the Gardabær equal opportunities policy, both men and women are encouraged to apply for vacant positions. We welcome handicapped and pensioners who want to work for Gardabær.

On-the-job Icelandic language courses will be offered to any employees having a foreign mother language. Courses regarding Icelandic society, as well as the principal rights and obligations of those who live in Iceland will also be offered.

We are looking for new employees wanting to provide good service in our institutions:

- kindergartens
- schools
- recreation centers
- sports centers
- domestic service

Information is provided from Gardabær Town Hall by calling Vilhjalmur Haraldsson s: 525 8508, and send applications via the Gardabær webpage: www.gardabaer.is

Wages will be according to agreements between the Municipal Wage Committee and respective trade unions.

E. Backman auglýsingastofa



PÓSTURINN
allur pakkinn

# Framtíðarstörf
## - móttaka og afgreiðsla

Íslandspóstur hf. óskar eftir afgreiðslufólki til starfa í fullt starf á pósthús víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu. Við leitum að sjálfstæðu, úrræðagóðu og þjónustulunduðu starfsfólki sem getur hafið störf fljótlega. Nánari upplýsingar gefa Heiða í síma 580-1263 og Herdís í síma 580-1128. Umsóknarfrestur er til 14. ágúst.

Umsóknum skal skilað til:
Íslandspóstur hf.
Stórhöfða 29
110 Reykjavík
Merkt: Afgreiðslustarf.

Starfsumsókn er einnig hægt að fylla út á www.postur.is

# Kerfisstjóri
## í upplýsingatæknideild Olís



Olíuverzlun Íslands hf. óskar að ráða kerfisstjóra í upplýsingatæknideild.

Viðkomandi hefur tæknilega umsjón með rekstri tölvukerfa Olís og tekur þátt í stefnumótun og áætlanagerð í tengslum við þá starfsemi.

Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsueflingar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð. Skrifstofur Olís eru að Sundagörðum 2 og þar starfa um 60 manns.

### Starfssvið
- Uppsetning og rekstur á netbúnaði, netþjónum og vinnustöðvum
- Rekstur staðarnets, víðnets og eldveggja
- Önnur tilfallandi verkefni innan deildarinnar

### Umhverfi
Windows og AIX
Cisco-beinar og eldveggur
Navision og MS-SQL
Posis-kassakerfi

### Menntun og hæfniskröfur
- Tölvunám úr Iðnskólanum eða sambærileg menntun
- Góð þekking á uppsetningum og rekstri á Windows-netþjónum og vinnustöðvum
- Grunnþekking á Cisco-beinum
- 2–3 ára reynsla af rekstri tölvukerfa
- Öguð og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund

Í boði er tækifæri til að vera þátttakandi í skemmtilegu en jafnframt krefjandi hópstarfi þar sem leitast er við að reka og þróa tölvukerfi í fremstu röð.

Umsóknir þurfa að berast til starfsmannastjóra Olís fyrir 17. ágúst nk. og má annað hvort senda þær í tölvupósti til rbg@olis.is eða í pósti til Olíuverzlunar Íslands, b.t. starfsmannastjóra, Sundagörðum 2, 104 Reykjavík.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristín Þórdís Ragnarsdóttir, forstöðumaður upplýsingatæknideildar Olís, ktr@olis.is.

**OLÍS – við höldum með þér!**




# Starfsmann í mötuneyti

Starfsmann vantar í mötuneyti framhaldsskóla í Reykjavík
Vinnutími 8:00 til 16:00 (eða samkomulag)
Góð laun í boði. Umsækjandi þarf helst að vera orðinn 20 ára.
Upplýsingar í síma 899 2959.

Reykjavíkurborg
Bílastæðasjóður

# Erum við að leita að þér? Eða þú kannski að okkur!

**Vegna aukinna verkefna leitar Bílastæðasjóður eftir jákvæðum og liprum einstaklingum til starfa sem fyrst**

**Starfssvið**
- Eftirlit með bifreiðastöðum og notkun gjaldskyldra bílastæða utanhúss
- Ritun umsagna vegna álagðra gjalda
- Mikil samskipti við viðskiptavini og samstarfsmenn

**Hæfniskröfur**
- Ökuréttindi áskilin
- Færni í mannlegum samskiptum, þjónustulund, jákvæðni og áræðni
- Stundvísi, reglusemi og almennt hreysti
- Skriffærni á íslensku
- Æskilegt er að viðkomandi hafi gott vald á ensku og einu norðurlandamáli

**Annað**
Starfið hentar jafnt konum sem körlum. Til greina kemur að ráða í hlutastarf.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Umsóknarfrestur er til 24. ágúst n.k. og skal senda umsóknir til Bílastæðasjóðs Reykjavíkur merkt "Stöðuvörður", Hverfisgötu 14, 101 Reykjavík. Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð í afgreiðslu okkar eða senda umsókn á albert.heimisson@reykjavik.is Nánari upplýsingar eru veittar í síma 411-3400

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf.Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Landbúnaðarháskóli Íslands

**Kerfisfræðingur**

Landbúnaðarháskóli Íslands óskar eftir að ráða kerfisfræðing. Starfið felst í vinnu við tölvukerfi skólans sem þjónustar bæði kennslu og rannsóknastarf. Starfsmaðurinn verður hluti af 4 - 5 manna teymi sem starfar við rekstur tölvukerfis og tilheyrir rekstrarsviði skólans. Næsti yfirmaður er kerfisstjóri.

Um er að ræða fullt starf og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Æskilegt er að viðkomandi hafi háskólamenntun í tölvufræði eða kerfisfræði. Mikilvægir eiginleikar í starfinu eru sjálfstæði, frumkvæði, þjónustulund og vilji til samstarfs.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Nánari upplýsingar um starfið veita Þorvaldur T. Jónsson rekstrarstjóri eða Guðjón Helgi Þorvaldsson kerfisstjóri í síma 433 5000 eða tölvupósti thorvaldur@lbhi.is / gudjon@lbhi.is

Umsóknarfrestur er til 20. ágúst nk. Umsóknir sendist til rekstrarstjóra Landbúnaðarháskóla Íslands, 311 Hvanneyri.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsóknir geta gilt í sex mánuði.

Landbúnaðarháskóli Íslands er nýr háskóli er byggir á grunni þriggja stofnana, Rannsóknastofnunar andbúnaðarins, Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Garðyrkjuskólans á Reykjum. Skólinn er í örri þróun og býður upp á fjölbreytt nám á sviði náttúrufræða, umhverfismála og skipulagsfræða, auk hefðbundinna landbúnaðargreina.

**Landbúnaðarháskóli Íslands,**

-Háskóli í hörkusókn-

# Tæknimenn - sölustarf

SECURITAS

*Hjá Securitas starfa um 400 manns og er fyrirtækið eitt af stærstu fyrirtækjum landsins. Höfuðstöðvar Securitas eru í Reykjavík og Stjórnstöð Securitas er á Neyðarlínunni 112. Einnig er Securitas með starfsemi á Akureyri, í Borgarnesi, á Selfossi og Austfjörðum. Á markaðs- og sölusviði starfa um 30 sölumenn.*

www.securitas.is

## Vegna aukinna umsvifa óskar markaðs- og sölusvið Securitas eftir jákvæðum og duglegum starfsmanni.

**Starfið felur í sér:**

- Sölu á tæknivörum Securitas, svo sem myndeftirlitskerfum, aðgangsstýrikerfum og brunaviðvörunarkerfum.
- Að viðhalda viðskiptatengslum og afla nýrra.
- Þjónustu og ráðgjöf til viðskiptavina.

**Hæfniskröfur:**

- Tæknimenntun, rafvirkjun, rafeindavirkjun, iðnfræði.
- Góðir söluhæfileikar og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði.

Í boði er spennandi starf hjá ört vaxandi fyrirtæki. Samkeppnishæf laun fyrir réttan aðila.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 27. ágúst nk. Númer starfs er **6946**.

Upplýsingar um starfið veitir Elísabet S. Arndal.
Netfang: elisabetsa@hagvangur.is

HAGVANGUR
*- við ráðum*

**Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is**

# Bræðurnir Ormsson

ORMSSON

*Bræðurnir Ormsson er 85 ára gamalt fyrirtæki, leiðandi í sölu heimilistækja á Íslandi. Fyrirtækið er framsækið og áhersla lögð á gæðavörur á góðu verði. Ef þú gerir kröfur, ættir þú að koma til Ormsson - þar eru þær uppfylltar.*

www.ormsson.is

## Hjá Bræðrunum Ormsson er mikil áhersla lögð á faglega þjónustu við viðskiptavini og því leitum við að duglegu og heiðarlegu fólki með mikla þjónustulund í neðangreind störf.

### Verslunarstjóri

Verslunarstjóri ber m.a. ábyrgð á daglegum rekstri verslunar, starfsmannastjórn og þjálfun starfsmanna ásamt vöruframsetningu og vöruúrvali.

**Við leitum að** hugmyndaríkum einstaklingi með mikla hæfni í mannlegum samskiptum og menntun og/eða reynslu sem nýtist í starfi.

### Sölumaður í verslun

Helstu verkefni sölumanns eru afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini. Við leggjum mikla áherslu á góða framkomu og þjónustulund hjá okkar sölumönnum og lítum á reynslu af sölumennsku sem kost en ekki skilyrði.

### Þjónustustjóri í heimilistækjadeild

Þjónustustjóri hefur umsjón með þjónustu heimilistækjadeildar við viðskiptavini, í nánu samstarfi við verslanir fyrirtækisins og þjónustuaðila. Í þetta starf þurfum við einstakling með reynslu sem nýtist í starfi með mikla skipulagshæfni og góða almenna menntun.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 20. ágúst nk.

Upplýsingar veita Albert Arnarson og Arna Pálsdóttir ráðgjafar hjá Hagvangi. Netföng: albert@hagvangur.is og arna@hagvangur.is

HAGVANGUR
*- við ráðum*

**Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is**

# Markaðs- og sölusvið Securitas

SECURITAS

*Hjá Securitas starfa um 400 manns og er fyrirtækið eitt af stærstu fyrirtækjum landsins. Höfuðstöðvar Securitas eru í Reykjavík og Stjórnstöð Securitas er á Neyðarlínunni 112. Einnig er Securitas með starfsemi á Akureyri, í Borgarnesi, á Selfossi og Austfjörðum.*

www.securitas.is

## Vegna aukinna umsvifa leitar Securitas að öflugu starfsfólki.

Securitas óskar að ráða öflugt fólk af báðum kynjum til starfa á markaðs- og sölusviði. Á sviðinu starfa um 30 manns sem sinna sölu bæði til einstaklinga og fyrirtækja. Markaðsgreining og markaðsstörf eru öflug og allur aðbúnaður, til að ná miklum árangri, er til fyrirmyndar.

**Ef þú:**

- Hefur metnað og vilt ná árangri fyrir þig og fyrirtækið.
- Ert með jákvætt og skemmtilegt viðmót.
- Býrð jafnvel yfir reynslu af sölustörfum.

**Þá býðst þér:**

- Áhugavert og krefjandi starf.
- Traustur vinnustaður.
- Góð starfsskilyrði og frábær vinnuandi.
- Samkeppnishæf laun.

Störfin felast í sölu á vörum og þjónustu Securitas. Starfið hentar konum ekki síður en körlum og eru þær hvattar til að sækja um.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 27. ágúst nk. Númer starfs er **6947**.

Upplýsingar um starfið veitir Elísabet S. Arndal.
Netfang: elisabetsa@hagvangur.is

HAGVANGUR
*- við ráðum*

**Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is**

0 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25




**Láttu okkur mæla með þér!**

HAGVANGUR
*- við ráðum*

SKÓGARHLÍÐ 12 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 520 4700 • WWW.HAGVANGUR.IS

# Spennandi heimur matvælarannsókna

matís

www.matis.is

# Við leitum að verkefnisstjóra

**Matís er leiðandi í verkefnastjórnun en fyrirtækið nýtir slíka stjórnun í allri starfsemi sinni, bæði í innlendum sem alþjóðlegum samstarfsverkefnum.**

Starfsmaður þarf að sýna frumkvæði, sjálfstæði og vandvirkni í vinnubrögðum, lipurð í mannlegum samskiptum og metnað til að ná árangri í starfi.

Reykjavík

## Verkefnisstjóri

**Starfssvið**
Umsjón og rekstur verkefnastjórnunarkerfis (t.d. rekstur, samningar, árangur og starfsmannamál).

**Í starfinu felst m.a.**
Vera leiðandi í verkefnastjórnun og koma að stefnumótun. Hafa umsjón með og fylgja eftir framkvæmd samninga, sinna áætlanagerð og annast eftirfylgni vegna verkefna.

**Hæfniskröfur**
Háskólamenntun á sviði raunvísinda (t.d. matvælafræði, líffræði eða verkfræði). Framhaldsmenntun eða reynsla í verkefnastjórnun nauðsynleg.

Umsóknarfrestur er til 31. ágúst næstkomandi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Birna Eggertsdóttir í síma 422 5000.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, auk meðmæla, skal senda til:

Matís ohf.
Skúlagata 4
101 Reykjavík

eða til:
birna.eggertsdottir
@matis.is

LYFJA
- Lífið heil

www.lyfja.is

# Atvinnutækifæri hjá Lyfju



Við leitum að sjálfstæðu, skipulögðu og metnaðarfullu starfsfólki sem hefur áhuga á að ganga til liðs við framsækið og spennandi fyrirtæki.

**Vegna breytinga og vaxandi starfsemi getum við bætt lyfjatæknum og sölu- og afgreiðslufólki í okkar frábæra starfsmannahóp.**
Störfin felast í ráðgjöf til viðskiptavina um val á vörum í verslun, afgreiðslu á kassa, afhendingu lyfja gegn lyfseðli, afgreiðslu á lausasölulyfjum og ráðgjöf um val og notkun þeirra.

**Um er að ræða** fullt starf og hlutastarf í apótekum okkar á höfuðborgarsvæðinu. Í boði eru líflegir vinnustaðir, gott vinnuumhverfi, samkeppnishæf laun og möguleiki á starfsþróun.

**Við leitum að** drífandi starfsfólki með ríka þjónustulund, söluhæfileika, góða tölvukunnáttu og getu til að vinna undir álagi. Reynsla af verslunarstörfum er æskileg og reynsla úr apóteki er kostur.

**Nánari upplýsingar um störfin má finna á heimasíðu okkar, www.lyfja.is og hjá Halla í starfsmannahaldi (hallur@lyfja.is) í síma 530 3800.**

**Tekið er við umsóknum á vefslóðinni www.lyfja.is.**

**Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Ráðið verður í störfin sem fyrst.**

*Hlutverk Lyfju er að stuðla að góðri heilsu og vellíðan. Frá upphafi hefur Lyfja verið brautryðjandi í lækkun lyfjaverðs og boðið upp á ýmsar nýjungar í faglegri þjónustu. Fyrirtækið rekur apótek og heilsubúðir víðs vegar um landið ásamt því að starfrækja lyfjaskömmtun til einstaklinga og stofnana. Hjá fyrirtækinu starfa um 300 manns. Lykillinn að árangri er starfsfólkið okkar og því höfum við það að markmiði að fá hæft fólk til liðs við okkur, skapa eftirsóknarverða vinnustaði þar sem góður starfsandi ríkir og að starfsfólk fái tækifæri til að öðlast faglegan og persónulegan þroska í starfi. Einkunnarorð okkar eru áreiðanleiki, umhyggja og metnaður.*

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 38568 08/07

www.mos.is MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

# Áhugaverð störf

***Skólaliðar*** óskast til starfa með samhentum hópi á líflegum vinnustað.

**Upplýsingar/umsókn:**
Hafsteinn Jónsson, umsjónarmaður fasteigna, sími 822 9120.

Á Seltjarnarnesi eru um 640 nemendur í heildstæðum grunnskóla. Skólinn er rekinn í tveimur starfstöðvum; Mýrarhúsaskóla fyrir nemendur í 1. - 6. bekk og Valhúsaskóla fyrir nemendur í 7. - 10. bekk.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags.

SELTJARNARNESBÆR
Skólaskrifstofa

**www.grunnskoli.is**

Augl. Þórhildar 2200.377



# Áhugaverð framtíðarstörf hjá Húsasmiðjunni

**Óskum eftir að ráða áhugasama og þjónustulundaða einstaklinga í eftirtalin störf**

## Timburlager í Súðarvogi

- **Leitum að kraftmiklum og áhugasömum einstaklingum til afgreiðslu- og lagerstarfa sem fyrst**

**Hæfniskröfur:**
- Lyftarapróf æskilegt en þeir sem ekki hafa réttindi verða sendir á lyftaranámskeið

## Trésmíðaverkstæði Súðarvogi

- **Viljum ráða trésmið eða laghentan einstakling vanan trésmíðavinnu til framtíðarstarfa**
  - **Til greina kemur að ráða iðnnema**

## Verslun Skútuvogi

- **Starfsmenn til kassaafgreiðslu og aðstoðar í deildum**
- **Sölu- og afgreiðslumann í hreinlætistækja- og gólfefnadeild**
  - Einhver þekking á byggingarefnum æskileg og reynsla af sölumennsku væri kostur
- **Starfsmann í málningardeild**
  - Reynsla úr sambærilegu starfi eða þekking á málningarefnum væri kostur
- **Sölu- og afgreiðslumann í raftækjadeild**
  - Leitum að góðum sölumanni með þekkingu á raftækjum

## Helgarvinna

- Leitum að þjónustulunduðum og duglegum starfsmönnum í helgarvinnu í Kaffi Garði og í verslun okkar í Skútuvogi

Umsóknir berist til starfsmannastjóra Húsasmiðjunnar, Guðrúnar Kristinsdóttur, **atvinna@husa.is**, fyrir 20. ágúst n.k. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Húsasmiðjunnar **www.husa.is.**

**Fyrir alla**
Húsasmiðjan hvetur alla, á hvaða aldri sem er sem vilja starfa hjá traustu og góðu fyrirtæki til að sækja um.

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvara á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverslanir eru 21 á landsvísu. Í verslunum okkar höfum við á boðstólum yfir 100.000 vörutegundir.

Hjá Húsasmiðjunni starfa að jafnaði um 1000 manns á öllum aldri. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.

**www.husa.is**

HÚSASMIÐJAN ...ekkert mál

**www.hrafnista.is**



# FJÖLBREYTT STÖRF Í BOÐI

Hrafnista er fjölskylduvænn vinnustaður sem býður fúsar hendur velkomnar til að sinna gefandi vinnu með góðum félögum. Á Hrafnistu er lögð áhersla á sveigjanleika í starfi.

**Allar nánari upplýsingar á www.hrafnista.is, magnea@hrafnista.is eða í síma 585 9529**

das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður | Vífilsstaðir | Víðines

vilborga@centrum.is



# Náms- og starfsráðgjafi við Háskólann á Bifröst

Laust er til umsóknar starf náms- og starfsráðgjafa við Háskólann á Bifröst.
Um 80% stöðu er að ræða og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

**Helstu verkefni**

Náms- og starfsráðgjöf til nemenda skólans og væntanlegra nemenda; bæði er um einstaklingsráðgjöf og hópráðgjöf að ræða.
Námskeiðahald tengt vinnulagi og viðhorfum í námi.
Umsjón með sérúrræðum vegna fötlunar eða námsörðugleika.

**Hæfniskröfur**

Háskólamenntun á sviði náms- og starfsráðgjafar, meistaragráða æskileg.
Reynsla af náms- og starfsráðgjöf til fullorðinna.
Reynsla af námskeiðahaldi.
Góð samstarfsfærni.
Sjálfstæði og frumkvæði í starfi.
Skipulögð og fagleg vinnubrögð.

Möguleiki er á húsnæði á staðnum.

*Við háskólann eru starfandi þrjár deildir á grunn- og meistarastigi; viðskipta-, laga- og félagsvísindadeild.*
*Auk þess eru starfandi símenntunardeild og frumgreinadeild sem er árs undirbúningur fyrir nám í háskólanum. Nemendur eru um 1000 talsins í stað- og fjarnámi.*

*Í háskólaþorpinu búa nemendur og starfsfólk ásamt fjölskyldum sínum. Þar er ört vaxandi samfélag fólks á öllum aldri.*

*Háskólinn á Bifröst er vinnustaður sem heldur jafnréttissjónarmið í heiðri og því hvetjum við bæði karla og konur til að sækja um starfið.*

**Umsóknarfrestur er til og með 20. ágúst.** Nánari upplýsingar veitir **Erla Hrönn Vilhjálmsdóttir**, náms- og starfsráðgjafi og sálfræðingur við skólann, s: 433 3000 eða netfang: erla@bifrost.is.
Umsóknir berist á sama netfang.

**www.bifrost.is** 311 Borgarnes | Sími 433 3000

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

# Íþróttahús KR

**Óskum eftir konu til starfa í íþróttahús KR**

Um er að ræða gæslu í búningsklefum stúlkna, móttaka í afgreiðslu, þrif og önnur tilfallandi störf. Unnið er á vöktum frá kl. 8-16 og 16-24 hvora viku. Frí um helgar.

Ráðið verður í starfið strax.

Íþróttaakademía KR.

Óskum eftir konu til starfa fyrir Íþróttaakademíu KR og einnig fyrir Íþróttahús KR. Um er að ræða hlutastarf frá kl. 8 - 12. Helstu verkefni eru að taka til morgunverð, þvottur og þrif. Frí um helgar. Ráðið verður í starfið strax. Nánari upplýsingar um ofangreind störf veitir Örn í 898-3148, tölvupóstur steinsen@kr.is.

# Ísmar óskar eftir að ráða tæknimann á verkstæði.

**Starfið** felst einkum í uppsetningu vélstýringa í vinnuvélar, kennsla og viðhald á þeim sem og öðrum búnaði sem fyrirtækið selur og þjónustar. Búnaðurinn byggir ýmist á GPS, laser eða alstöðvatækni. Viðkomandi starfsmaður hefur samskipti við viðskiptavini fyrirtækisins varðandi þjónustu og leiðbeiningar um notkun tækja og hugbúnaðar.

**Boðið er** upp á starf á fullkomnasta rafeindaverkstæði á sínu sviði hérlendis, við hlið hæfustu manna með áratuga reynslu í þjónustu á ofangreindum búnaði. Gott vinnuumhverfi og nýjasti tækjabúnaður er til staðar. Námskeið í þjónustu á búnaðinum eru haldin bæði hérlendis og erlendis.

**Leitað er að** drífandi laghentum og þjónustulunduðum einstaklingi sem er fljótur að tileinka sér nýjungar og getur unnið undir miklu álagi á álagstímum. Gott vald á ensku og tölvukunnátta er skilyrði. Til greina koma t.d. vélvirkjar, rafvirkjar, rafeindavirkjar eða aðrir með áþekka reynslu en ekki er slík menntun skilyrði. Vinnutími er milli kl. 08-17 á reyklausum vinnustað

**Upplýsingar** um starfið veitir Jón Tryggvi í síma 5105100.
Umsóknir sendist á tölvupósti á póstfangið jon@ismar.is ,
ásamt upplýsingum um umsækjanda fyrir 23. ágúst 2007.

ÍSMAR

*Ísmar, sem var stofnað 1982, er sérhæft fyrirtæki á sviði hvers konar mælingatækni s.s. GPS, Alstöðvum eða Lasertækni. Fyrirtækið býður heildarlausnir fyrir verktaka, verkfræðistofur, jarðvísindamenn og ýmis ríkisfyrirtæki á sviði mælitækni og vélstýringa auk umferðaröryggisbúnaðar fyrir löggæslu, sveitafélög, verktaka o.fl.*

*Ísmar er umboðsaðili fyrir framleiðendur sem eru leiðandi á sínu sviði í heiminum.*



# Grunnskóli Seltjarnarness
## Mýrarhúsaskóli

## Starfsfólk vantar í Skólaskjól

- Almenn störf
- Vinna með börnum með sérþarfir

**Skólaskjól** er lengd viðvera fyrir nemendur í 1. til 4. bekk í Mýrarhúsaskóla á Seltjarnarnesi.
Við óskum að ráða fólk til almennra starfa og til vinnu með börnum með sérþarfir.
Þetta eru skemmtileg og gefandi störf á góðum vinnustað.
Upplýsingar veitir Rut Bjarna forstöðumaður Skólaskjóls í síma 5959 200 eða 822 9123, rutbj@seltjarnarnes.is

SELTJARNARNESBÆR
Skólaskrifstofa



# Leikskólar Kópavogs

## Fólk á öllum aldri óskast til starfa

Kópavogsbær óskar að ráða leikskólakennara og fl. starfsfólk í leikskóla Kópavogs. Um er að ræða heilar stöður og hlutastöður. Kópavogsbær rekur 16 leikskóla og nýr leikskóli tekur til starfa nú í ágúst. Leitast er við að búa sem best að leikskólunum og þeim sem þar dvelja, börnum og starfsmönnum.
Leitað er að fólki sem er tilbúið til að taka þátt í metnaðarfullu og skemmtilegu leikskólastarfi og fjölbreyttu þróunarstarfi þar sem starfsgleði er í fyrirrúmi.

**Fólk á öllum aldri og af báðum kynjum er velkomið til starfa og leikskólar kópavogs bjóða þroskaða einstaklinga sérstaklega velkomna.**

Leikskólakennarar! Kynnið ykkur nýjar samþykktir Kópavogsbæjar í tengslum við bókanir í kjarasamningar Félags leikskólakennara og Launanefndar sveitarfélaga.
Kynnið ykkur leikskóla Kópavogs á heimasíðu Kópavogs ***www.kopavogur.is*** þar sem jafnframt er hægt að sækja um störfin í gegnum ***job.is***.
Upplýsingar um störfin og sérkjör gefur leikskólafulltrúi í síma 570-1600 eða netfang: ***sesselja@kopavogur.is*** og leikskólastjórar hvers leikskóla.

Í leikskóla er gaman..........



**Fræðslu**skrifstofa Kópavogs

# Afgreiðsla og skjalaskráning

**Ríkisskattstjóri leitar að kraftmiklum og jákvæðum einstaklingi til starfa við afgreiðslu viðskiptavina og þjónustu innanhúss. Helstu verkefni eru móttaka viðskiptavina, afgreiðsla skattkorta, skjalaskráning og símvarsla.**

■ Starfið krefst lipurðar í samskiptum, þjónustulundar, tungumálakunnáttu, frumkvæðis og nákvæmni í vinnubrögðum. Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu af sambærilegum stöfum, reynslu af vinnu við tölvur og hafi lokið stúdentsprófi.

■ Vinnutími er kl. 8-16. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun taka mið af kjarasamningi ríkisins við SFR.

■ Umsóknir er hafi að geyma ítarlegar upplýsingar m.a. um menntun, fyrri störf, meðmælendur og annað er máli skiptir, sendist til ríkisskattstjóra á tölvupóstfangið umsoknir@rsk.is eða með bréfi til RSK, Laugavegi 166, 150 Reykjavík, merkt starfsmannastjóra, eigi síðar en 16. ágúst 2007.

*Upplýsingar um starfið gefur Inga Hanna Guðmundsdóttir starfsmannastjóri RSK í síma 563 1202.*
*Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu.*

*Upplýsingar um embættið má finna á vefsíðu þess www.rsk.is.*

RSK
RÍKISSKATTSTJÓRI

## Námsráðgjafi

Staða námsráðgjafa við Árskóla á Sauðárkróki er laus til umsóknar.

Aðstaða námsráðgjafa er mjög góð í skólanum og mörg spennandi verkefni í gangi, þar sem námsráðgjafi er lykilstarfsmaður.

## Danskennari

Staða dönskennara er einnig laus til umsóknar, en undanfarin ár hefur verið unnið mikið uppbyggingarstarf með dönskukennslu í öllum árgöngum.

Í Árskóla eru um 430 nemendur í 1. - 10.bekk. Nánari upplýsingar um skólann er að finna á heimasíðunni: http://www.arskoli.is

Upplýsingar um störfin veita skólastjórnendur í síma 455 1100.

---



Laus störf: Förðunarfræðingur, nuddari, snyrtifræðingur.

Aveda Verslun Kringlunni:
Drífandi og jákvæðir förðunarfræðingar með sterka umhverfisvitund. Í boði eru 2 störf. Einnig er óskað eftir fólki, sem vill vinna um helgar og á fimmtudagskvöldum, í hlutastörf.

Aveda Spa - Unique hár & spa:
Vinnuglaður nuddari sem vill vinna eftir hugmyndafræði Aveda. Vinnutími eftir samkomulagi.

Snyrtifræðingur- snyrtifræðimeistari:
Leitum að leiðtoga til þess að stýra frekari uppbyggingu á snyrtistofu.

Umsóknun er hægt að skila til 19. ágúst í Aveda búðina Kringlunni eða í tölvupósti á heimir@aveda.is

AVEDA

---

Reykjavíkurborg
Menntasvið

## Ingunnarskóli

**Kennara vantar til starfa í Ingunnarskóla**

**Um er að ræða:**
Kennara í 1. bekk
Kennara á miðstigi
Sérkennari á mið- og unglingastigi
Stærðfræðikennari á unglingastigi
Tónmenntakennari í hlutastarf

**Áhugasamir hafi samband við:**
Þuríði Sigurjónsdóttur skólastjóra thuridur@ingunnarskoli.is eða í síma 411-7828.

**Tökum vel á móti góðu fólki.**

Ingunnarskóli er framsækinn skóli með áherslu á sveigjanlega starfshætti, einstaklingsmiðað nám, samkennslu árganga og teymisvinnu kennara. List- og verkgreinar skipa stóran sess og eru meðal annars samþættar samfélags- og raungreinum í gegnum þemavinnu. Markvisst er unnið að því að styrkja jákvæða hegðun nemenda. Skólinn er móðurskóli í einstaklingsmiðuðu námsmati en auk þess er unnið að mörgum þróunarverkefnum. Skólahúsið er hannað með hliðsjón af hugmyndafræði skólans og styður því vel við starfið sem þar fer fram. Í skólanum er mjög góður starfsandi og vel búið að kennurum.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

---

# Fjölbreytt skrifstofustarf

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2007

Danól óskar eftir að ráða starfskraft til skrifstofustarfa.
Vinnutími er frá kl. 9.00 - 17.00 og um framtíðarstarf er að ræða.

### Starfið felst í
- Móttöku viðskiptavina
- Flokkun og skönnun skjala
- Móttöku og flokkun á tölvupósti og faxsendingum
- Svörun almennra fyrirspurna í móttöku
- Símsvörun á skiptiborði

### Menntunar- og hæfniskröfur
- Starfsreynsla af sambærilegum störfum
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslenskukunnátta
- Enskukunnátta og/eða norðurlandamál
- Góð framkoma og þjónustulund

Áhugasamir sendi greinargóða umsókn, sem tilgreinir menntun, reynslu og fyrri störf, til Danól, Skútuvogi 3, merkta „Fjölbreytt skrifstofustarf" eða á netfangið *ee@egils.is* fyrir 18. ágúst nk.

*Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og þeim öllum svarað.*

Nánari upplýsingar um starfið veitir Elísabet Einarsdóttir starfsmannastjóri í síma 580 9029.

Daníel Ólafsson ehf. · Skútuvogur 3 · 104 Reykjavík · sími 580 6600 · www.danol.is

**Viltu vinna hjá fyrirmyndar fyrirtæki?**

Danól er framsækið fyrirtæki, leiðandi í innflutningi, markaðssetningu og dreifingu á mat- og sérvöru fyrir verslanir, bakarí og veitingahús. Danól var stofnað 1932 og er í dag stærsta innflutnings- og dreifingarfyrirtækið á Íslandi í almennri matvöru.

Í vöruhúsi Danól er að finna fullkomnasta búnað sem völ er á í meðferð matvæla. Vöruhúsið rúmar 4.500 pallettur, þar af rúmar 650 pallettur í hágæða frystiklefum. Ennfremur er sölu- og dreifingarkefi Danól er með því fullkomnasta sem gerist.

Meðal þekktari vörumerkja Danól eru Nestlé, Merrild kaffi, Burton´s, Daloon, Hatting, Findus, Göteborg's kex, Oroblu, L'oréal, Vichy, Maybelline, Garnier, Duni, Johnson & Johnson, Metsa Tissue, Haribo og Mentos.

Hjá Danól starfa um 80 starfsmenn og vill fyrirtækið stuðla að starfsánægju starfsfólks og að það hafi tækifæri til að vaxa í starfi. Einkunnarorð fyrirtækisins eru traust, gæði og hagkvæmni.

danól

---

➔ flugfelag.is

# Hlaðmenn og starfsmaður í flugfrakt




Flugfélag Ísland óskar eftir að ráða starfsmenn til framtíðarstarfa á flughlaðið í Reykjavík og starfsmann í flugfraktina á Reykjavíkurflugvelli.

### Starf hlaðmanna:
» Aðstoð á hlaði við komur og brottfarir flugvéla
» Dráttur flugvéla
» Hleðsla og afhleðsla á farangri og vörusendingum
» Áfylling vista/vöru um borð
» Flokkun og frágangur sendinga í vöruhúsi
» Vaktavinna

### Starf í flugfrakt:
» Móttaka og frágangur vörusendinga í vöruhúsi
» Flokkun ásamt afhendingu úr vöruhúsi
» Almenn afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
» Umsjón og þrif í vöruhúsi
» Vinnutími frá kl. 06:30 til 16:30 alla virka daga

### Hæfniskröfur:
» Bílpróf er skilyrði, réttindi á smærri vinnuvélar æskileg (lyftarapróf)
» Jákvætt hugarfar, rík þjónustulund og góð samskiptahæfni
» Árvekni og sjálfstæði í vinnubrögðum
» Góð íslenskukunnátta
» Stundvísi og reglusemi

### Umsóknarfrestur:
Skrifleg umsók, merkt öðru hvoru af ofangreindum störfum, sendist til starfsmannaþjónustu fyrir 19. ágúst 2007, ráðning verður sem fyrst.
Rafrænar umsóknir sendist með tölvupósti á netfangið **umsoknir@flugfelag.is**

Nánari upplýsingar veitir Ingigerður Þórðardóttir, starfsmannastjóri í síma 570 3000.

*Flugfélag Íslands er arðbært, markaðsdrifið þjónustufyrirtæki, leiðandi í farþega- og fraktflutningum, og þjónar flugrekendum og aðilum í ferðaiðnaði.*

*Eitt af markmiðum félagsins er að hafa ætíð á að skipa hæfum og liprum liðsmönnum sem sýna frumkvæði og hafa jákvætt viðhorf.*

*Hjá Flugfélagi Íslands starfa um 280 manns sem allir gegna lykilhlutverki í starfsemi þess.*

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

ÍSLENSKA/SIA.IS FLU 38577 08/07

Klébergsskóli

## Aðstoð í skólamötuneyti

Starf aðstoðarmanns í mötuneyti Klébergsskóla á Kjalarnesi er laust. 50% starf, tvo daga í viku. Umsóknarfrestur til 24. ágúst.

**Nánari uppl. hjá skólastjóra, s. 566 6083.**

## Fimleikaþjálfarar óskast

Fimleikadeild Fjölnis vill ráða þjálfara og yfirþjálfara til starfa fyrir næsta vetur, bæði fyrir stelpur og stráka.

Áhugasamir vinsamlega hafið samband í netfangið: olofs@hive.is eða hringið í Ólöfu í s. 897 6569 / Ingibjörgu s.860 5949.

# STAÐA FORSTÖÐUMANNS FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐVARINNAR TÓNABÆJAR ER LAUS TIL UMSÓKNAR

## Leitað er að metnaðarfullum leiðtoga sem hefur áhuga á þróun og eflingu starfs fyrir börn og unglinga á vettvangi frítímans

### Helstu verkefni frístundamiðstöðvarinnar Tónabæjar eru:

- Yfirumsjón með öllu barna- og unglingastarfi ÍTR á þjónustusvæði Tónabæjar
  - 3 félagsmiðstöðvar: Tónabær, Bústaðir og Þróttheimar
  - 8 frístundaheimili
  - Annað félags- og tómstundastarf fyrir börn og unglinga í hverfinu
  - Forvarnarstarf
  - Hverfasamstarf og þverfaglegt samstarf við aðrar stofnanir

### Helstu verkefni forstöðumanns:

- Að vera leiðandi á sviði frítímaþjónustu og skapa jákvæða umgjörð fyrir borgarbúa til frístundaiðkunar
- Ábyrgð á starfsemi sem heyrir undir Tónabæ
- Yfirumsjón með frítímastarfi fatlaðra barna á vegum ÍTR
- Fjármála- og starfsmannastjórnun
- Skipulagning og áætlanagerð

### Menntunar– og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Stjórnunarreynsla
- Forystu-, skipulags- og samskiptahæfileikar
- Reynsla af tómstundastarfi æskileg
- Tungumálakunnátta
- Hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Nánari upplýsingar veitir Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri tómstundamála ÍTR, sími 411 5000, netfang: **soffia.palsdottir@reykjavik.is** og Ragnheiður E. Stefánsdóttir, starfsmannastjóri ÍTR, netfang: **ragnheidur.e.stefansdottir@reykjavik.is**

**Umsóknarfrestur er til 27. ágúst 2007**

Umsóknum skal skilað rafrænt á itr@itr.is eða til Íþrótta- og tómstundasviðs Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, merkt **forstöðumaður – Tónabær**

**Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur | Bæjarhálsi 1**
**Sími 411 5000 | Bréfsími 411 5009 | www.itr.is | itr@itr.is**

HÁSKÓLI ÍSLANDS

## STARFSMAÐUR Í MÖTUNEYTI

Starfsmaður óskast í 75% starf í mötuneyti starfsfólks Háskólans. Mötuneytið sinnir starfsfólki og hefur umsjón með veitingum í athöfnum á vegum rektors.

**Helstu verkefni:**
- þjónusta við starfsfólk
- uppvask og þrif
- framreiðsla, m.a. á fundum rektors
- matseld

**Hæfniskröfur:**
- dugnaður
- sjálfstæði í starfi
- hreinlæti og reglusemi
- lipurð í mannlegum samskiptum
- rík þjónustulund
- hæfni til að vinna undir álagi

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á www.starfatorg.is og www.hi.is/page/storf og hjá Steinunni Eggertsdóttur, matráði, í síma 525 4310, netfang: steina@hi.is.

Umsóknarfrestur er til 27. ágúst og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst eða samkvæmt samkomulagi.

Við ráðningar í störf við Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun skólans.

Háskóli Íslands v/Suðurgötu, 101 Reykjavík, s. 525 4000



# 3G Vertu með frá byrjun

**NOVA** er nýtt 3G félag sem mun bjóða nýja tegund farsíma- og netþjónustu síðar á þessu ári. 3G mun breyta með hvaða hætti fólk á í samskiptum, miðlar upplýsingum og afþreyingu.

Vilt þú takast á við nýja og skemmtilega hluti að loknu sumarfríi og ganga til liðs við **NOVA**?

Við leitum að kraftmiklu og hressu fólki sem vill takast á við áskorun í starfi. Starfið felur í sér að veita viðskiptavinum **NOVA** ráðgjöf í tengslum við hina nýju 3G þjónustu fyrirtækisins.

Við leggjum áherslu á gott og skemmtilegt starfsumhverfi hjá nýju og spennandi fyrirtæki.

### Verslun 565067

Í starfinu felst ráðgjöf og sala 3G þjónustu til viðskiptavina.

Unnið er á vöktum sem miðast við opnunartíma verslunar. Mikilvægt er að ráðgjafar séu lífsglaðir, hafi jákvætt viðhorf, séu með stúdentspróf eða sambærilega menntun og síðast en ekki síst hafi gaman af nýjungum og áhuga á tæknilegum framförum. Allir starfsmenn fá yfirgripsmikla þjálfun áður en þeir hefja störf. Einnig er leitað að ráðgjöfum í hlutastörf.

### Sölu- og þjónustuver 565068

Í starfinu felst ráðgjöf og sala 3G þjónustu til viðskiptavina.

Unnið er á vöktum sem miðast við opnunartíma sölu- og þjónustuvers. Mikilvægt er að ráðgjafar séu lífsglaðir, hafi jákvætt viðhorf, séu með stúdentspróf eða sambærilega menntun og síðast en ekki síst hafi gaman af nýjungum og áhuga á tæknilegum framförum. Allir starfsmenn fá yfirgripsmikla þjálfun áður en þeir hefja störf. Einnig er leitað að ráðgjöfum í hlutastörf.

**Umsjón með ráðningu hefur Vinna.is. Nánari upplýsingar á www.vinna.is eða í síma 511 1144.**

vinna.is atvinnumiðlun

NOVA




## Óska eftir rafvirkjum

**Langar þig að vinna skemmtilega tæknivinnu?**
Við leitum að rafvirkjum í vinnu við uppsetningar og forritun á ýmsum öryggisbúnaði og í almenna raflagnavinnu.
Bíll + sími + snyrtileg innivinna á höfuðborgarsvæðinu.

Vinsamlega sendið inn umsóknir á
**godirmenn@godirmenn.is.**
Upplýsingar í síma 820 5900.

## Piedává darbu

Vajadzigi cilvéki darbam aluminija un stikla konstrukciju mantázai ar pieredzi namdara profesija. Vairak informácijar pa talr: 0037126125828

## Smiðir - Verkamenn

Smiði og verkamenn vantar við uppsetningu á álgluggum og álklæðningum. Mikil vinna framundan.

Upplýsingar í síma:
899-4406 Jóhann,
896-5767 Haukur.




## Góð vinna
### - með skólanum í vetur

***Við leitum að starfsfólki til að gegna afgreiðslustörfum. Um er að ræða kvöld- og helgarvinnu - tilvalið fyrir skólafólk á öllum aldri!***

***Umsóknir sendist á huldah@sena.is***
***Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublöð í afgreiðslu kvikmyndahúsa okkar.***
***Umsóknir berist fyrir 20. ágúst.***

REGNBOGINN SMÁRABÍÓ

## Svæðisstjóri á Austurlandi




Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. óskar eftir að ráða metnaðarfullan og kraftmikinn starfsmann til að hafa umsjón með rekstri útibús Ölgerðarinnar á Austurlandi.

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af sölustörfum
- Reynsla af markaðsmálum
- Góð tölvukunnátta
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Áhugasamir sendi greinagóða umsókn sem tilgreinir menntun, reynslu og fyrri störf til Ölgerðarinnar, Grjóthálsi 7-11, merkta „Svæðisstjóri" eða á netfangið *kpe@egils.is* fyrir 19. ágúst n.k.

*Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og þeim öllum svarað.*

Nánari upplýsingar um starfið veitir Pétur Thor Gunnarsson sölustjóri í síma 580 9000.

**Öflugt fyrirtæki í forystuhlutverki**

Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. er framsækið og leiðandi fyrirtæki á sviði drykkjarvöru. Markmið fyrirtækisins er að vera besta markaðs- og sölufyrirtæki landsins.

Hlutverk Ölgerðarinnar er að bjóða upp á heildarlausnir á drykkjarvörumarkaði með hágæða vöru og þjónustu. Fyrirtækið er eitt elsta fyrirtæki landsins með sterka gæðaímynd og hefur m.a. unnið Íslensku ánægjuvogina 5 ár í röð.

Á meðal vörumerkja má nefna Appelsín og Malt, Pepsi, Pepsi Max, Kristal, Smirnoff, Rosemount, Penfolds, Masi, Cato Negro, Grand Marnier, Gordons, Egils Gull, Egils Lite, Tuborg, Frissi Fríski, Doritos, Lays og Gatorade. Ölgerðin leggur ennfremur mikla áherslu á öfluga vöruþróun.

Hjá fyrirtækinu starfa um 140 starfsmenn með víðtæka þekkingu, menntun og reynslu sem sameiginlega hafa skapað metnaðarfullt og jákvætt vinnuumhverfi.

Egils

Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. · Grjóthálsi 7-11 · 110 Reykjavík · sími 580 9000 · www.egils.is

## Hafnarfjarðarbær auglýsir

Hafnarfjarðarbær auglýsir laust til umsóknar starf í reikningshaldi bæjarins en deildin veitir starfsmönnum og viðskiptavinum bæjarfélagsins margvíslega þjónustu.

**Starfssvið**
- Vinna við skráningu í fjárhagsbókhaldi
- Vinna við eftirfylgni reikninga í fjárhagsbókhaldi
- Samskipti og samstarf við aðra starfsmenn
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur**
- Bókhaldsreynsla æskileg
- Tölvuþekking er nauðsynleg og kunnátta í Excel æskileg
- Mikil áhersla er lögð á þjónustulund, frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfileiki til að vinna með öðrum og taka þátt í teymisvinnu

Um kaup og kjör vegna ofangreinds starfs fer samkvæmt kjarasamningum launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.
Konur, jafnt sem karlar, eru hvattar til að sækja um starfið. Möguleiki er á hlutastarfi.
Agla Jónsdóttir, forstöðumaður reikningshalds (netfang agla@hafnarfjordur.is) veitir nánari upplýsingar.
Tekið verður á móti umsóknum í tölvupósti og í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar til og með 24. ágúst 2007.

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

TM

## Verkefnastjóri Markaðsdeild

**Tryggingamiðstöðin auglýsir eftir starfsmanni í Markaðsdeild.**
**Um fullt starf er að ræða.**

**Starfssvið:**
// Umsjón með markaðsefni TM
// Umsjón með markaðsstarfi útibúa og umboða TM
// Þátttaka í þróun markaðsáætlana og stefnumótun markaðsmála TM
// Samskipti við auglýsingastofu
// Greining á markaðsupplýsingum og umsjón markaðsrannsókna TM
// Önnur tilfallandi verkefni innan markaðsdeildar TM
// Virk þátttaka í öðrum störfum innan vátrygginga - og fjármálaþjónustu TM sem og í verkefnum sem tengjast öðrum sviðum, eftir því sem þörf krefur hverju sinni

**Hæfniskröfur:**
// Háskólamenntun í markaðsfræði eða sambærileg menntun æskileg
// Reynsla af markaðsmálum æskileg
// Mjög góð íslenskukunnátta
// Góð almenn tölvukunnátta

Viðkomandi starfsmaður þarf að vera jákvæður og geta unnið vel með fólki.
Viðkomandi þarf að vera skipulagður og vandvirkur og geta unnið undir álagi.

**Umsóknarfrestur er til og með 19. ágúst**

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að senda umsóknir á tölvupóstfangið starf@tmhf.is
Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál

Stefán Gunnarsson deildarstjóri Markaðsdeildar, stefang@tmhf.is, veitir frekari upplýsingar um starfið

Tryggingamiðstöðin er framsækið fyrirtæki sem býður starfsfólki sínu góða vinnuaðstöðu. Hjá TM starfar 120 manna samhentur hópur sem hefur það markmið að veita góða þjónustu á mannlegum nótum þar sem þörfum hvers og eins er mætt af sanngirni. Það er keppikefli starfsmanna Tryggingamiðstöðvarinnar að standa undir kröfum og væntingum viðskiptavina og hluthafa og koma fram af heiðarleika og einlægni.

**TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN** / Aðalstræti 6 / 101 Reykjavík / Sími 515 2000 / www.tryggingamidstodin.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/TMI 38575 08/07

# VELKOMIN TIL OKKAR

SMFR sem staðsett er á stórhöfuðborgarsvæðinu leitar eftir faglærðu og ófaglærðu starfsfólki á:

- heimili fatlaðs fólks
- hæfingarstöðvar
- skammtímavistanir
- meðferðarheimili

Í boði er :

- vaktavinna og dagvinna í mismunandi starfshlutföllum
- öflugur stuðningur í starfi
- fjölbreytt og lærdómsrík störf
- námskeið og þjálfun

Nánari upplýsingar um störfin eru veittar á skrifstofutíma í síma 525 0900 eða á heimasíðu www.smfr.is



smfr
Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi

Reykjavíkurborg
Menntasvið Reykjavíkur

## Menntasvið Reykjavíkurborgar

**Skólaárið 2007-2008 eru eftirfarandi störf í grunnskólum Reykjavíkur laus**

Álftamýrarskóli, Álftamýri 79, sími 570-8100 / 664-8111
- Umsjónarkennari í 1. og 2. bekk

Árbæjarskóli, Rofabæ 34, sími 664-8120
- Umsjónarkennari í öðrum bekk.
- Stuðningsfulltrúi í 6. bekk
- Skólaliða vantar til kvölds og helgarvinnu í íþróttahúsi

Breiðholtsskóli, Arnarbakka 1-3, sími 557-3000 / 664-8150
- Dönskukennari.
- Námsráðgjafi.
- Umsjónarkennari á yngsta stigi.
- Kennari til að kenna íslensku sem annað tungumál.
- Skólaliði.

Foldaskóli, Logafold 1, sími 540-7600 / 664-8180
- Kennari á unglingastigi. Aðalkennslugrein; íslenska.
- Skólaliðar.

Fossvogsskóli, Haðalandi 26, sími 568-0200 / 664-8190
- Umsjónakennara í 5. bekk.
- Tónmenntakennara í hlutastarf
- Forfallakennara
- Stuðningsfulltrúa, 75% starf.
- Starfsmaður á kaffistofu starfsfólks 75% starf

Háteigsskóli, v/Háteigsveg, sími 530-4300 / 664-8215
- Náttúrufræðikennari á unglingastigi.
- Kennari á unglingastigi og í sérkennslu.
- Skólaliðar í 50-70% störf.
- Stuðningsfulltrúar í 50-70% störf

Hlíðaskóli, Hamrahlíð 2, sími 552-5080
- Skólaliði í mötuneyti, 50% starf.
- Stuðningsfulltrúi 70% starf

Hólabrekkuskóli, Suðurhólum 10, sími 557-4466
- Kennari á yngsta stigi og miðstigi.

Húsaskóli, Dalhúsum 41, sími 567-6100
- Umsjónakennarar á yngsta stig
- Bókasafnsfræðingur
- Kennara í tölvu og upplýsingafræði 2/3 staða

Ingunnarskóli, Maríubaugi 1, sími 411-7828 / 664-8265 / 664-8266
- Umsjónarkennara í 1. bekk
- Umsjónarkennara í 4.-5.bekk
- Sérkennari á unglingastigi.
- Sérkennari á miðstigi
- Stuðningsfulltrúa
- Stærðfræðikennara í unglingastigi
- Tónmenntakennara - hlutastarf

Korpuskóli, Bakkastöðum 2, sími 411-7880 / 664-8276
- Umsjónarkennari á miðstigi.
- Dönskukennari í 50% stöðu.
- Íslenskukennari á unglingastigi.
- Aðstoðarmaður í eldhús í 80-100% starf.

Langholtsskóli, Holtavegi 23, sími 553-3188/ 664-8280
- Tónmenntakennara
- Skólaliða

Melaskóli, Hagamel 1, sími 535-7500 / 664-8306
- Íþróttakennari í 50% starf.
- Skólaliða

Rimaskóli, Rósarima 11, sími 567-6464/ 664-8320
- Umsjónarkennari á miðstigi.
- Íslenskukennari á unglingastigi
- Skólaliðar: Aðstoð við nemendur og ræsting

Selásskóli, v/ Selásbraut, sími 567-2600
- Skólaliðar 50%-100% starf

Seljaskóli, Kleifarseli 28, sími 411-7500 / 663-8330
- Umsjónarkennari á yngstastigi
- Umsjónarkennari á miðstigi.
- Skólaliði

Vesturbæjarskóli, Sólvallagötu 67, sími 562-2296
- Skólaliðar til aðstoðar í mötuneyti 80%-100% starf

Víkurskóli, v/ Hamravík, sími 545-2700 / 664-8345
- Umsjónarkennari í teymi í 4.-5. bekk.
- Umsjónarkennari á unglingastigi, aðalkennslugrein íslenska
- Skólaliðar.

Öskjuhlíðarskóli, Suðurhlíð 9, sími 568-9740/ 664-8405
- Kennari/Þroskaþjálfi.
- Stuðningsfulltrúi.

Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða. Öll laus störf á Menntasviði eru auglýst á www.menntasvid.is.

Frekari upplýsingar um hverja stöðu og umsóknarfresti er einnig að finna á heimasíðu Menntasviðs. Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í viðkomandi skólum. Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við stéttarfélög.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

### Laus störf hjá Olíudreifingu ehf.

## Rafvirkjar

Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða rafvirkja til starfa á Þjónustudeild í Reykjavík.
Um fjölbreitt starf er að ræða við nýlagnir,uppsetningu á tækjabúnaði tengdum eldsneytisafgreiðslu, viðhaldi búnaðar og almenn rafvirkjastörf. Starfsvettvangur er allt landið, og því æskilegt að starfsmaður geti farið út á land þegar þannig háttar.
Um framtíðarstörf er að ræða.

Allar nánari upplýsingar veita:
Árni Ingimundarsson 550 9940
Birgir Pétursson í síma 550-9957

Olíudreifing ehf. sér um dreifingu á fljótandi eldsneyti fyrir N1 og Olís. Félagið hefur starfað frá 1. janúar 1996.

Sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á www.oliudreifing.is

# KÓPAVOGSBÆR

## Frá Hjallaskóla

*Hjallaskóli er heildstæður grunnskóli í Kópavogi með 390 nemendur.*
*Í skólastarfinu er lögð sérstök áhersla á list- og verkgreinar, fjölbreytta kennslu og einstaklingsmiðað nám.*

**Lausar stöður fyrir skólaárið 2007-2008**

- **Umsjónarkennari á yngsta stig**
- **Umsjónarkennari á miðstig**
- **Kennari í leikrænni tjáningu**
- **Skólaliði 100% starf**
- **Starfsmaður í dægradvöl 50%**
- **Forstöðumaður dægradvalar 100%**
- **Stundakennari í albönsku**
- **Stundakennari í serbó - króatísku**

Upplýsingar gefur skólastjóri Sigrún Bjarnadóttir. Umsóknir og/eða fyrirspurnir berist á netfangið ***sigrunb@hjsk.kopavogur.is*** einnig í síma 863 6811 eða 570 4150

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um störfin.

***www.kopavogur.is - www.job.is***

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

## Staða matreiðslumanns
**við Dvalarheimilið Hlíð, Akureyri.**

Laus er til umsóknar staða matreiðslumanns eða matartæknis á Dvalarheimilinu Hlíð.
Um er að ræða fullt starf og er daglegur vinnutími 08:00-16:00 og annan hvern sunnudag frá 08:00-12:00.
Matreiðslumaður starfar við hlið yfirmatreiðslumanns við matreiðslu og annan undirbúning.
Áhersla er lögð á jákvæðni og góða samskiptahæfileika.

**Umsækjandi þarf að geta hafið störf 1. nóvember.**

Einungis er tekið á móti rafrænum umsóknum á heimasíðu Akureyrarbæjar:
**www.akureyri.is/auglysingar/atvinnumsoknir/auglyst-starf**

Aðgengi að tölvu og aðstoð við innskráningu umsókna stendur til boða á Amtsbókasafninu og í þjónustuanddyri Ráðhússins.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og Matvís.

Tekið verður tillit til samþykktar bæjarstjórnar Akureyrarbæjar um jafnréttismál við ráðningu í starfið.

Nánari upplýsingar veitir Karl Fr. Jónsson, forstöðumaður, í síma 460-9180 virka daga frá kl.08:00 –16:00.
Upplýsingar um kaup og kjör veitir Starfsmannaþjónusta Akureyrarbæjar í síma 460-1060.

Umsóknarfrestur er til 20. ágúst 2007.

Akureyrarbær • Geislagötu 9 • 600 Akureyri
Sími 460 1000 • Fax 460 1001 • www.akureyri.is

**STÁL & SUÐA**

Óskum eftir vönum járnsmiðum og suðumönnum

uppl síma 693-5455 og 693-5454

**Reykjavik Excursions** KYNNISFERÐIR

## Kynnisferðir óska eftir að ráða starfsmenn í eftirfarandi störf sem allra fyrst:

**Vefstjóri**
Verkefni vefstjóra tengjast eftirliti og útliti heimasíðu, auglýsingagerð og almennri aðstoð við tölvuvinnslu. Leitað er eftir hugmyndasmið sem hefur mikla reynslu og getur sýnt fram á hæfni sína með fyrri verkum.

**Starfsmenn í ferðaafgreiðslu**
Um er að ræða ferðaafgreiðslu félagsins í Umferðarmiðstöðinni (BSÍ). Fjölbreytt og skemmtilegt starf þar sem seldar eru ferðir um Ísland og veittar upplýsingar um land og þjóð. Góðrar íslenskukunnáttu auk annarra tungumála krafist. Unnið er á vöktum.

**Starfsmenn í söludeild**
Vantar starfsmenn í söludeild félagsins sem er staðsett í Vesturvör 34 í Kópavogi. Leitað er eftir áhugasömum einstaklingi sem helst þarf að hafa reynslu af sölustörfum á ferðaskrifstofu. Skilyrði er að starfsmaðurinn kunni skil á helstu ferðamannastöðum á Íslandi og hafi ferðast um landið. Góðrar íslenskukunnáttu auk annarra tungumála krafist.

**Verkstæðismenn**
Vantar bifvélavirkja, bílasmiði eða menn með sambærilega menntun eða mikla reynslu af bílaviðgerðum. Starfsstöð er á nýju verkstæði í Vesturvör 34 í Kópavogi.

Umsóknir sendist til Kynnisferða ehf., Vesturvör 34, 200 Kópavogi fyrir 15. ágúst 2007. Einnig er hægt að senda umsóknir með tölvupósti til starfsmannastjóra: sigridur@re.is.

**Vélaborg ehf.**

## Þjónustumenn fyrir vinnuvélar, vörubíla og lyftara

Vegna aukinna umsvifa er Vélaborg að leita að starfsmönnum í eftirfarandi störf:

- **Vélvirkja eða vönum manni í vinnuvélaviðgerðum.**
- **Rafvirkja, rafeindavirkja eða vönum manni í lyftaraviðgerðum.**
- **Bifvélavirkja eða vönum manni í vörubílaviðgerðum.**

Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu í viðgerðum á vinnuvélum, landbúnaðarvélum og/eða lyfturum og geti unnið sjálfstætt. Enskukunnátta og tölvukunnátta æskileg. Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi bílpróf.

Vélaborg leggur metnað sinn í að veita viðskiptavinum sínum góða þjónustu. Liður í því er að þjálfa starfsmenn þjónustudeildar með námskeiðahaldi og menntun hjá erlendum birgjum félagsins.

Vélaborg er eitt af stærstu fyrirtækjum landsins í vélainnflutningi og þjónustu við bændur, verktaka og flutningsaðila. Hjá fyrirtækinu starfa á sjötta tug manna, þar af 17 á þjónustuverkstæði.

**Vélaborg er með umboð fyrir:**
- Case og Bobcat vinnuvélar
- Jungheinrich og Kalmar lyftara
- Daf vöru- og flutningabíla
- John Deere dráttarvélar og smávélar
- Lely mjaltaþjóna og landbúnaðarvélar

Umsóknum skal skila inn á tölvutæku formi á netfang: **gunnarm@velaborg.is** innan viku frá birtingu auglýsingar.

# HEILLANDI HEIMUR HÖNNUNAR

Vegna mikilla anna óskar Saltfélagið að ráða starfsmann til þjónustu og afgreiðslu í glæsilegri verslun að Grandagarði 2. Vinnutími er frá kl. 10.00 til 18.00 virka daga og 11.00 til 17.00 á laugardögum.

Einnig er óskað eftir tveimur helgarstarfsmönnum til aðstoðar í versluninni.

**Störfin felast í þjónustu og sölu til viðskiptavina**
- Við leitum að einstaklingum sem hafa þekkingu og ósvikinn áhuga á hönnun.
- Reynsla af sölumennsku er kostur og fáguð framkoma nauðsynlegur eiginleiki.
- Viðkomandi þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að senda umsóknir á info@saltfelagid.is fyrir **föstudaginn 17. ágúst.**

Saltfélagið er heimilisvöruverslun sem selur hágæða hönnunarvörur, húsgögn, ljós og gjafavörur, t.d. frá Vitra, Moooi, Tom Dixon, De Padova, MDF Italia og Living Divani.
Í versluninni rekur Te og kaffi huggulegt kaffihús þar sem gestir geta gluggað í nýjustu hönnunartímaritin og bækur um hönnun og híbýlaprýði.



bmvalla.is

## Deildarstjóri múrdeildar

**BM Vallá hf.** leitar að deildarstjóra í múrdeild fyrirtækisins. Viðkomandi þarf að hafa staðgóða þekkingu á múrvörum og vörum tengdum múrverki.

Starfið felst m.a. í ráðgjöf og sölu til viðskiptavina, daglegri stjórnun deildarinnar, tilboðsgerð og eftirfylgni sem og samningum og þjónustu við endurseljendur.

Deildarstjóri hefur einnig umsjón með innkaupum á múrvélum, varahlutum o.fl.

Við leitum að sjálfstæðum og metnaðarfullum einstaklingi með þekkingu og reynslu af innlendum byggingariðnaði auk góðrar þekkingar á múrverki.

Menntun á sviði múrverks, tækni- og verkgreina er tvímælalaust kostur en ekki skilyrði. Góð laun í boði.

Allar nánari upplýsingar um starfið veitir Gunnar Þór í síma 412-5053 / 617-5053 eða á skrifstofu söludeildar að Breiðhöfða

BM Vallá hf. er traust og þjónustudrifið sölu- og framleiðslufyrirtæki á byggingamarkaðnum sem leggur áherslu á að uppfylla þarfir viðskiptavina sinna á sem hagkvæmastan hátt. Fyrirtækið er með starfsemi sína á 11 starfsstöðvum víða um landið.

GÆÐAKERFI VOTTAÐ VOTTUN HF ÍST ISO 9001

AÐALSKRIFSTOFA Bíldshöfða 7 :: 110 Reykjavík

BM·VALLÁ

## TANNLÆKNASTOFA

Aðstoð óskast á tannlæknastofu í Reykjavík allan daginn.

Umsóknir berist til Fréttablaðsins eða sendist á box@frett.is merkt Tannlæknastofa - 233

## Sjávarkjallarinn

Vegna mikilla anna framundan óskum við eftir fólki í fullt starf en einnig í kvöld og helgarvinnu

vinsamlegast sendið umsókn á info@sjavarkjallarinn.is

DVALARHEIMILIÐ HÖFÐI

## Matsveinn

**Dvalarheimilið Höfði, Akranesi óskar eftir að ráða matsvein til starfa sem fyrst.**

Umsóknir um starfið ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf berist fyrir 27.ágúst n.k. Nánari upplýsingar um starfið veitir framkvæmdastjóri á skrifstofu Höfða eða í síma 433-4300.

Á Höfða búa 78 íbúar, þar af 46 í hjúkrunarrými og 32 í þjónusturými. Á heimilinu er auk þess rekin félags- og þjónustumiðstöð; m.a. eru 20 rými fyrir dagdeild aldraðra, veitt er heimsending á mat og rekin er ferðaþjónusta fyrir fatlaða. Starfsmenn eru 88 í 64 stöðugildum.

# Mótaðu framtíðina með okkur...



## VESTURKOT

*FLÆÐI – LEIKUR – FÆRNI*

**Viltu vinna uppbyggilegt starf, taka virkan þátt í breytingarferli og leyfa áhugsviði þínu að njóta sín?**

**Við Vesturkot eru lausar eftirfarandi stöður :**

### Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

### Sérkennslustjóri

**Í skólanum er gengið út frá nýjum hornsteinum: „FLÆÐI – LEIKUR – FÆRNI". Mótun nýrrar stefnu er í gangi og því kjörið tækifæri fyrir metnaðarfulla einstaklinga að hafa áhrif og setja mark sitt á starfið.** ***Sjá nánar á vesturkot@hafnarfjordur.is.***

**Nánari upplýsingar veitir leikskólastjóri í síma 565 0220.**

FABRIKAN

HAFNARFJÖRÐUR

**Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar auglýsir eftir jákvæðu og lífsglöðu starfsfólki til ýmissa starfa í grunn- og leikskólum bæjarins. Nánari upplýsingar um störfin gefa skólastjórar viðkomandi leikskóla nema annars sé getið.**

### GRUNNSKÓLAR

**Áslandsskóli**
*S. 664 5501 – leifur@aslandsskoli.is*
**Almenn kennsla í yngri deild**
**Íþróttir/sundkennsla**
**Stuðningsfulltrúi**
**Skólaliði**

**Hraunvallaskóli**
*S. 664 5872 – einar@hraunvallaskoli.is*
**Kennarar á yngsta og miðstigi**
**Kennsla á unglingastigi**
**Smíðakennsla**
**Sérkennsla**
**Skólaliði**
**Matreiðslumeistari**

**Hvaleyrarskóli**
*S. 664 5893 – helgi@hvaleyrarskoli.is*
*S. 664 5869 – marsibil@hvaleyrarskoli.is*
**Umsjónarkennari f. 6. bekk**
**Íþróttir/sundkennsla**

**Lækjarskóli**
*S. 664 5877 – haraldur@laekjarskoli.is*
**Deildarstjóri námsvers innan fjölnáms sem er úrræði fyrir elstu bekki grunnskólans**
**Skólaliði**
**Stuðningsfulltrúi**

**Setbergsskóli**
*S. 664 5880 – gudosk@setbergsskoli.is*
**Skólaliði**

**Víðistaðaskóll**
*S. 664 5891 – annakr@vidistadaskoli.is*
**Stærðfræðikennsla**
**Heimilisfræðikennsla**
**Kennsla tvítyngdra nemenda**
**Stuðningsfulltrúi**
**Skólaliði**

**Öldutúnsskóli**
*S. 555 1546 – herla@oldutunsskoli.is*
**Umsjónarkennsla í 6. bekk**
**Forfallakennsla**

### LEIKSKÓLAR

**Arnarberg**
*S. 555 3493 – arnarberg@hafnarfjordur.is*
**Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun**

**Álfasteinn**
*S. 555 6155 – alfasteinn@hafnarfjordur.***is**
**Deildarstjóri**
**Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun**

**Hlíðarberg**
*S. 565 0556 – hlidarberg@hafnarfjordur.is*
**Leikskólakennarar**
**Síðdegisstöður**

**Kató**
*S. 555 0198 – kato@hafnarfjordur.is*
**Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun**
Leikskólinn er tveggja deilda og tekst á við forystuverkefni í samkennslu

**Norðurberg**
*S. 555 3484 – nordurberg@hafnarfjordur.is*
**Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun**

**Smáralundur**
*S. 565 4493 – smaralundur@hafnarfjordur.is*
**Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun**

**Stekkjarás**
*S. 517 5920 / 664 5862 – stekkjaras@hafnarfjordur.is*
**Leikskólakennarar**
**Þroskaþjálfi**
**Skilastöður**

**Tjarnarás**
*S. 565 9710 – tjarnaras@hafnarfjordur.is*
**Leikskólakennara í afleysingar v/námsleyfis og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun**

**Vesturkot**
*S. 565 0220 – vesturkot@hafnarfjordur.is*
**Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun**
**Sérkennslustjóri**

VERKTAKAR MAGNI

**Vantar vanan mann á hjólagröfu til starfa strax.**

**Mikil vinna framundan.**

**Upplýsingar gefur Sölvi í síma 660-6100.**

## Hafnarfjörður - Afgreiðslu-/Lagerstarf

**Danco Heildverslun leitar að duglegum og ábyrgðarfullum einstaklingum við afgreiðslu á lager.**

*Hæfniskröfur:*
- Reynslu af afgreiðslu- og lagerstörfum.
- Skipulagshæfni
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi.

Æskilegt er að viðkomandi sé eldri en 25 ára og geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir sendist til siggi@danco.is

DANCO

NESDEKK ehf. S: 561 4110

## Atvinna
## smur-og smáviðgerðir bifreiða

Nesdekk óskar eftir að ráða starfsmann til að sinna smáviðgerðum og smurþjónustu á dekkja og smurþjónustuverkstæði á Fiskislóð.

Æskilegt að umsækjandi sé bifvélavirki, vélvirki eða vanur smurþjónustu og minniháttar viðgerðum bifreiða.

Upplýsingar gefur Jón Hauksson s. 825-2215 (jon.hauksson@benni.is)

Nesdekk ehf
Fiskislóð 30
Reykjavík

# KÓPAVOGSBÆR

## LAUS STÖRF

**Áhaldahús Kópavogs:**
- Starfsmaður með reynslu í frárennslislögnum

**Bæjarskipulag:**
- Ritari og aðstoðarmaður skipulagstjóra

**Félagssvið:**
- Rekstrarfulltrúi - Bókhald

**Félagsstarf aldraðra:**
- Gjábakki, matráður 80%
  sími 554 3400 kl. 10-11

**Félagsþjónusta Kópavogs:**
- Liðveitandi/persónulegur ráðgjafi og tilsjón
- Aðstoð við heimilisstörf
- Stuðningsfjölskyldur

**Fræðslu-, tómstunda- og menningarsvið:**
- Íþróttafulltrúi

**Sundlaug Kópavogs:**
- Afgreiðsla/baðv/laugarvarsla karla
- Afgreiðsla/baðv/laugarvarsla kvenna

## GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

**Digranesskóli:**
- Umsjónarkennari á yngsta stig
- Skólaliði 100%

**Hjallaskóli:**
- Kennari í leikrænni tjáningu
- Umsjónarkennari á yngsta stig
- Umsjónarkennari á miðstig
- Skólaliði
- Starfsmaður í Dægradvöl 50%
- Forstöðumaður Dægradvalar
- Stundakennari í albönsku
- Stundakennari í serbó-króatísku

**Hörðuvallaskóli:**
- Umsjónarkennari á yngsta stig
- Stuðningsfulltrúi

**Kársnesskóli:**
- Starfsmaður í Dægradvöl 50%

**Kópavogsskóli:**
- Störf við ræstingar (75%)
- Starfsmaður í Dægradvöl 50%

**Íþróttahús Kópavogsskóla:**
- Baðvarsla kvenna 80%

**Lindaskóli:**
- Starfsmaður í Dægradvöl

**Salaskóli:**
- Umsjónarkennari í 1. – 4. bekk
- Kennari með þekkingu á táknmáli
- Stuðningsfulltr.m/þekkingu á táknmáli
- Stuðningsfulltrúi á unglingastig
- Stuðningsfulltrúi á yngsta stig
- Þroskaþjálfi til að vinna m/einhverfum
- Starfsfólk í Dægradvöl, gangavörslu og ræstingar

**Smáraskóli:**
- Tónmenntakennari 50%
- Heimilisfræðikennari
- Deildarstjóri á unglingastigi

**Snælandsskóli:**
- Dægradvöl 50%

**Vatnsendaskóli:**
- Skólaliði 100%
- Starfsmaður í Dægradvöl 30-50% e. hád.
- Matráður 60%

***Nánari upplýsingar á:***
***www.kopavogur.is***
***og www.job.is***

# Metnaður...



## ...einkennir þá sem vinna hjá Hilton

Nordica hotel mun verða Hilton Reykjvík Nordica í haust og þar með hluti af stærstu hótelkeðju í heimi. Á Nordica eru 252 glæsileg herbergi, fjölbreytt veitinga- og ráðstefnuaðstaða ásamt einum besta veitingastað landsins, VOX. Nordica hotel er rekið af Flugleiðahótelum ehf. sem er hluti af Icelandair group.

### Starfsfólk óskast á Hilton Reykjavík Nordica

- Starfsmaður í gestamóttöku á dagvaktir
- Starfsmaður í gestamóttöku á næturvaktir
- Porter, þjónusta við hótelgesti
- Ráðstefnudeild – bókanir og þjónusta við ráðstefnugesti
- Morgunverður – þjónusta í sal
- Kalda eldhús – morgunverður, smurbrauð
- Framreiðslumenn – fullt starf og hlutastarf
- Matreiðslumenn – VOX Restaurant, VOX Bistro, Veislueldhús
- Nemar – kokka- og þjónanemar
- Þjónustufólk á bari og í veislusali – fullt starf og hlutastarf

**Hæfniskröfur**

- Reynsla æskileg en ekki skilyrði
- Geta til að vinna sjálfstætt og undir álagi
- Góð þjónustulund, frumkvæði og jákvæðni
- Áreiðanleiki og stundvísi

Um er að ræða vaktavinnu.

Vinsamlegast sendið fyrirspurnir og umsóknir á tölvupóstfangið, **umsoknir@nordica.is** fyrir 21. ágúst 2007.

Hilton
Reykjavik Nordica

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

# Forstöðumaður heimilis fyrir heimilislausa

**Velferðarsvið Reykjavíkur auglýsir laust til umsóknar starf forstöðumanns heimilis fyrir heimilislausa.** Um er að ræða heimili fyrir átta heimilislausa karlmenn.

**Helstu verkefni:**
Fagleg og fjárhagsleg ábyrgð á starfsemi og rekstri heimilisins.

**Menntun og hæfni:**
Háskólamenntun á sviði félags- eða heilbrigðisvísinda
Reynsla af starfi með einstaklingum sem eiga við margháttaða félagslega erfiðleika að stríða með sérstakri áherslu á fíknivanda æskileg.
Æskilegt er að umsækjandi hafi þekkingu og reynslu af störfum í félagslegri þjónustu.
Jákvætt viðmót, samstarfs- og skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Um er að ræða fullt starf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.
Skriflegar umsóknir berist Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Tryggvagötu 17, merktar "Heimili fyrir heimilislausa" fyrir 26. ágúst nk.

Nánari upplýsingar veitir Ellý A. Þorsteinsdóttir, skrifstofustjóri í síma 411 9000 eða á netfanginu: elly.alda.thorsteinsdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

# Vilt þú vinna með Hallgrími Helgasyni, Einari Má og Jane Austen?

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Hjá **Eymundsson** vinnur frábær hópur fjölhæfra og skemmtilegra einstaklinga – en okkur vantar fleiri. Laust er í eftirfarandi stöður:

### Sölumaður til bókasafna Austurstræti

Starfið felst meðal annars í sölu til innlendra og erlendra bókasafna. Afgreiðsla á vörum frá eymundsson.is og afgreiðsla í erlendu bókadeildinni. Önnur tilfallandi störf.

### Umsjónarmaður myndlistardeildar Hallarmúla

Starfið felst meðal annars í innkaupum á myndlistarvöru, þjónustu við viðskiptavini deildarinnar ásamt almennri afgreiðslu. Önnur tilfallandi störf.

### Umsjónarmaður íslenskra bóka Smáralind

Starfið felst meðal annars í pöntunum á íslenskum bókum, afgreiðslu í bókadeild, umsjón með endursendingum. Önnur tilfallandi störf.

### Umsjónarmaður erlendra bóka Smáralind

Starfið felst meðal annars í pöntunum á erlendum bókum, tónlist og myndefni sem og innkaupum á leikföngum og annarri afþreyingu fyrir börn. Afgreiðsla í bókadeild, umsjón með endursendingum. Önnur tilfallandi störf.

### Umsjónarmaður tímarita og ritfanga Kringlunni

Starfið felst meðal annars í pöntunum á ritföngum og tímaritum, umsjón með áskriftum og endursendingum. Almenn afgreiðsla og önnur tilfallandi störf.

### Umsjón með þjónustu Eymundsson fyrir Símann Akranesi

Starfið felst meðal annars í sölu á símtækjum, gerð samninga um símaþjónustu og annarri þjónustu Símans. Almenn afgreiðsla í verslun Eymundsson. Önnur tilfallandi störf.

Býrðu yfir reynslu af sölu og þjónustustörfum, frumkvæði og sjálfstæði? Ertu lipur í mannlegum samskiptum, hefurðu þjónustulund og góða almenna tölvuþekkingu? Þá viljum við fá þig í hópinn.

Áhugi á lestri og annarri afþreyingu er kostur þar sem Eymundsson býður fjölbreytt og skemmtilegt úrval af hvers kyns afþreyingarefni.

Nánari upplýsingar veitir Borgar Jónsteinsson, rekstrarstjóri (borgar@eymundsson.is). Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að sækja um á eymundsson.is fyrir 19. ágúst.

Við hjá Eymundsson erum alltaf að leita að góðu fólki. Ef þú hefur áhuga á að starfa með okkur viljum við heyra frá þér. Sendu inn umsókn á eymundsson.is

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

## Flensborgarskólinn í Hafnarfirði

**Flensborgarskólinn auglýsir eftir stuðningsfulltrúum til starfa á starfsbraut skólans**

Nánari upplýsingar um störfin er að finna á www.starfatorg.is og vef skólans www.flensborg.is

Umsóknarfrestur er til 26. ágúst n.k. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Ekki þarf að sækja um á sérstökum umsóknareyðublöðum en í umsókn þarf að greina frá menntun, fyrir störfum og öðru því sem umsækjandi telur máli skipta.
Umsókn skal senda til Flensborgarskólans í Hafnarfirði, Póshólf 240 , 222 Hafnarfirði, merkt starfsumsókn eða í tölvupósti á netfangið flensborg@flensborg.is .

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar gefur Einar Birgir Steinþórsson skólameistari í síma 5650400 en einnig er hægt að fá upplýsingar með fyrirspurn á netfangið flensborg@flensborg.is .

Skólameistari

## KÓPAVOGSBÆR

# LAUS STÖRF
## Í LEIKSKÓLUM KÓPAVOGS:

***Leikskólakennarar!***
***Kynnið ykkur nýjar samþykktir Kópavogsbæjar í tengslum við bókanir í kjarasamningum Félags leikskólakennara og Launanefndar sveitarfélaga***

**Arnarsmári: 564 5380**
• Leikskólakennarar
• Aðstoð í eldhús 75%
**Álfatún: 564 6266**
• Leikskólakennarar (í haust)
• Matreiðslufólk/matráður 100%
**Baugur, NÝR LEIKSKÓLI: 570 1600**
• Deildarstjórar
• Leikskólakennarar
**Dalur: 554 5740**
• Aðstoð í eldhúsi
• Leikskólakennari
• Deildarstjóri y.d.100%
• Leikskólasérkennari/þroskaþjálfi
**Efstihjalli: 554 6150**
• Leikskólakennarar
• Leiksk.sérk/leikskólak/þroskaþj.
**Fífusalir: 570 4200**
• Sérkennari/þroskaþjálfi
• Leikskólakennarar
• Deildarstjóri
• Aðstoð í eldhús
**Kópahvoll: 554 0120**
• Leikskólakennari 100%
**Kópasteinn: 564 1565**
• Leikskólakennari 100%
• Starfsmaður/leiðbeinandi í afleysingu frá 1. sept.
**Marbakki: 564 1112**
• Leikskólakennarar
**Núpur: 554 7020**
• Leikskólakennarar
• Starfsmaður í sérkennslu
**Rjúpnahæð: 570 4240**
• Deildarstjóri á yngri deild
• Leikskólakennarar
• Dagræsting 50%, sem fyrst
**Smárahvammur: 564 4300**
• Leikskólakennarar
• Sérkennsla – starfsmaður í stuðning
**Urðarhóll – Heilsuleikskóli: 554 7789**
• Leikskólakennarar
• Fagstjórn í listum

***Nánari upplýsingar á: www.kopavogur.is og www.job.is***



www.mos.is MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

# Varmárskóli auglýsir

**Eftirtaldar stöður eru lausar til umsóknar:**

**Kennsla á unglingastigi**
• Kennslugreinar stærðfræði og enska
Í skólanum fer fram öflugt þróunarstarf í þessum greinum

**Kennsla á yngsta stigi**
•1. og 2. bekkur
Í skólanum fer fram áhugavert þróunarstarf sem m.a. felst í því að tengja betur saman 5 og 6 ára deildir sem og að móta sveigjanlegt skólastarf á yngsta stiginu

**Tónmenntakennari**
Við óskum eftir að ráða tónmenntakennara í ca. 50% stöðu

**Námsráðgjafi**
Staða námsráðgjafa er laus til umsóknar
Um er að ræða afleysingarstöðu skólaárið 2007-2008

**Skólaliðar**
Skólaliða vantar í hlutastarf, bæði í yngri og eldri deild.

**Ritari**
Ritara vantar í yngri deildina. Viðkomandi þarf að hafa góða tölvukunnáttu og vera leikinn í samskiptum við börn og fullorðna.

Nánari upplýsingar gefa Þórhildur Elfarsdóttir, skólastjóri í síma 863 3297 og Þóranna Rósa Ólafsdóttir, skólastjóri í síma 899 8465



# Frístundamiðstöðin GUFUNESBÆR leitar eftir öflugum starfskrafti

## UMSJÓNARMAÐUR FRÍSTUNDAHEIMILISINS BROSBÆJAR Í ENGJAHVERFI

**Ábyrgðarsvið**
- Umsjón með starfsemi frístundaheimilisins fyrir börn á aldrinum 6–9 ára, ásamt öðrum verkefnum tengdum tómstundastarfi barna í hverfinu.

**Menntunar- og/eða hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á uppeldissviði eða sambærileg menntun.
- Reynsla af starfi með börnum.
- Stjórnunarreynsla æskileg.
- Skipuleg og fagleg vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæði.
- Almenn tölvukunnátta.

Starfsmenn Gufunesbæjar vinna á sviði íþrótta og tómstunda og eru lykillinn að því að veita íbúum fyrsta flokks þjónustu. Gufunesbær leggur áherslu á að starfsfólki líði vel og að það nái að þróast í starfi. Hjá Gufunesbæ vinnur starfsfólk á öllum aldri með fjölbreyttan bakgrunn.

**Umsóknarfrestur er til 15 ágúst 2007**
Umsóknum skal skilað til skrifstofu ÍTR, Bæjarhálsi 1, merkt: Gufunesbær.
Nánari upplýsingar veitir Þóra Melsted, deildarstjóri barnastarfs í síma **520 2300** og í gegnum netpóst: **thora.melsted@reykjavik.is.**

Umsækjendur þurfa að hefja störf sem fyrst. Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

ÍTR

Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur | Bæjarhálsi 1
Sími 411 5000 | Bréfsími 411 5009 | www.itr.is | itr@itr.is




# Leikskólakennarar, myndlista- og annað fagfólk

## óskast í leikskólann Sæborg, Starhaga 11, Vesturbæ.

## Lærum saman í leik

Sæborg leggur áherslu á skapandi starf með börnum og samþættingu námssviða leikskólans þar sem allir starfsmenn leikskólans vinna náið saman.

Verið velkomin í heimsókn í Sæborg eða hafið samband við Soffíu Þorsteinsdóttur, leikskólastjóra í síma 562-3664.

» Við leitum að fólki á öllum aldri, af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu.

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið

www.leikskolar.is

# Fjölbreytt störf í boði

## Slástu í för með okkur og vertu hluti af öflugri heild







## Við leitum að fólki í eftirfarandi störf:

**Dagvinna á svæði 210**
**Vinnuhlutfall aldrei minna en 55%**
Við leitum að starfsmanni í framtíðarstarf við ræstinar í heimahúsum í Garðabæ. Vinnutími er frá kl. 08.00. Umsækjandi þarf að tala íslensku og hafa bíl til umráða.

**Flokkstjóri á svæði 105, 110 og 108**
Vinnutími er frá klukkan 08:00 - 16:00 í báðum störfunum og vinnuhlutfall 100%.

**Flokkstjóri á svæði 105 og 270**
- Á svæði 105 er vinnutími frá klukkan 14:00 - 21:00 og vinnuhlutfall 93%
- Á svæði 270 er vinnutími frá klukkan 16:00 og vinnuhlutfall 37,5%

**Starf flokkstjóra felst m.a. í:**
Umsjón, undirbúningi og stjórnun á verkstað
Ræsting á verkstað
Samskiptum við verkkaupa
Kennslu og þjálfun starfsmanna

Í þessu starfi er áhersla er lögð á lipurð í samskiptum, nákvæmni og þjónustuvilja.

**Aðstoð í eldhúsi og létt þrif**
**Dagvinna á svæði 105 - vinnuhlutfall 75%**
Við leitum að starfsmanni til að aðstoða í eldhúsi ásamt ræstingum á svæði 105.
Vinnutími er frá kl. 08.00 - 14:00.
Umsækjandi þarf að tala íslensku eða góða ensku.

Í þessu starfi er áhersla er lögð á snyrtimennsku, lipurð í samskiptum, nákvæmni og þjónustuvilja.

**Helgarstörf**
Í boði eru nokkur störf við ræstingar aðra hverja helgi. Um er að ræða föst afleysingarstörf og á hjúkrunarheimilum. Vinnuhlutfall frá 15%

**Seinniparts - og kvöldvinna**
Í boði eru nokkur störf sem unnin eru seinnpart dags eða á kvöldin, 2 - 5 daga vikunnar. Þetta eru störf sem henta vel skólafólki eða þeim sem vantar að auka tekjurnar í skemmri eða lengri tíma. Nokkur störf í boði þar sem umsækjandi þarf að geta byrjað klukkan 16:00. Vinnuhlutfall frá 25%

*Umsóknum skal skilað til skrifstofu ISS Ísland ehf., Ármúla 40, 108 Reykjavík, merkt viðkomandi starfi. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu ISS Ísland, www.iss.is*

ISS ÍSLAND

*Upplýsingar um störfin veitir Ólöf, umsóknareyðublöð fást á skrifstofu ISS Ísland að **Ármúla 40, 3.hæð** og á heimasíðu **www.iss.is.***
***Sími 5 800 600. Netfang: olof@iss.is.***

ISS Ísland ehf. er leiðandi fyrirtæki á sviði fasteignaumsjónar. ISS býður upp á þjónustu á sviði daglegra ræstinga, þrifa í matvælaiðnaði, hreingerninga, mötuneytisumsjón og fleira. Hjá ISS starfa yfir 850 manns á aldrinum 16 - 80 ára.

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið

## Aðstoðarleikskólastjóri í leikskólanum Ösp.

**Laus er staða aðstoðarleikskólastjóra í leikskólanum Ösp, Iðufelli 16, Breiðholti.**

Leikskólinn Ösp er þriggja deilda leikskóli þar sem dvelja börn af mörgum þjóðernum. Unnið er út frá hugmyndafræði heiltækrar skólastefnu og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

**Menntunar- og færnikröfur:**
Leikskólakennaramenntun áskilin
Hæfni og reynsla í stjórnun æskileg
Sjálfstæð vinnubrögð
Færni í mannlegum samskiptum
Skipulagshæfileikar, frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi

Staðan er laus.

Upplýsingar veitir Svanhildur Hákonardóttir leikskólastjóri í síma 557-6989 eða Auður Jónsdóttir mannauðsráðgjafi í síma 411-7000.
Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf. Umsóknir skulu berast til Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík eða starfsumsoknir.leikskolar@leikskolar.is
Umsóknarfrestur er til 27. ágúst 2007.
Nánari upplýsingar um laus störf á Leikskólasviði er að finna á www.leikskolar.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

N1

# LIÐSMENN ÓSKAST

Ef þú býrð yfir ríkri þjónustulund og samskiptafærni, ert stundvís og heiðarlegur og hefur áhuga á verslun og þjónustu þá óskar N1 eftir þér til að styrkja öfluga liðsheild á þjónustustöðvum félagsins á höfuðborgarsvæðinu.

N1 býður þér gott og hvetjandi starfsumhverfi, markvissa þjálfun og endurmenntun, stuðning til heilsueflingar og samkeppnishæf og sanngjörn laun þar sem tekið er mið af starfi, ábyrgð og frammistöðu.

Við óskum eftir öflugum liðsmönnum til eftirfarandi starfa:

## VAKTSTJÓRI

**Helstu verkefni:**
- Almenn afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Stjórnun starfsmanna á vaktinni
- Vaktauppgjör
- Pantanir
- Önnur tilfallandi verkefni á stöðinni

## ALMENN AFGREIÐSLA OG ÞJÓNUSTA INNI

**Helstu verkefni:**
- Almenn afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Umsjón með léttum bakstri og pylsum
- Öll tilfallandi störf á stöðinni

## ÞJÓNUSTA ÚTI

**Helstu verkefni:**
- Þjónusta og aðstoða viðskiptavini við þjónustudælu
- Umsjón, þrif og eftirlit með bílaplani stöðvarinnar

Nánari upplýsingar um störfin veitir Sigríður Harðardóttir mannauðssviði N1 í síma **440 1000**.
Áhugasamir sæki um störfin á **www.n1.is** eða sendi tölvupóst á **sigridurh@n1.is**

**N1** ÞJÓNUSTUSTÖÐVAR
N1 er leiðandi verslunar- og þjónustufyrirtæki á sviði bílatengdrar starfsemi fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

WWW.N1.IS
440 1000

» Ráðningarþjónusta

# Ert þú í atvinnuleit?

## Fjöldi starfa í boði.

- » Skrifstofustörf
- » Lagerstörf
- » Verslunarstörf
- » Bókhaldsstörf
- » Ræstingarstörf
- » Sérfræðistörf
- » Útkeyrslustörf
- » Sölustörf
- » Stjórnunarstörf
- » Störf við kerfisstjórn
- » Störf við forritun
- » Framleiðslustörf
- » Iðnstörf
- » Þjónustustörf




» Kannaðu málið á
www.hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík
Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

ÍSTAK



## SENDILL

ÍSTAK óskar eftir að ráða starfsmann til sendiferða og lagerstarfa. Lyftararéttindi æskileg.

Upplýsingar um starfið og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Einnig er hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu okkar www.istak.is.



**Til sölu** Tjarnabraut 24 Innri-Njarðvík.
927 fm efri hæð teiknuð sem 24 herbergja gistiheimili. Frábær staðsetning nálægt víkingaheimum sem munu rísa á næstunni. Hentar einnig sem skrifstofu eða íbúðarhúsnæði. Hæðin skilast rúmlega fokheld með fullbúnu plani.
Verð 130 milljónir.

Uppl veitir Jakob í síma 893-0776 eða jakob@toppurinn.com


Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ – Mest lesið

## Kórstjóri barnakórs Grafarholtssóknar

Grafarholtssókn óskar eftir kórstjóra barnakórs frá byrjun september í hlutastarf. Barnakór kirkjunnar hefur starfað frá 2005 og er nú skipaður um 30 börnum á aldrinum sjö til tíu ára. Upplýsingar um starfið veita Hrönn Helgadóttir organisti í síma 695 2703 og séra Sigríður Guðmarsdóttir sóknarprestur í síma 895 2319.

Sælkerabúðir Gallerí Kjöt og Fiskisögu óska eftir að ráða starfskraft við almenn skrifstofustörf.

Erum að leita af starfskrafti til að sinna almennum skrifstofustörfum og sinna móttöku.

Þarf að hafa góða samskiptahæfileika og þjónustulund. Reynsla af bókhaldsstörfum æskileg.

Áhugasamir sendið umsóknir á tölvupóstfangið hronn@partners.is eða póstsendið á:

Fiskisaga ehf
Suðurgötu 10
101 Reykjavik

GALLERÍ KJÖT

Fiskisaga

## Starfsmaður óskast!

Garri ehf. heildverslun óskar eftir að ráða sem fyrst starfsmann á lager. Í starfinu felast almenn lagerstörf og tiltekt pantana.

Við leitum að traustum og vinnusömum starfsmanni sem er tilbúinn að vinna með okkur í öflugu fyrirtæki á stækkandi fyrirtækjamarkaði.

Skilyrði er að umsækjendur hafi gott vald á íslenskri tungu.
Garri er reyklaus vinnustaður.

Áhugasamir sendi umsóknir með tölvupósti á netfangið magnus@garri.is fyrir 20. ágúst.

Garri

*Gerðu þér mat úr Garra*

## GARÐABÆR
www.gardabaer.is

## Leikskólinn Kirkjuból

### Auglýsir eftir starfsfólki

- Leikskólakennari í 100% starf
- Leiðbeinandi í 100% starf
- Sérkennslustjóri í 75% starf

Starfsfólk leikskólans ætlar að kynna sér fjölgreindarkenningu Gardners næsta vetur og skoða starfið í leikskólanum út frá henni.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 565 6322.

Upplýsingar um Kirkjuból eru á vef skólans, www.gardabaer.is/kirkjubol.

Laun eru skv. samningum Launanefndar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Hægt er að sækja um starfið með því að fylla út almenna atvinnuumsókn á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is og taka fram hvaða starf er verið að sækja um.

Fræðslu- og menningarsvið

## VOLUNTEERS NEEDED FOR INDIA AND AFRICA

5 places
14 months programme, incl. 6 months intensive training in Norway
Start: Oct and Feb

***You can work with:***
Fight HIV/AIDS - Social work with streetkids
Education, enviromental work, Community work

**Email : Sidsel@humana.org**
**0047 61 26 44 44**
**www.drh-norway.org**

NESDEKK ehf. S: 561 4110

## Atvinna
## smur-og smáviðgerðir bifreiða

Nesdekk óskar eftir að ráða starfsmann til að sinna smáviðgerðum og smurþjónustu á dekkja og smurþjónustuverkstæði á Fiskislóð.

Æskilegt að umsækjandi sé bifvélavirki, vélvirki eða vanur smurþjónustu og minniháttar viðgerðum bifreiða.

Upplýsingar gefur Jón Hauksson s. 825-2215 (jon.hauksson@benni.is)

Nesdekk ehf
Fiskislóð 30
Reykjavík



# Sölusvið

**Óskað er eftir starfsmanni á Sölusvið Kaupþings.**

### Starfslýsing og helstu verkefni

- Ábyrgð á innri markaðssetningu til útibúa Kaupþings ásamt öðrum dreifileiðum
- Tengiliður Sölusviðs við útibú bankans
- Eftirfylgni á þjónustustefnu og sölu- og markaðsstefnu bankans
- Ábyrgð á ákveðnum verkefnum á Sölusviði

### Hæfni og menntun

- Próf í viðskiptafræðum eða mikil reynsla af sambærilegum störfum
- Frumkvæði í starfi
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Góðir söluhæfileikar og geta til að kenna öðrum þá hæfni
- Reynsla af bankastörfum skilyrði
- Hæfni til að vinna undir álagi

*Nánari upplýsingar veita Arthúr Vilhelm Jóhannesson, forstöðumaður á Sölusviði, sími 444 6785, netfang arthur.johannesson@kaupthing.com og Jónas Hvannberg, Starfsmannasviði, sími 444 6376, netfang jonas.hvannberg@kaupthing.com.*

*Umsóknarfrestur er til og með 21. ágúst 2007.*
*Umsækjendur sæki um á vefsíðum bankans, www.kaupthing.is*

*Sölusvið ber ábyrgð á sölu til einstaklinga á þjónustu Kaupþings og samstarfsfyrirtækja. Mikið er lagt upp úr jákvæðu og góðu samstarfi.*

Kaupþing, sem er stærsta fyrirtæki landsins, veitir alhliða viðskipta- og fjárfestingarbankaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og fagfjárfesta. Kaupþing er leiðandi á öllum helstu sviðum íslensks fjármálamarkaðar og starfar í 9 löndum auk Íslands. Hjá bankanum starfa yfir 3.000 manns, þar af 1.800 erlendis.

KAUPÞING
*Hugsum lengra*

# GARÐABÆR
www.gardabaer.is

## Grunnskólar Garðabæjar
## Skólabyrjun 2007

Skólasetning í grunnskólum Garðabæjar verður miðvikudag 22. ágúst nk.

Tímsetningu á boðun árganga er að finna á vef hvers skóla ásamt upplýsingum um upphaf kennslu og innkaupalista.

Einnig eru þessar upplýsingar á vef Garðabæjar www.gardabaer.is.

***Deildarstjóri skóladeildar***

Fræðslu- og menningarsvið





# Skólasetning
## Grunnskóla Seltjarnarness 2007

**Nemendur** komi í skólann þriðjudaginn 21. ágúst sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| 6. bekkur | kl. | 9:00 |
| 5. bekkur | kl. | 9:30 |
| 4. bekkur | kl. | 10:30 |
| 3. bekkur | kl. | 11:00 |
| 2. bekkur | kl. | 11:30 |
| í Mýrarhúsaskóla | | |
| 7.-10. bekkur | kl. | 10:00 |
| í Valhúsaskóla | | |

Nemendur og foreldrar 1. bekkja verða boðaðir skriflega til viðtals við kennara.

**Skólaskjólið** verður opnað miðvikudaginn 22. ágúst.

**Kennarar** koma til starfa miðvikudaginn 15. ágúst kl. 9:00, í sal Mýrarhúsaskóla.

SELTJARNARNESBÆR
Skólaskrifstofa

Augl. Þórhildar 2200.378



# Flísalögn
Getum bætt við okkur verkefnum í flísalögn.

**BVVS ehf.**
Sími 861 0401, 868 0401



# Blómabúðin Ilex
Hafnarbraut 7, 620 Dalvík
Rekstur og húsnæði til sölu.

**Stærð: 107,1 fm**
**Byggingarár: 1987**
**Brunabótamat: 11.680.000**

RE/MAX Torg





**Tilboð óskast í rekstur og húsnæði.**

Til sölu er blómabúðin Ilex ásamt húsnæði við Hafnarbraut 7 á Dalvík. Verslunin er staðsett í verslunar-og þjónustubyggingu í hjarta bæjarins. Um er að ræða tvö bil í húsnæðinu samtals 107,1 fm. Verslunin hefur verið starfandi s.l. átján ár á Dalvík og hefur unnið sér mjög traustan og góðan kúnnahóp. Blómabúðin sér um flestar athafnir í kirkjum Dalvíkurbyggðar og Ólafsfjarðar. Ýmsir möguleikar eru á að auka veltu fyrirtækisins. Tilvalið tækifæri fyrir þá sem vilja reka fyrirtæki út á landi.



Dóróthea
Sölufulltrúi
**898 3326**
dorothea@remax.is



Bergsteinn
Gunnarsson
Lögg. fasteignasali

**RE/MAX Torg - Garðatorgi 5 - 210 Garðabær - Sími: 5209595 - www.remax.is**



ARNARFELL ehf




# Ertu tilbúinn í haustátök ?

Leitum að ýtumönnum, gröfumönnum og bílstjórum í stíflugerð sem lýkur í nóvember. Ennfremur óskum við eftir því að ráða viðgerðamenn vana þungavélum ásamt vönum lagermanni.

Upplýsingar veitir:
Bergþór Jóhannsson í síma 863-7599

**www.arnarfell.is**




FASTEIGNIR

TILBOÐ / ÚTBOÐ


Frum





## OPIÐ HÚS MILLI 14.00 – 15.00
## KRISTNIBRAUT 31 ÍBÚÐ 302

**KRISTNIBRAUT - 113 RVK.**
**Laus við kaupsamning.** Falleg 4ra herbergja 110,3 fm íbúð á efstu hæð með miklu útsýni. Sérmerkt stæði í lokaðri bílageymslu fylgir íbúðinni.
**VERÐ. 29,3 millj.**

***Vildís tekur vel á móti þér og þínum. Sími 695 1469***

Akkurat
**FASTEIGNASALA**
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000


www.mos.is MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

# Engjavegur – Gatnagerð

Mosfellsbær óskar eftir tilboðum í gatnagerð við Engjaveg í Mosfellsbæ. Um er að ræða að hluta til endurnýjun götu sem innifelur jarðvinnu, holræsalagnir, vatns-og hitaveitulagnir auk lagningu strengja og ídráttarröra. Áætluð verklok 31. desember.

Helstu magntölur:

| | | |
|---|---|---|
| Gröftur: | 6400 | m3 |
| Fyllingar: | 4500 | m3 |
| Holræsalagnir: | 800 | m |
| Vatnsveitulagnir: | 450 | m |
| Hitaveitulagnir: | 450 | m |
| Strengjaskurðir: | 600 | m |

Prentuð útboðsgögn verða afhent í Þjónustuveri Mosfellsbæjar Þverholti 2, frá og með þriðjudeginum 14. ágúst n.k. Hægt verður einnig að fá útboðsgögn á geisladiski. Tilboðum skal skilað á Bæjarskrifstofur Mosfellsbæjar 4. hæð fyrir kl. 11:00 þriðjudaginn 28. ágúst n.k, þar sem þau verða opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska.

**Tækni- og Umhverfissvið Mosfellsbæjar**


# MIÐBORG
**Sími 533 4800**



**Laugavegur 182 • 4. hæð • 105 Rvík Fax 533 4811 • midborg@midborg.is**
**Björn Þorri hdl., lögg. fastsali, Karl Georg hrl., lögg. fastsali.**

## Ránargata 22 – Opið hús

Frum





Glæsileg 117 fm. neðri hæð í virðulegu steinhúsi í miðbæ Reykjavíkur, auk sér herbergis og geymslu í kjallara, alls 145,3 fm. að stærð. Hæðin, sem mikið hefur verið endurnýjuð, skiptist í hol/gang, eldhús, stofur, þrjú svefnherbergi og baðherbergi. Í kjallara er sér herbergi, geymsla, sameiginlegt þvottahús og þurrkherbergi. Mikil lofthæð er í íbúðinni. **V. 46,5 millj.**

**Opið hús í dag milli kl. 16:00 og 17:00**







**VORLÍNAN 2008** Steinunn segist alltaf fá innblástur frá Íslandi og í vor og sumar eru það íslensk blóm sem gefa tóninn. Myndirnar voru teknar á nýafstaðinni danskri tískuviku. MYND/ HENRY K.VIRKING

# Undir áhrifum himins og hafs

Íslenski ofurhönnuðurinn **Steinunn Sigurðardóttir** hlaut norrænu hönnunarverðlaunin á dönsku tískuvikunni sem er nýafstaðin og má með sanni segja að merki hennar, Steinunn, sé að slá í gegn erlendis. *Anna Margrét Björnsson* náði af henni tali þegar hún var nýstigin úr flugvél frá Kaupmannahöfn.

Steinunn Sigurðardóttir er farsæll tískuhönnuður sem hefur unnið hjá virtum hönnuðum eins og Ralph Lauren, Calvin Klein, Gucci og La Perla. Fyrir nokkrum árum flutti hún aftur til Íslands og setti á fót eigin fatalínu sem heitir Steinunn. „Þetta var mikið streð til að byrja með en í fyrra gerði ég samning við Baug og fékk fjármagn inn í fyrirtækið mitt sem gerði mér kleift að fá fleira starfsfólk. Það segir sig sjálft að um leið og maður er kominn með mannskap til að hjálpa sér þá byrja hlutirnir að rúlla.“ Steinunn hefur fengið afar lofsamlega dóma í erlendu pressunni, meðal annars í tímaritinu Surface, In Magazine og á Style.com, biblíu tískufíkla, en þar er sagt: „Íslensk sköpun byrjar hvorki né endar með Björk. Steinunn Sigurd mun koma með norrænan og afar svalan mínimalisma inn í hitann í New York síðar í mánuðinum.“ Tískuritið New York Cool má ekki vatni halda yfir fötum Steinunnar og lýsir þeim svona: „Þau endurvekja dýrðardaga hátískunnar, blómin minntu á hönnun Balenciaga og dásamlega sniðnir jakkar og kápur voru í anda Dior á sjötta áratugnum.“

Steinunn verður með sýningu á fötum sínum í stórversluninni Takashimaya í New York í lok ágúst. „Sýningin, sem nær yfir jarðhæðina, mun opna með kampavíni og miklu húllumhæi, þetta verður alveg súper,“ segir Steinunn glöð í bragði. En það er fleira spennandi að gerast hjá Steinunni því hún hefur opnað nýja og glæsilega verslun að Laugavegi 40 sem hefur fengið afbragðs viðtökur. „Laugavegurinn er að breytast svo mikið og þangað eru komnar mjög flottar tískubúðir. Lífæð Reykjavíkur er auðvitað þessi gata og því gat ég ekki hugsað mér betri staðsetningu.“ Steinunn bætir við að öll hönnun í búðinni sé íslensk, en þar býður hún auk fatanna einnig upp á húsgögn, listaverk og aðra hönnun. „Ég er íslensk og mín fagurfræði er íslensk. Þess vegna líður mér best með að hafa allt íslenskt í kringum mig.“





**HAUST 2007** „Uppáhaldsliturinn minn er svartur, eins og hraunið“



**VERÐLAUNUÐ Í KÖBEN** Steinunn fékk norrænu hönnunarverðlaunin, Gínuna á miðvikudag og hönnun hennar hefur vakið mikla lukku í New York.

**Íslenska tískusprengjan væntanleg**

Um þessar mundir er Steinunn að kynna fatalínu sína fyrir vor/sumar 2008 en þar gefur að líta daufa pastelliti eins og ýmsa gráa tóna og fjólubláa, og efnin eru aðallega siffon og silki. „Ég á heima við sjóinn og eitt það fallegasta sem ég get hugsað mér er þegar himinn og haf verða að einum gráum óendanleika. En í bland við gráu tónana nota ég mynstur úr íslenskum blómum – blýantsteikningar af hvönn og eyrarrós, og notast líka mikið við lit eyrarrósarinnar.“ Steinunn hefur verið mjög virk við tískudeildina í Listaháskóla Íslands undanfarin ár og segir skólann hafa breytt öllu í tískulandslagi Íslands. „Það eru miklu fleiri ungir hönnuðir núna að spreyta sig heldur en voru áður. Það er

Allt fyrir ástina
með Páli Óskari
sem hringitónn
Hringitónar
Það er Síminn







komin virkileg ástríða fyrir faginu hér heima. Ég set þetta dálítið í samanburð við Danmörku, tískuhönnunarbylgjan þar hófst fyrir um fimmtán árum og nú til dæmis á tískuvikunni voru allir sem skipta máli í tískuheiminum mættir til Kaupmannahafnar. Ég held að það sé engin spurning um það að eftir nokkur ár verði algjör sprengja í tískunni hér heima. Þetta er dálítið eins og Iceland Airwaves, það tekur tíma að byggja upp svona hluti en svo er ekki spurning um að þeir fara sívaxandi.“

*Frekari upplýsingar eru á www.steinunn.com*





**FORSTÖÐUMAÐUR SKÓGRÆKTARSTÖÐVARINNAR ÖLURS**





**Sólheimar óska eftir að ráða forstöðumann skógræktarstöðvarinnar Ölurs.**

Skógræktarstöðin Ölur er sjálfstætt fyrirtæki í eigu Sólheima ses.
Öll ræktun Ölurs er lífrænt vottuð.
Ölur framleiðir skógar- og garðplöntur auk sumarblóma.
Forstöðumaður ber ábyrgð á rekstri skógræktarstöðvarinnar þ.m.t. framleiðslu og sölu.

Menntun á sviði garðyrkju/skógræktar er nauðsynleg. Kostur er að viðkomandi hafi þekkingu og/eða reynslu af lífrænni ræktun.
Reynsla af stjórnun æskileg.
Í boði er áhugavert og krefjandi starf fyrir metnaðarfullan einstakling.
Laun eru samkomulagsatriði.

**Umsóknir skulu berast eigi síðar en 24 ágúst n.k. til framkvæmdastjóra Sólheima, Guðmundar Ármanns á netfangið gap@solheimar.is, sem veitir frekari upplýsingar um starfið í síma 480 4412.**

Sólheimar ses. - 801 Selfoss - www.solheimar.is

512 Auglýsingasími 50 50
– Mest lesið




STYRKIR VERÐA VEITTIR TIL BARNA Á ALDRINUM 6–16 ÁRA

vildarbörn

Ferðasjóður Vildarbarna er sameiginlegt átak Icelandair og viðskiptavina félagsins til að gera langveikum börnum og fjölskyldum þeirra, og börnum sem búa við sérstakar aðstæður vegna veikinda, kleift að ferðast. Ferðasjóður Vildarbarna hefur gert yfir 100 börnum og fjölskyldum þeirra kleift að fara í ógleymanlega og uppbyggjandi fjölskylduferð. Landsbankinn annast fjárhald sjóðsins. Verndari Vildarbarna er Vigdís Finnbogadóttir.

**Umsóknarfresturinn er til 14. september 2007.**
**Úthlutað verður úr sjóðnum fyrsta vetrardag 27. október 2007.**

+ Umsóknareyðublöð eru á www.vildarborn.is

WWW.ICELANDAIR.IS




# Borgar veisla

## í haust – í beinu flugi



**Búdapest**
12. okt. - UPPSELT
18. okt. - AUKAFLUG
19. okt. - AUKAFLUG
Frá kr. 49.790
Flug, skattar og gisting í 3 nætur með morgunverði. Netverð á mann.

**Vilnius**
10. okt.
14. okt.
19. okt. - UPPSELT
22. okt.
Frá kr. 23.990
Flugsæti með sköttum. Fargjald A. Netverð á mann.

**Barcelona**
í allt haust
– Margar brottfarir uppseldar
Frá kr. 23.990
Flugsæti með sköttum. Fargjald A. Netverð á mann.

**Riga**
26. okt. – örfá sæti
Frá kr. 49.990
Flug, skattar og gisting í 3 nætur með morgunverði. Netverð á mann.

**Prag**
í allt haust
– Margar brottfarir uppseldar
Frá kr. 19.990
Flugsæti með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð, brottfarir sunnu- eða mánudaga. Netverð á mann.

**Stuttgart-Heidelberg**
29. nóv. – örfá sæti
Frá kr. 59.990
Flug, skattar og gisting í 3 nætur með morgunverði. Netverð á mann.

**Montreal**
28. sept. - UPPSELT
2. okt.
5. okt. – örfá sæti
8. okt.
20. okt.
Frá kr. 29.990
Flugsæti með sköttum. Fargjald A. Netverð á mann.

**Edinborg**
6. des.
Frá kr. 49.990
Flug, skattar og gisting með morgunverði í 3 nætur. Netverð á mann.

**Kraká**
25. okt. - UPPSELT
28. okt.
1. nóv. - UPPSELT
5. nóv.
8. nóv. – örfá sæti
Frá kr. 23.990
Flugsæti með sköttum. Fargjald A. Netverð á mann.

**Róm**
5. okt. – örfá sæti
12. okt. – örfá sæti
Frá kr. 39.990
Flugsæti með sköttum. Fargjald A. Netverð á mann.

**Ljubljana**
9. nóv. - UPPSELT

**Flórens**
30. sept. – örfá sæti
Frá kr. 79.990
Flug, skattar, gisting í 5 nætur m/ morgunverði, 3 kvöldverðir og akstur frá Flórens til Rómar. Netverð á mann.

**Flug með Primera Air**
Það er íslenska flugfélagið JetX sem annast allt leiguflug Primera Air fyrir Heimsferðir á Íslandi og fyrir önnur dótturfyrirtæki Primera Travel Group í Skandinavíu. Þjónusta um borð er fyrsta flokks og að sjálfsögðu á íslensku.



Mundu MasterCard ferðaávísunina!

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500


# STUÐ MILLI STRÍÐA Ertu að fara að kúka?

**MARGRÉT HUGRÚN GÚSTAVSDÓTTIR** FLOKKAR ÞAÐ SEM SITT EINKAMÁL HVAÐ GERAST MUN Í SALERNISFERÐINNI



Fyrr í sumar kom hingað til lands útlendingur sem ég hef þekkt til margra ára. Tilgangur útlendingsins með heimsókninni var að bregða sér á íslenskunámskeið í Háskólanum og kynnast um leið landi og þjóð.

Af þessu tilefni gaf ég honum tvær bækur sem áttu að gefa innsýn í þjóðarsálina: Njálu og bók með teiknimyndaskrítlum eftir Hugleik Dagsson. Við fórum líka á kaffihús, í bíltúr út á land, í matarboð og fleira sem Íslendingar gera sér til skemmtunar.

Eftir því sem á leið fór hún að skilja meira og meira í íslensku og um leið opinberuðust duldar hliðar samfélagsins fyrir þessari þróuðu veru, því hafa Danir ekki alltaf verið siðmenntaðar og þróaðar verur fyrir okkur kotbændum? Þessu áttaði ég mig á þegar hún spurði allt í einu hvort það teldist almenn kurteisi á Íslandi að tilkynna sessunautum sínum að nú væri maður að fara að PISSA.

Ég vissi ekki alveg hverju ég átti að svara. Sjálfri finnst mér þetta svolítið skrítið og reyni frekar að láta vita að ég þurfi að nota salernið, ef ég neyðist þá yfir höfuð til þess að útskýra þetta ætlunarverk mitt en Dananum fannst einkennilega smekklaust að tala um piss og yfir höfuð að útskýra hvað skrokkurinn væri að fara að losa sig við.

Hvað með hitt? Á maður að segjast vera að fara að kúka, svo að allir hafi nú réttu upplýsingarnar á hreinu, eða kemur þetta kannski ekki nokkrum við nema manni sjálfum?

Ég þarf að snýta mér, þvo mér um hendurnar, púðra á mér nefið, pissa, kúka... æi... í guðs bænum sleppum þessu – eða segjumst bara þurfa að bregða okkur á snyrtinguna eða salernið.

Við erum þjóðarsál sem er svona rétt að komast af gelgjuskeiðinu hvað varðar siðmenningu og endalaust getum við því tekið inn nýja og góða siði. Til dæmis að heilsast með kossi, fara á stefnumót, breiða servíettuna yfir kjöltuna og tilkynna EKKI hvað gerast muni í klósettferðinni.

# myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



## NÝJAR BÆKUR




Nýtt forlag, Father/son Books, hefur sent frá sér ljósmyndabók með textum, Whales and tales. Í bókinni eru ljósmyndir af hvölum af ýmsum tegundum eftir heimsþekkta ljósmyndara. Texti bókarinnar er á ensku og byggist á tilvitnunum í fjölda heimskunnra höfunda frá ýmsum tímum; Snorri Sturluson, Aristóteles, Mark Twain og Shakespeare eru þeirra á meðal. Bókin er hugsuð fyrir ferðamenn og hvalavini sem fara um íslenskan bókamarkað á leið sinni á hvalaslóðir. Þetta er fyrsta útgáfa hins nýja fyrirtækis sem er í eigu feðganna Harðar Sigurðssonar og Reynis Harðarsonar. Hún er 120 bls., í brotinu 22 x 25 sm og er prentuð í Prentmeti.




Árstíðir eða Seasons er ljósmyndabók sem útgáfan Nenna hefur sent frá sér. Bókin samanstendur af ljósmyndum af Íslandi á öllum árstíðum eftir Gunnar Sverrisson, sem kunnur er af ljósmyndum sínum fyrir tímaritið Veggfóður og myndabækurnar Bústaðir og Heimilisbragur. Bókin er í brotinu 13,4 x 19,5 og er 98 bls. Prentun var unnin á Ítalíu en ritstjórar eru þær Elsa Ævarsdóttir og Halla Bára Gestsdóttir.

Veisluréttir ferðalangsins er matreiðslubók fyrir ferðamenn eftir Höllu Hauksdóttur. Fjölvi gefur út.



Bókin er ætluð þeim sem vilja ferðast um landið og kennir hvernig má matreiða gómsæta og holla rétti af ýmsu tagi með litlili fyrirhöfn á ferðalögum. Alls eru fimmtíu uppskriftir í bókinni auk hollráða til þeirra sem leggja vilja á fjallvegi. Bókina prýða ljósmyndir eftir Guðmund Ingólfsson. Bókin er í brotinu 15,2 x 19,7 sm og er 62 bls. með hörðum spjöldum. Prentun og band var unnið í Slóveníu.

Móðurlaus Brooklyn eftir Jonathan Letthem er komin út á forlagi Bjarts í þýðingu Eiríks Arnar Norðdahl.




Höfundurinn er Bandaríkjamaður fæddur 1964 og hefur starfað sem rithöfundur frá 1994. Sagan er tilbrigði við hinn klassíska bandaríska reyfara og hefur hlotið mikið lof í heimalandi höfundar. Var hún valin skáldsaga ársins í Esquire og fékk bæði Salon og Gold Dagger verðlaunin. Bókin er í kilju, 376 bls. Prentun fór fram í Danmörku.

MR. SKALLAGRÍMSSON
- höf. og leikari Benedikt Erlingsson
Sjá sýningadagatal á www.landnamssetur.is
Miðapantanir í síma: 437-1600

# Jakútíudagar

Jakútar hafa gert sig heimakomna í MÍR-salnum á Hverfisgötu 105. Þar var opnuð samsýning listamanna frá Jakútíu og Íslandi á fimmtudag og í dag kl. 15 er svo efnt til sérstæðra tónleika og kynningar á þjóðlegri list jakúta á sama stað.

Á sýningunni í MÍR eru verk eftir íslensku listamennina Kjuregej Alexöndru og Jón Magnússon, sem og verk eftir tvo jakútska listamenn sem komu til Íslands gagngert vegna sýningarinnar og listkynningarinnar, þá Fjodor Markov og Spiridon Shishigin.

Flest verk á myndlistarsýningunni á Kjuregej Alexandra, hin fjölhæfa listakona sem búið hefur á Íslandi um áratuga skeið, en hún rekur ættir sínar austur til Jakútíu í Síberíu, lýðveldisins Sakha sem er eitt af sambandsríkjum Rússlands. Kjuregej hefur á síðustu árum lagt sérstaka rækt við gerð mósaíkmynda og applíkeraðra verka. Fjodor Markov er í hópi kunnustu núlifandi myndlistarmanna í Jakútíu og ber heiðurstitilinn þjóðlistamaður lýðveldisins Sakha. Hann vinnur mest að útskurði verka í bein og tré og mótar líka myndverk í ís, snjó og sand. Fjodor Markov hefur sýnt víða utan Rússlands og hlotið m.a. verðlaun fyrir ísskúlptúra sína oftar en einu sinni í alþjóðlegri samkeppni. Jón Magnússon hefur ekki verið áberandi í íslensku listalífi til þessa, enda dvalist langdvölum erlendis við nám og störf, m.a. í Kaupmannahöfn og París. Hann er sonur Kjuregej Alexöndru og Magnúsar Jónssonar kvikmyndagerðarmanns og rithöfundar sem látinn er fyrir mörgum árum.



**MYNDLIST** Kjuregej Alexandra hefur um langt árabil opnað Íslendingum glugga inn í menningu þjóðar sinnar.

Á listkynningunni í dag kemur fram, auk Kjuregej, Spiridon Shishigin sem er sérfræðingur um allt sem lýtur að alþýðuhljóðfærinu „khomus" og þykir leika af stakri snilld á þetta litla hljóðfæri sem oft er kallað gyðingaharpa eða gyðingamunnharpa á Vesturlöndum. Annars þýðir „khomus" á máli jakúta „ýlustrá".

Ókeypis aðgangur er á tónleikana og kynninguna í dag sem og myndlistarsýninguna sjálfa sem myndar veglegan ramma um lifandi flutning jakúta.

**- pbb**

EINSTAKUR VIÐBURÐUR
KIRKJULISTAHÁTÍÐ
FESTIVAL OF SACRED ARTS
2007
11.–19. ágúst
„Ég vil lofsyngja Drottni"
MESSA Í H-MOLL
eftir J. S. BACH
FLYTJENDUR:
Monika Frimmer, Robin Blaze, Peter Kooij og Gerd Türk.
Alþjóðlega barokksveitin í Haag og Mótettukór Hallgrímskirkju.
STJÓRNANDI: Hörður Áskelsson.
HALLGRÍMSKIRKJU 11. ÁGÚST KL. 17 uppselt
HALLGRÍMSKIRKJU 12. ÁGÚST KL. 19
SKÁLHOLTSKIRKJU 13. ÁGÚST KL. 19
MIÐAVERÐ: 4.900/3.600 kr.
KIRKJULISTAHÁTÍÐ HALLGRÍMSKIRKJU – SÍMI 510 1010 – MIÐASALA OPIN 9-20

Óskum eftir starfsfólki
Starfsfólk óskast í sal á veitingastaðina Banthai og Na na Thai sem fyrst.
Við notum:
Vel valið hráefni t.d.
-kjúklingabringur
-nauta fillet
-svína fillet
-Lamba fillet
-ferskt grænmeti
-gæða krydd (innflutt af okkur)
-litla olíu
-og fleira
Viðkomandi verður að tala íslensku.
Upplýsingar í síma 896 3536
Matseðill á www.thaimatur.com

VELJUM LÍFIÐ

Að tala allan daginn og fram á kvöld fyrir 0 kr.
Í Betri leið í heimasíma (Langbestur, mánaðargjald 3.490 kr.) er ekkert mínútugjald fyrir símtöl úr heimasíma í alla aðra heimasíma á Íslandi
Það er Síminn



Langar þig/ykkur að gera eitthvað nýtt, skemmtilegt og öðruvísi fyrir næsta tilefni ?
Hafið þá samband við Sigríði Klingenberg
Sími: 899-0889
www.klingenberg.is
“Taktu lífinu ekki of alvarlega, því þú kemst ekki lifandi frá því !”

# Sex hundruð gestir í súpu Svanhildar og Loga

**Sjónvarpshjónin Svanhildur Hólm og Logi Bergmann létu sitt ekki eftir liggja þegar íbúar Dalvíkur opnuðu hús sín á föstudagskvöldið.**

Eins og kom fram í Fréttablaðinu á fimmtudaginn hugðist Svanhildur elda fyrir rúmlega tvö hundruð manns eða alls um 120 lítra af súpunni góðu. Augljóslega hefur verið mikill handagangur í öskjunni því samkvæmt gestabók hjónakornanna lögðu um sex hundruð súpuþyrstir gestir leið sína á heimili þeirra á Goðabraut.

Meðal gesta mátti sjá marga af vinnufélögum þeirra hjóna af Stöð 2 en þar fremst í flokki var Inga Lind Karlsdóttir úr Íslandi í dag sem aðstoðaði þau hjón við að bera súpuna fram. „Vona að þeim hafi þótt súpan ágæt. Mér er nokkuð sama þótt ég sjái ekki fiskisúpu næstu vikuna, eða svo,“ skrifaði Svanhildur á bloggsíðu sína seint á föstudagsnótt.

Talið er að þúsundir gesta hafi lagt leið sína norður í land á laugardaginn og gætt sér á alls konar fiskmeti en Fiskidagurinn mikli er á góðri leið með að verða ein vinsælasta hátíð landsins.

Hátíðinni var síðan slitið með veglegri flugeldasýningu rétt fyrir miðnættið.



**GÓÐ HJÁLP** Logi og Svanhildur fengu góða hjálp frá Ingu Lind Karlsdóttur þegar súpan var borinn fram. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**FJÖLSKYLDAN** Svanhildur, sem heldur á Brynhildi, og Logi Bergmann.



**FJÖLMENNI** Talið er að yfir sex hundruð manns hafi lagt leið sína á Goðabraut.


Nýtt í bíó
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS | kl. 1, 4, 7 og 10-POWER | 10 |
| PLANET TERROR | kl. 8 og 10.20 | 16 |
| SIMPSONS enskt tal | kl. 2, 4, 6, 8 og 10 | L |
| SIMPSONS íslenskt tal | kl. 2, 4 og 6 | L |
| RATATOUILLI ísl. tal | Forsýning kl 12 á hádegi | L |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS | kl. 2-5-8-11 | 10 |
| TRANSFORMERS LÚXUS | kl. 2-5-8-11 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 2-4-6-8-10 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL | kl. 2-4-6-8-10 | |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 2-4-6 | |
| DIE HARD 4.0 | kl. 8-10.45 | 14 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| BECOMING JANE | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | |
| PLANET TERROR | kl. 3 - 5.20 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 3 - 6.30 - 8.30 - 10.30 | |
| DEATH PROOF | kl. 5.20 - 10 | 16 |
| 1408 | kl. 3 - 8 | 16 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| HAIRSPRAY FORSÝNING | kl. 6 | 10 |
| TRANSFORMERS | kl. 3-6-9 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 9 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL | kl. 4 | |
| DEATH PROOF | kl. 11 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| PLANET TERROR | kl. 10 | 16 |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 4-6-8-10 | |
| THE SIMPSONS MYNDIN ÍSL. TAL | kl. 4-6 | |
| THE INVISIBLE | kl. 8 | |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Borgarbíói merktar með rauðu

MIÐASALA Á midi.is

SAMBÍÓIN www.SAMbio.is 575 8900 midi.is

STÆRSTA MYND SUMARSINS




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS | kl. 2 - 5 - 8 - 11 DIGITAL | 10 |
| TRANSFORMERS | kl. 2 - 5 - 8 - 11 VIP | |
| NANCY DREW | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | 7 |
| GEORGIA RULES | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 7 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | 10 |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 2 | L |
| BLIND DATING | kl. 4 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 8 | L |
| OCEAN´S 13 | kl. 10:10 | 7 |
| ROBINSON... ÍSL TAL | kl. 2 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS | kl. 1 - 3:45 - 6:30 - 9:15 | 7 |
| SIMPSONS ENSK TAL | kl. 1 - 3 - 5 - 7 | L |
| PLANET TERROR | kl. 9 - 11 | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS DIGITAL | kl. 1 - 4 - 7 - 10 | 10 |
| NANCY DREW | kl. 5:50 - 8 | 7 |
| GEORGIA RULES | kl. 10:10 | 7 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 1 - 7 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | 7 |
| NANCY DREW | kl. 6 - 10 | 7 |
| SIMPSONS M/- ENSK TAL | kl. 4 - 8 | L |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 2 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | 10 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 5 | 10 |
| NANCY DREW | kl. 8 - 10 | 7 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 2 | L |




SparBíó 450kr Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR laugardag og sunnudag
www.SAMbio.is SAMBÍÓIN




HARRY POTTER 5 - KL. 2 Í ÁLFABAKKA
SHREK 3 MEÐ ÍSLENSKU TALI KL. 2 Í ÁLFABAKKA OG KEFLAVÍK
TRANSFORMERS KL. 2 Í ÁLFABAKKA
EVAN ALMIGHTY KL. 2 Í ÁLFABAKKA




Við mælum með reglustikunum sem fást hjá okkur í Office 1. Þar færð þú allt fyrir skólann undir einu þaki!

Office 1 Superstore

Skeifunni 17 • Smáralind • Akureyri • Ísafirði • Egilsstöðum • Vestmannaeyjum • Selfossi • Hafnarfirði (Bókabúð Böðvars)

# Hetjuballaða frá Motion Boys

Hin kröftuga danshljómsveit Motion Boys er að ljúka við upptökur á nýju lagi sem væntanlegt er í hlustun fljótlega. Lagið heitir Steal Your Love og fullyrðir söngvari sveitarinnar, Birgir Ísleifur Gunnarsson, að það sé í miklu uppáhaldi hjá sveitarmeðlimum. „Við erum á fullu að klára lagið og Viðar Hákon Gíslason er að hjálpa okkur við að pródúsera. Það er aðeins hægara tempó og meira svona „Billie Jean“ grúv í þessu en Hold Me Closer To Your Heart sem við létum frá okkur síðast. Það er rosalega mikil raddvinna á bak við lagið og það er sko ekkert grín að flytja þetta lag „live“,“ segir Birgir og bætir því við að þeir strákarnir hafi mikla trú á þessu lagi.

„Þetta er hetjuballaða sem gæti alveg lifað lengi. Svo er ætlunin að gefa út veglega smáskífu sem mun þá einnig innihalda remix eftir einhverja sniðuga menn.“ Þeir sem hafa áhuga á að heyra í drengjunum geta kíkt á heimasíðuna www.myspace.com/motionboys en þeir eiga einnig lag í væntanlegri ævintýramynd, Astrópíu.



**MOTION BOYS** Fljótlega mun heyrast nýtt lag frá drengjunum sem nefnist Steal Your Love og er að mati söngvara algjör hetjuballaða.









GOTT FÓLK

## > Bikardagur í dag



Keflvíkingar geta í kvöld hefnt ófaranna frá því í Landsbankadeildinni í vikunni þegar þeir sækja Blika heim í átta liða úrslitum VISA-bikars karla. Keflavík tapaði illa á heimavelli sínum suður með sjó í vikunni þegar sprækir Kópavogspiltar settu þrjú á Keflvíkinga. Leik liðanna í deildinni í Kópavoginum fyrr í sumar lauk með 2-2 jafntefli. Tveir leikir fara fram í kvöld en í Árbænum mæta Skagamenn liði Fylkis. Þessi lið gerðu 2-2 jafntefli þar í deildinni í maí. Báðir leikirnir hefjast klukkan 18.

**sport**

sport@frettabladid.is

EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN: GLÍMIR VIÐ MEIÐSLI Á MEÐAN VIÐRÆÐUR VIÐ WEST HAM ERU HAFNAR

# *Allt bendir til brotthvarfs Eiðs frá Barcelona*

Eggert Magnúson staðfesti í gær að West Ham hefði átt í viðræðum við Eið Smára Guðjohnsen um að landsliðsfyrirliðinn gangi í raðir West Ham. „Við höfum átt ákveðnar viðræður við Eið sjálfan og hans umboðsmenn en málið er ekki komið lengra.“ Þetta sagði Eggert í samtali við Sýn2.

Forráðamenn Barcelona hafa sagt Eiði Smára að staða hans hjá félaginu sé langt frá því að vera góð. Það hjálpar ekki Eiði Smára að hnémeiðslin sem útilokuðu þátttöku hans í tveimur síðustu leikjum síðasta tímabils hrjá hann enn, og sér raunar ekki fyrir endalokin á þeim. Eggert Skúlason, talsmaður Eiðs, sagði við Fréttablaðið í gær að Eiður hefði farið í sprautumeðferð á hnénu sem skilaði ekki tilsettum árangri.

„Hann átti svo að æfa eftir verslunarmannahelgina en það gekk bara ekki upp. Hann fann enn fyrir meiðslunum og þurfti að hætta snemma á æfingunni. Hann er nú kominn aftur í sprautumeðferð og hvað kemur út úr henni verður bara að koma í ljós. Ef hún gengur ekki upp gæti þurft að skoða hnéð betur, jafnvel með því að opna það,“ sagði Eggert í gær.

Þessi meiðsli setja stórt strik í reikninginn hjá Eiði. Eiður hefur áður gefið út að fari hann yfirhöfuð frá Barcelona þá yrði England hans fyrsti valkostur. Eiður Smári hefur þó einnig lýst því yfir að hann vilji helst af öllu vera áfram hjá Barcelona. Að honum verði að ósk sinni virðist verða ólíklegra með hverjum deginum.



Á meðan Eiður hefur misst af öllu undirbúningstímabili Barcelona og neyðst til að vinna einn heima í Katalóníu til að ná sér góðum, sýna menn á borð við Giovanni Dos Santos hvað í þeim býr. Þessi átján ára gamli strákur, ásamt hinum sextán ára gamla Bojan Krkic, hafa báðir sýnt góð tilþrif á undirbúningstímabilinu og eru nú komnir í samkeppni um stöður í sóknarlínu Barcelona.

Orð Begiristain benda til að hann sé á förum frá Barcelona eftir eins árs dvöl. „Að vera hér áfram yrði ekki skynsamlegasta ákvörðunin sem hann gæti tekið. Það er möguleiki á því að hann fari. Ef hann verður áfram yrði erfitt fyrir hann að spila í margar mínútur þar sem við erum með þrjá nýja framherja í liðinu okkar,“ sagði Begiristain.



**SÆTUR SIGUR** Valsstúlkur lögðu meistarana frá Færeyjum örugglega í gær. Hér fagna Valsstúlkur aftur á móti marki í leiknum á fimmtudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/MATTHÍAS ÆGISSON

# Yfirburðir Vals í Færeyjum

**Valur er komið áfram í milliriðla í Evrópukeppni félagsliða eftir 6-0 sigur á KÍ frá Færeyjum. „Við erum með besta liðið í þessum riðli,“ segir þjálfari Vals sem er ánægður með liðið. Milliriðillinn verður leikinn í október, hugsanlega á Ís-**

**FÓTBOLTI** Valsstúlkur skoruðu sex mörk gegn afar varnarsinnuðu færeysku liði KÍ frá Klakksvík í öðrum leik sínum í Evrópukeppni félagsliða í gær. Með 6-0 sigrinum er Valsliðið komið áfram í milliriðla keppninnar.

Þeim rauðklæddu gekk illa að brjóta þéttan varnarmúr KÍ á bak aftur til að byrja með. Færeyska liðið stillti nánast öllum leikmönnum sínum upp við og fyrir framan vítateiginn og fékk nokkur færi úr skyndisóknum.

Eftir að Rakel Logadóttir kom Val yfir á 40. mínútu brotnaði KÍ og allar flóðgáttir opnuðust í síðari hálfleik. Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði tvö mörk í síðari hálfleik en þær Guðný Björk Óðinsdóttir, Katrín Jónsdóttir og Nína Ósk Kristinsdóttir eitt mark hver.

„Þetta var ekki auðvelt til að byrja með en um leið og fyrsta markið datt inn var þetta greið leið. Þær pökkuðu bara í vörn og beittu skyndisóknum. Þær fengu nokkur færi, sérstaklega í fyrri hálfleik þar sem við spiluðum ekkert sérstaklega vel,“ sagði Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari Vals, eftir leikinn.

„Við áttum svo bara mjög góðan seinni hálfleik og völtuðum bara yfir þær. Ég bjóst reyndar ekki við meiru af þessu færeyska liði en við höfum spilað mjög vel og af miklu sjálfsöryggi. Stelpurnar hafa notið þess að spila og þær yfirspiluðu andstæðinginn. Það var virkilega gaman að horfa á liðið spila,“ sagði Elísabet.

Valur vann FC Honka frá Finnlandi í fyrsta leik sínum og mætir Den Haag frá Hollandi á þriðjudaginn í lokaleik sínum í riðlinum. „Við erum með sterkasta liðið í riðlinum. Hann er erfiður og finnska og hollenska liðið eru sterk en við erum bara sterkari. Þetta segir okkur að við erum á uppleið. Við erum með meiri reynslu í alþjóðafótbolta og þessi reynsla fleytir okkur langt. Við erum orðin mjög sterk á evrópskan mælikvarða,“ segir þjálfarinn.

Valur mætir Frankfurt frá Þýskalandi og Everton frá Englandi í milliriðli, en hvert fjórða liðið verður er enn ekki komið í ljós. Riðillinn verður spilaður dagana 11. til 16. október en ekki er ljóst hvar. Elísabet segir að til greina komi að spila hann á Íslandi en hvort Valur sæki um það eigi eftir að koma í ljós.

hjalti@frettabladid.is

850 manna lið til þjónustu reiðubúið

Það er Síminn

1. deild karla í knattspyrnu:

## Fjarðabyggð lagði Reyni

**FÓTBOLTI** Fjarðabyggð vann Reyni frá Sandgerði 4-1 í 1. deild karla í knattspyrnu í gær. Jóhann Ingi Jóhannsson, Andri Valur Ívarsson og Ingi Steinn Freysteinsson skoruðu fyrir Austfirðinga auk sjálfsmarks frá Reyni en mark þeirra skoraði Hafsteinn Þór Friðriksson.

Þá vann Njarðvík lið Þórs með tveimur mörkum gegn einu. Guðni Erlendsson og Frans Elvarsson skoruðu fyrir Njarðvík en Hreinn Hringsson fyrir Þór.

- hþh




Himinn og haf / SÍA

Förum varlega í akstri um Ísland og höfum hugfast að ferðalagið er jafnmikil upplifun og áfangastaðurinn. Landið hefur upp á ótalmargt að bjóða og aldrei að vita hverju þú missir af þegar farið er um í óðagoti. Stillum hraðanum í hóf, göngum vel um landið okkar og komum heil heim.

www.ferdalag.is

**Ljósmyndasamkeppni**

Á **ferdalag.is** finnurðu ýmiss konar upplýsingar sem tengjast ferðalögum um Ísland. Kynntu þér fáséðar perlur utan alfaraleiðar og sjáðu með eigin augum. Safnaðu ljósmyndum og sendu inn í ljósmyndasamkeppnina okkar. Sú stendur í allt sumar og vegleg verðlaun eru í boði.



**FÖGNUÐUR** Vösk sveit FH fagnar hér glæsilegum sigri í bikarkeppninni í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

FH-ingar sýna enn og aftur yfirburði sína í frjálsum:

# FH bikarmeistari fjórtánda árið í röð

**FRJÁLSAR** FH varð bikarmeistari í frjálsum íþróttum 14. árið í röð um helgina. Hafnfirðingar unnu 42. bikarkeppni FRÍ með 35 stiga mun en sveitin hlaut alls 185 stig. Breiðablik varð í öðru sæti með 150 stig.

FH sigraði bæði í karlaflokki og kvennaflokki. Karlarnir hlutu 97 stig en sveit Ármanns/Fjölnis kom næst með 84 stig. Breiðablik varð í þriðja sæti með 72 stig.

FH hlaut 88 stig í kvennaflokki, þar varð Breiðablik í öðru sæti með 78 stig en ÍR í því þriðja með 72 stig.

Þetta er í sautjánda skipti sem FH verður bikarmeistari, jafn oft og ÍR. Bergur Ingi Pétursson úr FH bætti eigið Íslandsmet í sleggjukasti um tvo metra, hann kastaði 66,96 metra. Þrjú bikarmet og þrjú Íslandsmet í unglingaflokkum féllu í mótinu. - hþh

**LOKASTAÐAN SAMANLAGT:**

| | |
|---|---|
| **1. FH** | **185 stig** |
| 2. Breiðablik | 150 stig |
| **3. Ármann/Fjölnir** | **140 stig** |
| 4. ÍR | 129 stig |
| **5. HSÞ** | **100 stig** |
| 6. HSK | 72 stig |















# ENSKI BOLTINN

## Enska úrvalsdeildin:

| | |
|---|---|
| Sunderland-Aston Villa | 1-0 |
| 1-0 Michael Chopra (90+) | |
| Bolton-Newcastle | 1-3 |
| 0-1 Charles N'Zogbia (11.), 0-2 Obafeme Martins (21.), 0-3 Obafeme Martins (27), 1-3 Nicolas Anelka (50.) *Heiðar Helguson kom inn á sem varamaður á 58. mínútu fyrir Bolton.* | |
| Derby-Portsmouth | 2-2 |
| 1-0 Matthew Oakley (5.), 1-1 Benjani Mwaruwari (27.), 1-2 John Utaka (83.), 2-2 Andy Todd (84.) *Hermann Hreiðarsson lék allan leikinn í vörn Portsmouth.* | |
| Everton-Wigan | 2-2 |
| 1-0 Leon Osman (26.), 2-0 Victor Anichebe (75.), 2-1 Antoine Sibierski (80.). *Bjarni Þór Viðarsson var ekki í leikmannahópi Everton.* | |
| Middlesbrough-Blackburn | 1-2 |
| 1-0 Stewart Downing (31.), 1-1 Roque Santa Cruz (63.), 1-2 Matt Derbyshire (79.). | |
| West Ham-Manchester City | 0-2 |
| 0-1 Rolando Bianchi (18.), 0-2 Geovanni (87.) | |
| Aston Villa-Liverpool | 1-2 |
| 0-1 Martin Laursen (31, sjálfsmark),1-1 Gareth Barry (85., víti), 1-2 Steven Gerrard (87.) | |

## Leikir í dag:

| | |
|---|---|
| Arsenal-Fulham | (11.00) |
| Chelsea-Birmingham | (12.30) |
| Manchester United-Reading | (15.00) |

## Enska 1. deildin:

| | |
|---|---|
| Barnsley-Coventry | 1-4 |
| Bristol City-QPR | 2-2 |
| Burnley-WBA | 2-1 |
| *Jóhannes Karl Guðjónsson spilaði allan leikinn fyrir Burnley.* | |
| Cardiff-Stoke | 0-1 |
| Charlton-Scunthorpe | 1-1 |
| Hull-Plymouth | 2-3 |
| Ipswich-Sheffield Wednesday | 4-1 |
| Leicester-Blackpool | 0-1 |
| Preston-Norwich | 0-0 |
| Sheff United-Colchester | 2-2 |
| Southampton-Crystal Palace | 1-4 |

Sænska úrvalsdeildin:

## Stórsigur hjá IFK Gautaborg

**FÓTBOLTI** IFK Gautaborg rótburstaði Kalmar í sænsku úrvalsdeildinni í knattspyrnu í gær. Ragnar Sigurðsson og Hjálmar Jónsson spiluðu báðir allan leikinn í vörninni hjá IFK, Ragnar sem miðvörður en Hjálmar í vinstri bakvarðarstöðunni. Hvorugur þeirra náði aftur á móti að skora.

Með sigrinum færist IFK upp í þriðja sætið og kemst þar með upp fyrir Kalmar og Djurgården á betri markatölu. - hþh



**SIGURMARKINU FAGNAÐ** Steven Gerrard fagnar hér ásamt Dirk Kuyt glæsilegu sigurmarki sínu í leiknum gegn Aston Villa. NORDICPHOTOS/GETTY

# Gerrard bjargaði Liverpool

**Liverpool vann fyrsta sigur sinn í fyrstu umferð Úrvalsdeildarinnar í sjöttu tilraun þegar liðið lagði Aston Villa. Heiðar Helguson og Hermann Hreiðarsson spiluðu báðir fyrir sín nýju lið, en West Ham átti dapran leik og tapaði.**

**FÓTBOLTI** Steven Gerrard kom Liverpool til bjargar á ögurstundu í fyrstu umferð ensku úrvalsdeildarinnar í gær. Eftir að hafa komist yfir jafnaði Villa en hinn magnaði fyrirliði skoraði stórbrotið mark beint úr aukaspyrnu og tryggði Liverpool öll stigin.

Eftir að Fernando Torres hafði brennt af einn á móti markmanni sendi Dirk Kuyt fyrir þar sem varnarmaðurinn Martin Laursen steingleymdi hvorum megin vallarins hann var og setti boltann snyrtilega upp í þaknetið á eigin marki.

Leikurinn var í járnum þar til á lokamínútunum sem voru fjörlegar. Villa fékk víti sem Gareth Barry skoraði úr. Allt leit út fyrir jafntefli þegar Gerrard tók aukaspyrnu af um 30 metra færi, setti hana glæsilega yfir varnarvegginn og upp í samskeytin og tryggði Liverpool sigur.

„Við áttum sigurinn skilinn og við sýndum mikinn karakter með að koma til baka eftir markið. Við sköpuðum okkur nóg af færum og mér fannst Torres standa sig mjög vel, hann fann sig vel með Kuyt," sagði Rafael Benítez eftir sigurinn.

Heiðar Helguson kom inn á sem varamaður á 58. mínútu í 1-3 tapi Bolton fyrir Newcastle. Sam Allardyce sýndi að hann þekkir enn vel til hjá Bolton eftir að hann færði sig um set til Newcastle í sumar en þrjú mörk á fimmtán mínútum í fyrri hálfleik gerðu út um leikinn. Obafemi Martins fór á kostum í leiknum og skoraði tvö mörk, annað þeirra með glæsilegri bakfallsspyrnu.

Hermann Hreiðarsson lagði upp



**HEIÐAR Í BARÁTTUNNI** Heiðar stekkur hér hátt í loft í baráttunni við leikmenn Newcastle í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

annað mark Portsmouth í 2-2 jafntefli gegn Derby. Hermann skallaði þá boltann fyrir fætur Johns Utaka sem kom aðvífandi og þrumaði boltanum í netið en aðeins mínútu síðar svaf Portsmouth á verðinum og Derby náði að jafna. Hermann lék allan leikinn í stöðu vinstri bakvarðar. Portsmouth lenti í miklum vandræðum í leiknum og stjórinn Harry Redknapp var ánægður með stigið.

„Ég vona að við spilum ekki svona gegn Manchester United því þá hefðum við farið heim með rótburst á bakinu. Þetta verður langt og strangt tímabil og ef við náum að vera í efri helmingi deildarinnar þegar henni líkur yrði það magnað afrek," sagði Redknapp.

Eggert Magnússon var ekki upplitsdjarfur eftir slæmt tap West Ham gegn Manchester City á heimavelli. City vann leikinn 2-0 og West Ham náði sér aldrei á strik í leiknum. Tveir nýliðar skoruðu mörk City. „Þetta var ótrúlega slök frammistaða. Fyrir utan Green í markinu held ég að enginn af leikmönnum mínum geti sagst hafa staðið sig ágætlega í leiknum," sagði Alan Curbishley, stjóri Hamranna. hjalti@frettabladid.is



**EITURSVALUR** Roy Keane klappaði létt fyrir sínum mönnum og áhorfendum þegar markið kom en sýndi annars lítil svipbrigði. NORDICPHOTOS/GETTY

Ótrúlegur sigur Sunderland:

## Sigurmark á 94. mínútu

**FÓTBOLTI** Mark frá Michael Chopra eftir 93 mínútur og þrjár sekúndur, með nánast síðustu spyrnu leiksins, tryggði nýliðum Sunderland sigur á Tottenham. Markið var það fyrsta í úrvalsdeildinni á leiktíðinni.

Gamla kempan Roy Keane sýndi lítil svipbrigði við sigurmarkið og var hógværðin uppmáluð eftir leik. „Það er frábært fyrir okkur að byrja tímabilið á sigri. Leikmennirnir stóðu sig frábærlega vel og þeir sýndu mikinn sigurvilja," sagði Keane.

Bæði lið höfðun fengið sín færi til að skora en Martin Jol, stjóri Tottenham, sagði leikinn hafa verið leiðinlegan. „Jafntefli hefði verið svekkjandi úrslit fyrir mig. Þetta var leiðinlegur leikur, en við náðum ekki einu sinni að halda fengnum hlut," sagði Jol. - hþh

Henry Nwosu:

## Ekki meira með Fram í sumar?

**FÓTBOLTI** Framherjinn Henry Nwosu verður hugsanlega ekkert meira með Fram í sumar vegna meiðsla. Nwosu spilaði aðeins í átta mínútur með Fram en hann meiddist í sínum fyrsta leik í sumar, gegn ÍA síðasta fimmtudag og er óttast að hann sé með slitið krossband. Þetta er enn eitt áfallið fyrir Fram sem er í erfiðri stöðu við botn deildarinnar. - hþh




Titilvörn Manchester United hefst í dag þegar þeir fá Reading í heimsókn:

# Ferguson vill sjá enn meiri framfarir

**FÓTBOLTI** Titilvörn Englandsmeistara Manchester United hefst í dag þegar Ívar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson fá það verðuga verkefni ásamt félögum sínum í Reading að sækja þá heim.

„Við sýndum það á síðasta tímabili að við getum unnið alla leiki. Við vitum að United hefur hafsjó af hæfileikum innan sinna raða og við þurfum að hafa okkur alla við," sagði Graeme Murty, fyrirliði Reading. Sir Alex Ferguson byrjar væntanlega með nýju kaupin sín, Carlos Tevez, Nani, Owen Hargreaves og Anderson á bekknum. Hann er ánægður með blönduna í hópnum sínum.

„Það sem maður vill sjá hjá liði sem vann deildina síðast eru meiri yfirburðir, stöðugleiki og framfarir í spili þess. Við búumst við meira af yngri leikmönnunum en við erum líka með réttu menn hvað reynsluna varðar. Ég er því ánægður með blönduna í hópnum," sagði Ferguson.

Chelsea verður án John Terry, Michael Ballack og Wayne Bridge í leiknum gegn Birmingham en Didier Drogba er óðum að jafna sig af sínum meiðslum. Þá verður grannaslagur í Lundúnum þegar Arsenal og Fulham mætast þar sem Eduardo Da Silva mun leiða sóknarlínu Skyttanna. - hþh



**MÆTAST Í DAG** Wayne Rooney og Brynjar Björn Gunnarsson í slagnum á síðasta tímabili. NORDICPHOTOS/AFP



Arnarneshæð
*á móti hækkandi sól*

# Sölusýning í dag
## kl. 14 til 16

# Íbúðir
## á besta stað í Gardabæ



## Söluskrifstofan

Má bjóða þér í heimsókn á skrifstofu okkar að **Hofakri 1**, jarðhæð. Þar erum við með ítarlegar upplýsingar um íbúðir og raðhús, teikningar og myndir, kort af hverfinu. Hver veit nema rétta eignin fyrir þig sé á Arnarneshæð.

### Nýjar íbúðir

Við kynnum nýjar íbúðagerðir og ný verð á Arnarneshæðinni. Hverfið er í suðurhlíð og horfir móti hækkandi sól.

### Heimilið

Stílhrein íbúð, björt og rúmgóð á skjólsælum stað og horfir móti sumri.

### Fjölskyldan

Byggjum heimili til framtíðar á fallegum stað og fjölskyldan blómstrar.

### Umhverfið

Glæsilegt og rólegt hverfi, lágreist byggð og öll þjónusta í göngufæri.

www.arnarnes.is

HÚSAKAUP Sími 530 1500 • Suðurlandsbraut 52

Verkefni á vegum hanza

auglýsingastofan grænn / Íslensk almannatengsl

## > Sissy Spacek

Sissy byrjaði feril sinn sem kántrísöngkona og gaf út smáskífuna John, You Went Too Far This Time. Fyrsta eftirtektarverða kvikmyndahlutverk hennar var í myndinni Badlands frá árinu 1973. Við gerð þeirrar myndar kynntist Sissy eiginmanni sínum, leikstjóranum og framleiðandanum Jack Fisk. Þau hafa verið gift allar götur síðan og eiga saman tvær dætur. Sissy leikur í myndinni Missing á Stöð 2 Bíó kl. 22.00.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR FÍLAR EKKI DOKTORINN**

# *Ógleði á laugardagskvöldum*

Sumir þættir eru til þess fallnir að ýfa upp gæsahúð og það ekki í góðum skilningi. Þessir þættir eru svo afspyrnuvondir að maður fær nábít, kláða og óstjórnlega löngun til að kasta stól í sjónvarpið. Ég vil ekki vera þessi leiðinlega sem sér glasið hálftómt en sjónvarpsþátturinn Doctor Who sem er á dagskrá Ríkissjónvarpsins á besta tíma á laugardögum hefur bara þessi áhrif á mig.
Venjulega myndi ég ekki láta slæma þætti á mig fá, enda hef ég yfir að ráða óteljandi öðrum stöðvum sem ég get svissað yfir á. Doctor Who hefur hins vegar ásótt mig í sumar þar sem einungis ein ríkisstöð næst í sumarbústaðnum.
Doktor Hver flýgur á milli tímabelta í símaklefa og fæst við ýmsar furðuverur úr framtíðinni. Reyndar ekki galnasti söguþráður sem maður hefur heyrt af en framkvæmdin er ekkert til að hrópa húrra fyrir. Að þættirnir hafi verið framleiddir frá árinu 1963 er mér óskiljanlegt. Hins vegar held ég að BBC þjáist af fjárskorti og noti því sömu illmennin og úr fyrstu þáttunum. Ryðguð vélmennin í anda R2D2 sem hafa ekki þróast neitt í fjörutíu ár, með blikkandi ljósaperum og ískrandi röddum, gera lítið til að auka gæði þáttanna.
Mér skilst reyndar á vinnufélaga mínum að ég sé frekar ferköntuð að fíla ekki þessa þætti. Þeir séu svo klénir að heilum hring sé náð og orðnir kúl. Ég fellst ekki á þessa skýringu og verð ferköntuð áfram.



**DOCTOR WHO** Ekki í uppáhaldi.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.35** **Út og suður** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.20** **The 4400** STÖÐ 2



▶ **18.00** **Bewitched** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.25** **E-Ring** SIRKUS



▶ **21.00** **3 Lbs** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**06.55 HM íslenska hestsins** Beint.

**08.20 Morgunstundin okkar** 08.21 Matti morgunn 08.35 Kóalabræður 08.45 Friðþjófur forvitni 09.10 Pósturinn Páll 09.25 Disneystundin 09.26 Stjáni 09.48 Sígildar teiknimyndir 09.55 Alvöru dreki 10.17 Arthur 10.42 Ævintýri HC Andersen

**11.10 Út og suður** e.

**11.40 HM íslenska hestsins** Beint.

**13.30 HM íslenska hestsins** e.

**15.25 Á flakki um Norðurlönd** (8:8) e.

**15.55 Framtíð fæðunnar** e.

**16.55 Hafdjúpin** (2:2) e.

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Stundin okkar** (12:32)

**18.26 Upp í sveit** (4:4)

**18.35 Nóemí, stúlkan af fjallinu** (1:3)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

▶**19.35 Út og suður** (11:16)

**20.05 Smákröfur - Fyrstu fundir** Áströlsk framhaldsmynd um þrjár konur: löggu, lögmann og dópista, sem kynnast í mæðrahópi í úthverfi Sydney. Meðal leikenda eru Claudia Karvan, Rebecca Gibney.

**21.50 Sláturhús fimm** (Slaughterhouse-Five) Bandarísk bíómynd frá 1972 byggð á sögu eftir Kurt Vonnegut. Þar segir frá Billy Pilgrim sem heldur lífi í Dresden í seinna stríði. Atriði eru ekki við hæfi barna.

**23.30 Leikir kvöldsins**

**23.45 Bikarkeppni FRÍ**

**00.10 Sönn íslensk sakamál e.**

**00.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06:00 Taxi**

**08:00 Two Family House**

**10:00 Bewitched**

**12:00 Shattered Glass**

**14:00 Taxi**

**16:00 Two Family House**

▶**18:00 Bewitched**

**20:00 Shattered Glass** Sönn saga blaðamanns sem naut mikillar virðingar í blaðamannaheiminum þegar hann starfaði fyrir The New Puplic í Washington.

**22:00 Missing**

**00:00 The Pilot´s Wife**

**02:00 Malibu´s Most Wanted**

**04:00 Missing**

## STÖÐ 2

**07.00 Pocoyo 07.10 Barney 07.35 Hlaupin 07.45 Funky Valley 07.50 Addi Paddi 07.55 Véla Villi 08.05 Fifi and the Flowertots 1 08.15 Stubbarnir 08.40 Doddi litli og Eyrnastór 08.50 Charlie and Lola 1b 09.05 Könnuðurinn Dóra 09.25 Camp Lazlo 1 09.50 Ofurhundurinn Krypto 10.15 Tracey McBean 2 10.25 Sabrina - Unglingsnornin 10.50 Hestaklúbburinn**

**11.15 Háheimar**

**11.40 W.I.T.C.H.**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Nágrannar**

**14.10 So You Think You Can Dance** (15:23)

**15.00 Pirate Master** (10:14)

**15.45 Sacred Planet**

**16.40 Heima hjá Jamie Oliver**

**17.10 Matur og lífsstíll**

**17.45 Oprah**

**18.30 Fréttir**

**19.00 Íþróttir og veður**

**19.15 60 mínútur**

**20.00 Örlagadagurinn** (11:31) Örlagadagur Kristjáns Jóns Guðmundssonar var þegar hann lifði af flugslys í Ljósufjöllum. Hann var á leiðinni suður á spítala vegna smávegis áverka á hendi en sjúkrahúsferðin varð allt önnur en til stóð.

**20.35 Monk** (4:16)

▶**21.20 The 4400** (5:13)

**22.05 Mobile** (3:4) Breskur tryllir í fjórum þáttum sem segir frá miskunnarlausri baráttu gegn hryðjuverkum. Saklausir vegfarendur eru skotnir til bana af leyniskyttum og farsímafyrirtæki eru sprengd í loft upp. 2007.

**23.00 The Hitchhiker´s Guide To the** Arthur Dent bjóst ekki við að þessi dagur yrði ólíkur gærdeginum. Hann veit ekki að í dag munu geimverur sprengja jörðina og hans bíða æsileg ævintýri í geimnum. Aðalhlutverk: Warwick Davis, Anna Chancellor, Bill Bailey. Lítið hrædd.

**00.45 Earthsea** (The Legend of Earth (1:2)

**02.10 Earthsea (The Legend of Earth** (2:2)

**03.35 Monk** (4:16)

**04.20 60 mínútur**

**05.05 Oprah**

**05.50 Fréttir**

**06.30 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SÝN besta sætið

**09.30 Copa del Rey Final 2007** (Sevilla - Real Madrid)

**11.10 Augusta Masters Official Film** Í þessum þætti verður sýnt frá mótinu árið 1997 en þá sigraði Tiger í fyrsta sinn.

**12.05 Sumarmótin 2007** (Rey - Cup mótið)

**12.35 Það helsta í PGA mótaröðinni**

**13.05 US PGA Championship 2007** Útsending frá þriðja degi á PGA-meistaramótinu í golfi sem fram fer í Oklahoma.

**17.35 Height of Passion** (Spánn: Real Madrid v Barcelona) Frábær þáttaröð þar sem teknar eru fyrir viðureignir erkifjenda í knattspyrnuheiminum. Í þessum þætti verður fjallað um hið sérstaka haturssamband sem ríkir á milli spænsku stórliðanna Real Madrid og Barcelona.

**18.30 US PGA Championship 2007** Bein útsending frá lokadegi PGA-meistaramótsins í golfi sem fram fer á Southern Hills vellinum í Oklahoma. Hér á Tiger Woods titil að verja en sigurinn í fyrra var hans tólfti á risamóti.

**23.00 Copa del Rey Final 2007** (Sevilla - Real Madrid)

## SÝN 2

**09.10 Bolton - Newcastle** Útsending frá leik Bolton og Newcastel í 1. umferð ensku úrvalsdeildarinnar.

**10.50 4 4 2**

**12.10 Chelsea - Birmingham** Bein útsending frá leik Chelsea og Birmingham í 1. umferð ensku úrvalsdeildarinnar.

**14.40 Man. Utd. - Reading** Bein útsending. Ekki amalegt fyrir Ívar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson að byrja tímabilið á heimsókn til meistaranna á Old Trafford.

**17.15 Arsenal - Fulham** Bein útsending.

**18.55 Derby - Portsmouth** Bein útsending.

**20.35 4 4 2** Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Tvíeykið, Heimir Karlsson og Guðni Bergsson, standa vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum, og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt. Íslensk dagskrárgerð eins og hún gerist best.

**21.55 Chelsea - Birmingham** Útsending frá leik Chelsea og Birmingham.

**23.35 Man. Utd. - Reading** Útsending frá leik Manchester United og Reading.

## SKJÁREINN

**11.00 Vörutorg**

**12.00 Dr. Phil** (e)

**12.45 Backpackers** (e)

**13.10 High School Reunion** (e)

**14.00 The Biggest Loser** (e)

**15.00 Charmed** (e)

**16.00 Blow Out III** (e)

**17.00 Design Star** (e)

**18.00 How Clean is Your House?** (e)

**18.30 7th Heaven** Bandarísk unglingasería sem hefur notið mikilla vinsælda í Bandaríkjunum undanfarinn áratug. Hún hóf göngu sína vestan hafs haustið 1996 og er enn að. Camden-fjölskyldunni er fylgt í gegnum súrt og sætt en hjónakornin Eric og Annie eru með fullt hús af börnum og hafa í mörg horn að líta.

**19.20 Da Vinci's Inquest** (e)

**20.10 Robin Hood** (11:13) Bresk þáttaröð fyrir alla fjölskylduna um hetjuna Hróa hött, útlagann sem rænir þá ríku til að gefa hinum fátæku. Litli-Jón er í vígahug þegar menn fógetans handtaka son hans. En þegar Litli-Jón endar sjálfur í svartholinu verður Hrói höttur að beita brögðum til að bjarga feðgunum.

▶**21.00 3 Lbs** (3:8) Bandarísk þáttaröð um hrokafullan heilaskurðlækni í New York. Stanley Tucci og Mark Feuerstein leika aðalhlutverkin. Kona sem gekkst undir aðgerð hjá dr. Hanson fyrir þremur árum snýr aftur með sjóntruflanir. Hún er aftur komin með illkynja æxli og það eru aðeins 20% líkur á að hún lifi af aðra aðgerð.

**21.50 Sleeper Cell** (3:8)

**22.40 Law & Order** (e)

**23.30 Runaway** (e)

**00.20 Sex, love and secrets** (e)

**01.10 Vörutorg**

**02.10 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Magasínþáttur – mannlíf og menning á Norðurlandi**. Samantekt umfjallana vikunnar. Endursýndur á klukkutíma fresti til 10.15 á mánudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
Pétur Þ. Sigurðsson hrl.
löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is



Frum

**Tjarnarból12 - 4ra herb. - Opið hús sunnud. kl. 14-16**
Til sölu vel skipulögð 4ra herb. íbúð á 1. hæð ásamt bílskúr samtals 122,5 fm. á þessum góða stað á Seltjarnarnesi. Gólfefni eru parket og flísar, korkdúkur á eldhúsi. Baðherbergi flísalagt baðker og innrétting. Stórar flísalagðar svalir. Nýlegt þak og húsið allt að utan í mjög góðu ástandi. Sameign mjög snyrtileg, nýlega búið að teppaleggja, mála og setja eldvarnarhurðir.
*Harpa sýnir íbúðina á milli 14 og 16 í dag.*

NESEIGNIR
Sími
535 0200
www.neseignir.is



Olga Soffía Sergejsdóttir
sölumaður og ritari



Gunnar Valdimarsson
lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALA | ÁNANAUSTUM V/ SÓLVALLAGÖTU 84

Frum

Мы поможем Вам выгодно купить или продать
недвижимость в Исландии,
а также подготовим все нужные документы
для получения кредита .
Консультации по телефону 535-0200 или 697-8604.

Gunnar Valdimarsson, lögg. fasteignasali

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.35

**Monk**

Adrian Monk er snúinn aftur í fimmta sinn en honum er enn stjórnað af þráhyggju og fælni sem kann ekki góðri lukku að stýra hjá lögreglumanni. Monk hefur þó engu gleymt þegar hann þarf að leysa flókin glæpamál. Í þætti kvöldsins gerir Monk skelfilega uppgötvun þegar hann heimsækir slökkviliðsstöð en uppnám ríkir vegna morðs á öldruðum slökkviliðsmanni.



## VIÐ MÆLUM MEÐ

**Shattered Glass**

**Stöð 2 Bíó kl. 20.00**

Sönn saga blaðamannsins Stephens Glass sem naut mikillar virðingar í blaðamannaheiminum þegar hann starfaði fyrir The New Puplic í Washington. Lesendur áttu þó eftir að komast að því að ekki var allt sem sýndist og í ljós kom að næstum allar greinar hans voru uppspuni frá rótum. Aðalhlutverk leika Peter Sarsgaard, Hayden Christensen og Chloë Sevigny.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunandakt
**08.15** Tónlist á sunnudagsmorgni
**09.03** Framtíð lýðræðis
**10.15** Í fótspor Jane Austen
**11.00** Guðsþjónusta í Hallgrímskirkju
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Sakamálaleikritið: Mótleikur
**14.00** Ljóðabókin syngur
**15.00** Kampavín og kaloríur
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Sumartónleikar Sambands evrópskra útvarpsstöðva
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Auglýsingar
**18.26** Í tilefni dagsins
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Söngvar af sviði: Rjúkandi ráð
**19.50** Óskastundin
**20.35** Minningar um merkisfólk
**21.15** Í grænni lautu
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Leitin að eldsneytinu
**23.00** Andrarímur
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.45 True Hollywood Stories** (8:8) (e)
**17.30 Jake In Progress** (6:8) (e)
**18.00 The George Lopez Show** (2:22) (e)
**18.30 Fréttir**
**19.00 Bestu Strákarnir** (16:50) (e)
**19.30 Girls Of The Playboy Mansion** (13:15) (e)
**19.55 Kitchen Confidential** (12:13) (e)
**20.25 E-Ring** (1:22) Spennuþáttur úr smiðju Jerrys Bruckheimer með Dennis Hopper og Benjamin Bratt í aðalhlutverkum.
**21.15 Filthy Rich Cattle Drive** (4:8) (e) Börn frægra einstaklinga eru hér samankomin í raunveruleikaþætti þar sem þau reyna fyrir sér í nýjum hlutverkum sem eru ekki beint í anda lífstíls þeirra.
**22.00 So You Think You Can Dance** (14:23) Stórskemmtilegir raunveruleikaþættir þar sem leitað er að næstu dansstjörnu Bandaríkjanna. Umgjörðin er svipuð og í American Idol en í stað þess að syngja þurfa keppendur að ná tökum á nýrri danstækni í hverri viku. Þetta er ómissandi þáttur fyrir alla dansáhugamenn.
**23.05 So You Think You Can Dance** (15:23) Tólf dansarar kepptu á stóra sviðinu en nú er komin tími til að senda tvo heim. Hverjir fara og hverjir verða eftir? 2007.
**00.00 Kitchen Confidential** (12:13) (e)
**00.30 Smallville** (4:22) (e)
**01.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**6.15** The Roly Mo Show **6.30** William's Wish Wellingtons **6.35** Teletubbies **7.00** Dad's Army **7.30** Grumpy Old Men **8.00** I'll Show Them Who's Boss **8.40** Radical Highs **9.00** EastEnders **9.30** EastEnders **10.00** Amazon Abyss **10.30** Massive nature **11.00** Dragons Alive **12.00** Red Cap **13.00** Coupling **13.30** Coupling **14.00** A Life Coach Less Ordinary **14.30** A Life Coach Less Ordinary **15.00** Cash in the Attic **15.30** The Life Laundry **16.00** EastEnders **16.30** EastEnders **17.00** Days that Shook the World **18.00** Tribe **19.00** Ray Mears' Bushcraft **20.00** The Trouble with Sleep **21.00** Chanel: A Private Life **22.00** EastEnders **22.30** EastEnders **23.00** Days that Shook the World **0.00** Tribe **1.00** The Trouble with Sleep **2.00** Ray Mears' Bushcraft

## DR 1

**6.15** Dyrenes ø **6.40** SommerSummarum **7.10** Duedrengen **7.35** Yu-Gi-Oh! **8.00** Hannah Montana **8.25** Rideklubben **8.50** Shin Chan **9.00** Globalisering **9.30** Skolen på havet **10.00** TV Avisen **10.10** Boxen **10.25** OBS **10.30** Speedway **12.00** Gudstjeneste i DR Kirken **12.50** Windsor Castle **13.50** Robin Hood **15.30** Sigurd og Symfoniorkesteret **16.00** Radiserne **16.25** OBS **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.05** Ægypten **18.00** Galapagos-øerne **19.00** TV Avisen **19.15** S¢ndagssporten med SAS liga **19.30** D¢dens Detektiver **19.55** Kinamand **21.25** Höök **4.30** Mira og Marie

## NRK 1

**6.00** Danny og Daddy **6.05** Pingu **6.10** Snarveien **6.20** Teddy og Annie **6.35** I Mummidalen **7.00** Klassiker fra Disney **7.10** Den amerikanske dragen **7.35** Jimmy Neutron **8.00** Laura **8.25** Frilandshagen **8.55** Jukeboks: Sport **10.00** NRKs sportssøndag **12.00** Golf: Scandinavian TPC **15.30** Åpen himmel **16.00** Tvillinger **16.30** Dyreklinikken **17.00** Dagsrevyen **17.35** Sportsrevyen **17.55** Skiskyting: Mestermøte i Püttlingen **19.05** Lost in Translation **20.40** NM friidrett **21.12** Kveldsnytt **21.32** Kunstens sprengkraft **22.25** Rallycross: EM-runde fra Belgia **22.50** Ingen grunn til begeistring

## SVT 1

**7.15** Små Einsteins **7.35** Lilla blåa draken **7.45** Trazan Apansson och Banarne **8.15** Sommarandakt från Torpkonferensen **8.45** Landet runt **9.30** I Mårtens värld **12.40** Lars Forssell x 2 **13.40** Europa - en naturhistoria **14.30** En Noman i Pakistan **15.00** Datasäkerhet **15.30** Gränslöst möte med palestinier **16.00** Pippi Långstrump **16.25** KatjaKaj och BenteBent **16.30** Levade Noble Horse Gala 2006 **17.20** Kryp och andra djur **17.30** Rapport **18.00** Friidrott: SM utomhus, Eskilstuna 2007 **18.30** Sportspegeln **19.00** Europa - en naturhistoria **19.50** Mördare på väg **20.00** Ramp **20.30** Big Words **21.00** Rapport **21.10** Vid kungens bord **22.10** Sändningar från SVT24




## LÆRDÓMUR VIKUNNAR



*„Aldurstakmarksumræðan fannst mér frekar súr. Ég er alls ekki hlynntur svona takmarki, hvað þá umræðunni að hafa þetta í miðbænum. Það ætti frekar að taka á því að 18 ára krakkar fara inn á skemmtistaði. Svo fannst mér líka sjokkerandi að ólögráða stelpa var í för með þrítugum karlmanni að smygla kókaíni innbyrðis.“*

Benedikt Freyr Jónsson, tónlistarmaður í Forgotten Lores.

## HIN HLIÐIN VALGEIR SIGURÐSSON TÓNLISTARMAÐUR

# Suðurlandsskjálftinn mestu vonbrigðin




**Hvað er að frétta?** Ég var að fá í hendurnar nýju plötuna með hljómsveitinni minni, Jan Mayen. Hún á að koma út 14. ágúst, er það ekki bara núna á þriðjudaginn?
**Augnlitur:** Blár.
**Starf:** Poppari sem vinnur í hádeginu á Vitabar.
**Fjölskylduhagir:** Þrjár systur, tveir foreldrar og ein amma.
**Hvaðan ertu?** Ég er Reykvíkingur en á rætur að rekja til Vesturlands og Vestfjarða.
**Ertu hjátrúarfullur?** Nei.
**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:** Cosmos eftir Carl Sagan. Það eru ákaflega heillandi þættir um alheiminn.
**Uppáhaldsmatur:** Allt sem pabbi grillar, hann er meistari kolagrillsins.
**Fallegasti staðurinn:** Flatey á Breiðafirði.
**iPod eða geislaspilari:** Geislaspilari, ég týndi iPod-inum mínum um daginn.
**Hvað er skemmtilegast?** Að spila og syngja, gleðjast og slá á létta strengi í góðra vina hópi.
**Hvað er leiðinlegast?** Að missa af strætó og bölva leiðakerfinu með öllum sínum göllum.
**Helsti veikleiki:** Áfengi og fjárhættuspil.
**Helsti kostur:** Ég er rosalega gáfaður.
**Helsta afrek:** Nýja platan með Jan Mayen sem heitir „So much better than your normal life“ og fæst vonandi í öllum plötuverslunum landsins.
**Mestu vonbrigðin:** Suðurlandsskjálftinn. Það var búið að byggja upp hjá manni spennu í áraraðir og svo fann ég ekki einu sinni fyrir honum.
**Hver er draumurinn?** Að upplifa tvenn aldamót og fara til tunglsins.
**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Frímann Gunnarsson í Sigtinu.
**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Fólk með tyggjó og börn í auglýsingum.
**Hvað er mikilvægast?** Að afla sér þekkingar og nýta hana.

Að funda með
10 manns
í Túnis og
þremur í Osló
en vera sjálf
í Reykjavík
Fundarsíminn 755 7755
Það er Síminn

Útsala
Opið í dag 13-16
Verðdæmi:
Vandaðir hvíldarstólar m/leðri aðeins kr.59.000.-
- með slitsterku áklæði aðeins kr. 39.000.-
www.valhusgogn.is
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar - Þetta verður þú að prófa!
Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

Öflugur aðdáandi
sem fylgir þér
í útrásinni
Fyrirtækjaþjónusta
Það er Síminn

## GARÐAR THOR OG TINNA LIND: GIFTU SIG Á LAUGARDAGINN

# Fjölskylduveisla í Fríkirkjunni

Stórtenórinn Garðar Thor Cortes, sem þrívegis hefur verið kjörinn kynþokkafyllsti karlmaður landsins, er nú giftur maður. Hann gekk að eiga unnustu sína, leikkonuna Tinnu Lind Gunnarsdóttur, á laugardaginn í Fríkirkjunni. Athöfnin þótti látlaus og falleg en það var aðventistapresturinn sr. Björgvin Snorrason sem gaf hjónakornin saman. „Þau voru nú ekkert að halda þessu leyndu en þau eru bara eins og þau eru, líða bara um saman og gera það sem þarf að gera,“ segir stoltur faðir brúðgumans, Garðar Cortes. Að athöfninni lokinni var síðan haldið út í Viðey þar sem mikilli veislu var slegið upp.

Tónlistin var að sjálfsögðu veigamikill þáttur í athöfninni en skólasystir Tinnu, Sara Guðmundsdóttir, söng tvö lög fyrir parið og síðan mætti Jón Kristinn Cortes, frændi Garðars, með Karlakórinn Þresti úr Hafnarfirði. Systir Garðars Thors, Nanna María, söng svo eitt lag með þeim við góðar undirtektir viðstaddra. „Reyndar stóð til að önnur söngkona yrði með þeim en hún forfallaðist og því hljóp Nanna bara skarðið,“ segir Garðar.

Parið beið síðan ekki boðanna heldur skellti sér í brúðkaupsferð til Bandaríkjanna þar sem það ætlar að dveljast þar til Garðar Thor snýr aftur á svið og hann syngur meðal annars á afmælistónleikum Kaupþings á Laugardalsvelli 17. ágúst.

Garðar og Tinna Lind hafa verið saman í ein sex ár en í viðtali við Sirkus fyrr í sumar sagði Tinna að þau hefðu fyrst kynnst á rölti í miðbæ Reykjavíkur. Tinna bar þá trúlofunarhring en vildi ekki gefa upp hvort þau hygðust láta pússa sig saman. Nú hefur sá draumur hins vegar orðið að veruleika. Tinna lýsti því einnig yfir að hún hygðist flytjast út til Bretlands í júní til að geta verið nær eiginmanni sínum þegar allt fer á flug á nýjan leik í haust.

freyrgigja@frettabladid.is



**TINNA LIND** Skólasystir hennar, Sara Guðmundsdóttir, söng þrjú lög fyrir brúðhjónin.



**GARÐAR THOR** Er í langþráðu sumarfríi með eiginkonu sinni en þau eru á flakki um Bandaríkin.



**STOLTUR FAÐIR** Athöfnin var bæði látlaus og falleg en veislan fór fram í Viðey.

# Brúðguminn er engin smámynd

„Þetta hefur gengið glimrandi vel. Við erum búin að vera í tökum í hálfan mánuð og ætli við verðum ekki hérna út ágúst,“ segir kvikmyndaleikstjórinn Baltasar Kormákur en eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu er hann staddur úti í Flatey þar sem verið er að taka upp kvikmyndina Brúðgumann.

Fyrstu fréttir í fjölmiðlum bentu til þess að Brúðguminn væri hálfgert „gæluverkefni“ Baltasars, frekar lítil og nett mynd á mælikvarða leikstjórans, en Baltasar getur þó ekki tekið undir það. Þannig sé heildarkostnaðurinn við gerð myndarinnar sá sami og var við Mýrina eða 160 milljónir íslenskra króna. „Vissulega hefur Brúðguminn aðeins undið upp á sig en þegar við förum að kafa betur ofan í handritið sáum við að það var annaðhvort að gera þetta af fullum krafti eða sleppa þessu bara,“ segir Baltasar, sem skrifar handritið að myndinni ásamt Ólafi Agli Egilssyni.

Eins og Fréttablaðið greindi frá hefur Kvikmyndamiðstöð Íslands nú úthlutað styrkjum til íslenskra kvikmynda og þar fékk Brúðguminn 63 milljónir. Athygli vakti hversu háar fjárhæðirnar voru en kvikmyndin Brim í leikstjórn Árna Ólafs Ásgeirssonar fékk til að mynda sextíu milljónir og Hátíð í bæ eftir Hilmar Oddsson 50 milljónir. Til glöggvunar má nefna að Mýrin fékk 45 milljónir úr sjóðnum á sínum tíma. Baltasar segir eðlilega ástæðu fyrir þessu. „Styrkirnir hafa hækkað enda hefur það verið yfirlýst stefna sjóðsins að vera með fjórtíu prósent fjármagns af heildarkostnaði myndanna,“ útskýrir leikstjórinn.

- fgg



**FLATEY KVIKMYNDUÐ** Kvikmyndatökuliðið verður saman fram í lok ágúst og hugsanlega lengur.



**BALTASAR** Styrkir úr sjóðnum hafa hækkað þannig að leikstjórar þurfa ekki að reiða sig um of á erlent fjármagn.

# MAX RAFTÆKI



**84.989 kr.**

Fullt verð ~~99.889~~

3ja ára KASKÓ

**Acer Aspire 5633WLMi-1G80**
- 1.67Ghz Intel Core 2 Duo T5500 örgjörvi
- 1GB vinnsluminni, 80GB harðdiskur
- DVD+/-RW skrifari, 15,4" CrystalBrite skjár (1280x800)
- Intel GMA950 128MB skjákort
- Þráðlaust a/b/g netkort
- Windows Vista Home Premium
- 3ja ára fartölvutrygging að verðmæti kr. 20.000 fylgir með frítt.

## 3ja ára KASKÓ

### ALTRYGGING FYLGIR FRÍTT MEÐ VÖLDUM FARTÖLVUM

Fartölvu Kaskótrygging frá VERÐI bætir tjón sem stafar af: skyndilegum og óvæntum óhöppum í notkun, flutningi eða geymslu, innri vélrænum bilunum svo og innbroti. Nánari upplýsingar um tryggingunna veita sölumenn hjá MAX og hjá VERÐI.

vörður

Tilboð gilda til 13. ágúst eða á meðan birgðir endast.

3ja ára KASKÓ

**Asus A7CC-7S020C**
- 1.67Ghz Intel Core 2 Duo T5500 örgjörvi
- 1GB vinnsluminni
- 120GB harðdiskur, DVD+/-RW skrifari
- 17" skjár (1440x900), ATI X1450 512MB skjákort
- Þráðlaust a/b/g netkort ásamt Bluetooth
- Innbyggð vefmyndavél
- Windows Vista Home Premium.
- Mús og taska fylgir
- 3ja ára fartölvutrygging að verðmæti kr. 20.000 fylgir með frítt.



**129.989 kr.**

Fullt verð ~~139.989~~

## Seljum yfir 30 gerðir af fartölvum

acer ASUS lenovo SONY hp FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

## Canon prentarar, skannar, fjölnotatæki og allt er tengist tölvum á ótrúlegu góðu verði!




**59.989 kr.**

Fullt verð ~~79.989~~

Leikirnir Motorstorm
+ Resistance / Fall of Man
+ Tveir þráðlausir stýripinnar fylgja PS3




DVD

Simpsons seríur 1-9
Verð á hverjum DVD diski í seríunni

**2.989 kr.**

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

Frábær tækjakaup

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200
Við erum beint á móti IKEA

MAX

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



DAGANA 8.–26. ÁGÚST
SPARIDAGAR
..og þú gerir frábær kaup!
ORMSSON
TÓLF VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT




**BAKÞANKAR**


JÓNS ARNAR MARINÓSSONAR


## *Billjónsdagbók 12.8.*

OMXI15 var 8.280,24, þegar ég setti upp nýju 55.000 króna hlaupaskóna með metangashælpúðum og títaniljafjöðrun, og Nasdaq var 2.547,33 þegar ég hafði hlaupið tíu kílómetra og fannst ég jafnnálægt hruni og friðuðu grásleppuhjallarnir við Ægisíðu. Ég staulaðist niður í fjöru og tók pásu á bak við stein. Púlsinn var 178. Ég hef ekki verið nógu duglegur í ræktinni. Það er vika í maraþonið. Ég verð að fá meiri stamínu. Liðið í Þeirrabanka fær ekki að njóta þeirrar ánægju á laugardaginn að sjá stjórnarformann Sjálfsmínbanka síga niður eftir nokkra kílómetra á metangasskóm með títaniljafjöðrun.

**ÉG** þorði ekki að hlaupa meira. Ég tók það rólega á bak við steininn, náði púlsinum niður, hringdi í einkó og bað hann að koma á Róvernum. Ég dundaði mér við að horfa yfir á Bessastaði á meðan ég beið. Ég sá að Dorrit var komin út að hengja upp þvott.

**ÞAÐ** var fullt af fólki að æfa fyrir maraþonið á Ægisíðunni. Jafnvel Baddi í ÓP-fjárfestingum kom gjögtandi í skræpóttum sportgalla, maður sem verður andstuttur af því að taka upp flösku af Romanée Conti. En heilbrigður lífsstíll gengur fyrir öllu öðru. Baddi tölti þetta sisona með þjáningarsvip og handfrjálsan búnað. Það er svo mikil ókyrrð á markaðnum. Ég ætla að hlaupa með handfrjálsan í fyrramálið.

**ÞAÐ** hringdi í dag einhver kvenmaður frá borginni og spurði hvort ég væri ekki til í að hafa opið hús á Smáragötunni á menningarnótt og bjóða gestum og gangandi upp á vöfflur. Ég er ennþá með verk í bringspölunum eftir hláturskastið. Heldur fólk virkilega að maður, sem er áberandi í tekjublöðum Frjálsrar verslunar og Mannlífs, fari að standa persónulega yfir vöfflujárni og hleypa inn á sig alls konar organískt trúuðu menningarpestóliði sem er með það á heilanum að það þurfi að „glæða mannlíf í miðbænum“. Ég veit ekki hvað er að gerast í Reykjavík. Þegar ég var strákur átti ég bók um „pönnukökukónginn“. Núna á maður heima í bæ þar sem er „vöffluborgarstjóri“. Hjallastefnan grefur svona um sig.

**ANNARS** er skrýtið að þessum tekjublöðum ber ekki saman um hvað ég hafði í tekjur í fyrra. Það munar 25 árslaunum kennara á mánuði. Bæði blöðin segjast með rétta tölu. Ég kann ekki að reikna út hvað ég var með í tekjur. Vildi bara að endurskoðandinn gæfi örugglega meira upp á mig á framtalinu en við héldum að stjórnarformaðurinn í Þeirrabanka vildi láta gefa upp á sig. Svona misræmi er óþolandi. Ég læt Sjálfsmínbanka neita blaðinu með lægri töluna um lengri greiðslufrest.


vísir.is
Fyrstur með fréttirnar



www.icelandexpress.is

# Hvað verður á skjánum þínum í vetur?




**Ferðamöguleikarnir í vetur eru endalausir!**

» Iceland Express hefur aldrei boðið upp á flug til jafnmargra áfangastaða yfir vetrarmánuðina og nú. Skíði, sólarstrendur, menning, iðandi mannlíf, veitingahús, endalausar verslunargötur, listviðburðir á heimsmælikvarða, jólastemning, hauststemning, pöbbarölt, næturklúbbar – þér stendur allt þetta og svo miklu meira til boða og Iceland Express færir þig í fjörið!

**Bókaðu ódýrt flug í vetur á www.icelandexpress.is!**

» VERÐ FRÁ: **7.995 kr.**
Aðra leið með sköttum.

» BÖRN: **50%**
Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og gjöld.

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600
www.icelandexpress.is

Iceland Express

Fiton/SÍA FI118659